

MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL EVRÓPU 2012

Dómareifanir

2. hefti 2012 (júlí–desember)

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

Ritstjóri: Björg Thorarensen
Ritnefnd: Arnar Þór Stefánsson
Hrafn Bragason

Mannréttindadómstóll Evrópu
Dómareifanir
2. hefti 2012 (júlí – desember)

© Mannréttindastofnun Háskóla Íslands
ISSN 1670-6145
Ljósmynd á kápu er fengin frá Evrópuráðinu



Prentun: Oddi umhverfisvottuð prentsmiðja

Útgáfan er styrkt af innanríkisráðuneytinu

Frá ritstjóra

Í þessu hefti gefur að líta reifanir dóma með fjölbreyttum álitafnum og stefnumarkandi túlkun Mannréttindadómstóls Evrópu frá seinni hluta ársins 2012. Auk þess eru birtar í heild sinni þrjár úrlausnir í kærumálum gegn íslenska ríkinu, tveir dómar og ein frávísunarákvörðun. Í tveimur dómum í málum Bjarkar Eiðsdóttur og Erlu Hlynisdóttur gegn íslenska ríkinu sem gengu 10. júlí 2012 varð niðurstaðan að brotið hefði verið gegn tjáningarfrelsi kæranda samkvæmt 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Atvik voru áþekkt í báðum málum, kærendur voru blaðamenn sem íslenskir dómstólar höfðu dæmt til að greiða miskabætur og kostnað vegna birtingar á ummælum í vikublaði og dagblaði sem voru höfð eftir viðmælendum þeirra. Voru niðurstöðurnar byggðar á ábyrgðarreglum þágildandi laga um prentrétt nr. 57/1956. Samkvæmt þeim bar höfundur blaðagreinar refsí- og fébótaábyrgð á efni hennar væri hann nafngreindur, án tillits til þess hvort ummæli væru orðrétt höfð eftir öðrum.

Dómar Mannréttindadómstólsins eru ítarlega rökstuddir, einkum með tilliti til hlutverks fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi og réttinda og skyldna blaðamanna við miðlun fréttu. Dómstóllinn leit sérstaklega til þess að umdeildar staðhæfingar um einstaklinga sem urðu tilefni málshöfðunar byggðust á frásögnum viðmælenda blaðamannanna. Blaðagreinarnar þar sem ummælin birtust hefðu snert málefni sem ættu erindi til almennings og viðurlög fyrir að hafa milligöngu um að miðla staðhæfingum annarra í viðtali myndu torvelda með alvarlegum hætti framlag fjölmiðla til umræðu um slík efni. Þá var í báðum tilvikum lagt mat á háttsemi blaðamannanna og talið sýnt fram á að þeir hefðu verið í góðri trú, í samræmi við þá kostgæfni sem ætlast mætti til af ábyrgum fréttamanni sem flytji fréttir af málefnum sem eiga erindi til almennings.

Þegar dómar Mannréttindadómstólsins gengu síðasta sumar voru liðin tuttugu ár frá því að íslenska ríkið hlaut sinn fyrsta áfellisdóm hjá Mannréttindadómstól Evrópu í máli Þorgeirs Þorgeirsonar sem einnig fjallaði um brot á 10. gr. sáttmálans. Þorgeir hafði verið dæmdur til refsingar vegna blaðaskrifa þar sem hann gagnrýndi lögregluna í Reykjavík harkalega fyrir ofbeldi í störfum. Miklar breytingar hafa orðið á vernd tjáningarfrelsis á tveimur áratugum, tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar hefur verið breytt og áhrif Mannréttindasáttmálans aukist verulega á íslenska löggjöf og dómaframkvæmd. Þá hafa prentlögin verið felld úr gildi með nýjum fjölmiðlalögum og hin umdeilda ábyrgðarregla í málum Bjarkar Eiðsdóttur og Erlu Hlynisdóttur er ekki lengur í íslenskum lögum. Engu að síður er ljóst að vandmeðfarið er að leysa úr kröfum um ábyrgð blaðamanna í meiðyrðamálum.

Í dómum Mannréttindadómstólsins í málum Bjarkar Eiðsdóttur og Erlu Hlynisdóttur eru íslenskum dómstólum send skýr skilaboð um atriði sem beri að leggja til grundvallar við mat á því hvort blaðamenn verði dregnir til ábyrgðar vegna starfa sinna. Dómstóllinn gagnrýndi að ekki hefði litið til nokkurra lykil-

atriða við mat á takmörkunum á tjáningarfrelsi, svo sem eðlis málefnsins sem var til umfjöllunar og hlutverks blaðamanna við miðlun fréttar. Rökstuðningur íslenskra dómstóla nægði því ekki til að sýna fram á að takmarkanirnar hafi verið nauðsynlegar í lýðræðislegu samfélagi og réði það úrslitum um að brotið var gegn 10. gr. sáttmálans.

Ákvörðun Mannréttindadómstólsins frá 18. september 2012 um frávísun á kæru Ásatrúarfélagsins gegn íslenska ríkinu er einnig athyglisverð. Kvartað var undan brotum á trúfrelsi samkvæmt 9. gr. sáttmálans, banni við mismunun samkvæmt 14. gr. og eignarrétti samkvæmt 1. gr. 1. viðauka með því að íslensku þjóðkirkjunni væru tryggð hlutfallslega hærri fjárframlög frá ríkinu en Ásatrúarfélagið fengi, auk þess sem tilteknum hluta af tekjuskatti félagsmanna þess væri ráðstafað til þjóðkirkjunnar. Mannréttindadómstóllinn taldi ekki sýnt fram á að hærri fjárframlög til íslensku þjóðkirkjunnar hindruðu eða takmörkuðu réttindi Ásatrúarfélagsins eða meðlima þess til að iðka trú sína. Þá sá dómstóllinn ekki ástæðu til að vefengja það mat íslenskra dómstóla að ekki væri unnt að bera verkefni Ásatrúarfélagsins saman við þær lögbundnu samfélagslegu skyldur sem hvíldu á þjóðkirkjunni. Að því marki sem um mismunandi meðferð trúfélaga væri að ræða hefði hún lögmætan tilgang og byggðist á málefnalegum og eðlilegum forsendum. Var kæran því talin augljóslega illa grunduð og vísaði dómurinn henni frá.

Í málinu reyndi á nokkur mikilvæg álitamál um hvort þjóðkirkjuskipulagið sem slíkt fer í bága við trúfrelsi og jafnræði trúfélaga, sem iðulega hefur komið til umræðu hér á landi. Ákvörðun Mannréttindadómstóllinn svarar mikilvægum spurningum um efnið og leysir um leið úr óvissu um hvort stjórnskipuleg vernd og sérstakur stuðningur ríkisins við þjóðkirkjuna stenst mannréttindareglur sem Ísland er skuldbundið af.

Óvenjulegt er að svo margar úrlausnir í málum gegn íslenska ríkinu gangi á jafn stuttu tímabili. Þetta er þó ekki vísbending um fjölgun kærumála gegn Íslandi, því fjöldi þeirra er áþekkur á milli ára. Á árinu 2012 bárust Mannréttindadómstólnum 10 kærur gegn íslenska ríkinu, jafnmargar og árið 2011 og 2010 voru þær 15. Um 65 þúsund kærumál bárust dómstólnum á árinu 2012 og 128 þúsund mál bíða nú afgreiðslu þar. Dómstóllinn kvað upp um 1.100 dóma á árinu, en sem fyrr er langstærstum hluta mála vísað frá dómi.

Reifanirnar í þessu hefti unnu Aron Freyr Jóhannsson, Ágústa Flosadóttir, Halldór Hrannar Halldórsson laganemar og Gunnar Páll Baldvinsson lögfræðingur en umsjón með heftinu hafði Hrafn Bragason. Þá hafa þær breytingar orðið á ritstjórn að Arnar Þór Stefánsson hrl. hefur látið af störfum en Ásgerður Ragnarsdóttir hdl. hefur tekið þar sæti í hans stað. Eru Arnari Þór þökkud góð störf og samvinna undanfarin fimm ár og Ásgerður boðin velkomin til starfa.

Björg Thorarensen

Efnisyfirlit

2. hefti 2012 (júlí–desember)

2. gr. Réttur til lífs	8
Van Colle gegn Bretlandi. Dómur frá 13. nóvember 2012	
<i>Þolandi brots. Hótanir gegn vitnum. Jákvæðar skyldur.</i>	8
3. gr. Bann við pyndingum	10
Dordevic gegn Króatíu. Dómur frá 24. júlí 2012	
<i>Áreiti. Skortur á réttarúrræðum. Jákvæðar skyldur.</i>	10
El-Masri gegn fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu. Dómur frá 13. desember 2012	
<i>Grunur um hryðjuverkastarfsemi. Ólöglegur fangaflutningur. Pyndingar. Réttur til að vera leiddur fyrir dómara. Aðgerðir erlends ríkis á yfirráðasvæði aðildarríkis.</i>	12
4. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu	15
C.N. og V. gegn Frakklandi. Dómur frá 11. október 2012	
<i>Útlendingar. Nauðungarvinna. Þrælkun. Jákvæðar skyldur.</i>	15
5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi	18
Nada gegn Sviss. Dómur frá 12. september 2012 (sjá reifun undir 13. gr.)	
L.B. gegn Belgíu. Dómur frá 2. október 2012	
<i>Vistun geðsjúkra afbrotamanna. Viðeigandi stofnun. Tilgangur frelsis-sviptingar.</i>	18
El-Masri gegn fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu.	
Dómur frá 13. desember 2012 (sjá reifun undir 3. gr.)	
8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu	20
Koch gegn Þýskalandi. Dómur frá 19. júlí 2012	
<i>Réttur til að deyja með reisn. Aðild. Lögvarðir hagsmunir.</i>	20
Dordevic gegn Króatíu. Dómur frá 24. júlí 2012 (sjá reifun undir 3. gr.)	
Costa og Pavan gegn Ítalíu. Dómur frá 28. ágúst 2012	
<i>Bann við vali á fósturvísun. Heilsufarsástæður. Meðalhóf.</i>	21
Nada gegn Sviss. Dómur frá 12. september 2012 (sjá reifun undir 13. gr.)	
M.M. gegn Bretlandi. Dómur frá 13. nóvember 2012	
<i>Upplýsingar í sakaskrá. Tæming réttarúrræða. Lagaheimild fyrir takmörkun.</i>	23
Telegraaf Media Nederland Landelijke Media B.v. o.fl. gegn Hollandi (sjá reifun undir 10. gr.)	

Michaud gegn Frakklandi. Dómur frá 6. desember 2012 <i>Lögmenn. Trúnaðarskylda. Tilkynningarskylda um peningaþvætti. ESB-löggjöf.</i>	25
El-Masri gegn fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu. Dómur frá 13. desember 2012 (sjá reifun undir 3. gr.)	
9. gr. Hugsana-, samvisku og trúfrelsi	27
Ásatrúarfélagið gegn Íslandi Ákvörðun frá 18. september 2012 <i>Réttindi og skyldur trúfélaga. Lögboðin fjárframlög til þjóðkirkju. Skattlagning.</i>	27
10. gr. Tjáningarfrelsi	36
Björk Eidsdóttir gegn Íslandi. Dómur frá 10. júlí 2012 <i>Blaðamenn. Ærumeiðingar. Ábyrgð á ummælum viðmælanda. Nauðsyn takmörkunar.</i>	36
Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi. Dómur frá 10. júlí 2012 <i>Blaðamenn. Ærumeiðingar. Ábyrgð á ummælum viðmælanda. Nauðsyn takmörkunar.</i>	59
Mouvement raëlien suisse gegn Sviss. Dómur frá 13. júlí 2012 <i>Félagasamtök. Tilgangur félags. Auglýsingar. Svigrúm til mats.</i>	77
Peta Deutschland gegn Þýskalandi. Dómur frá 8. nóvember 2012 <i>Auglýsingar. Lögbann. Réttindi annarra. Helförin. Jákvæðar skyldur.</i> ...	79
Telegraaf Media Nederland Landelijke Media B.v. o.fl. gegn Hollandi. Dómur frá 22. nóvember 2012 <i>Fjölmiðlar. Blaðamenn. Heimildarmenn. Rannsóknaraðgerðir. Skylda til að afhenda gögn. Öryggi ríkisins.</i>	80
13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns	82
Dordevic gegn Króatíu. Dómur frá 24. júlí 2012 (sjá reifun undir 3. gr.) Nada gegn Sviss. Dómur frá 12. september 2012 <i>Grunur um hryðjuverkastarfsemi. Ályktun öryggisráðs SP. Skerðing á ferðafrelsi.</i>	85
El-Masri gegn fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu. Dómur frá 13. desember 2012 (sjá reifun undir 3. gr.)	
14. gr. Bann við mismunun	86
Ásatrúarfélagið gegn Íslandi Ákvörðun frá 18. september 2012 (sjá reifun undir 9. gr.)	
1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar	86
Ásatrúarfélagið gegn Íslandi Ákvörðun frá 18. september 2012 (sjá reifun undir 9. gr.)	

2. gr. 4. viðauka. Ferðafrelsi	86
Stamose gegn Búlgaríu. Dómur frá 27. nóvember 2012	
<i>Ferðabann. Viðurlög við broti á löggjöf annars ríkis. Meðalhóf.</i>	

2. gr. Réttur til lífs

Van Colle gegn Bretlandi

Dómur frá 13. nóvember 2012

Mál nr. 7678/09

2. gr. Réttur til lífs

Þolandi brots. Hótanir gegn vitnum. Jákvæðar skyldur.

1. Málsatvik

Kærendur, hjónin Van Colle, eru breskir ríkisborgarar, fædd 1945 og 1946. Þau búa í Middlesex á Bretlandi. Kærana má rekja til rannsóknar á morði á syni þeirra, Giles Van Colle. Sonur kæranda starfaði sem sjóntækjafræðingur og var myrtur árið 2000 af fyrrum starfsmanni sínum. Sá maður hafði starfað um skamma hríð hjá syni kæranda og hafði sótt um vinnuna undir dulnefni til að leyndu því að hann hafði hlotið dóm fyrir óspektir og líkamsárás. Eftir að starfsmaðurinn hætti skyndilega að mæta til starfa kom í ljós að hann hafði stolið ýmiss konar búnaði frá syni kæranda.

Syni kæranda bárust líflátshótanir sem hann taldi að væru komnar frá fyrrum starfsmanni sínum og kærði hann hótanirnar. Starfsmaðurinn hótaði vitnum í málinu og bauð þeim fé fyrir að neita að bera vitni. Eitt þeirra tilkynnti um það til lögreglu. Í kjölfarið kviknaði í bíl eiginkonu vitnisins og fyrirtæki þess. Vitnið lét lögregluna vita enda óttaðist það að fyrrgreindur starfsmaður hefði verið þar að verki. Lögreglan taldi það ólíklegt. Þegar morðið á syni kæranda var til rannsóknar kom í ljós að eldsupptök mátti rekja til íkveikju. Þá var einnig kveikt í bíl sonar kæranda en hann tengdi þann atburð ekki við fyrrum starfsmann sinn og lét lögregluna því ekki vita.

Lögreglan hóf rannsókn gagnvart fyrrgreindum starfsmanni vegna gruns um að hann ógnaði vitnum í máli ákærvaldsins gegn sér og hafði ákveðið að handtaka hann, en áður en til þess kom myrti hann son kæranda. Rannsóknarnefnd lögreglunnar taldi að lögreglufulltrúinn, sem fór með rannsókn málsins, og hafði verið í sambandi við son kæranda og önnur vitni málsins, hefði ekki rækt störf sín sem skyldi. Hann hefði ekki rannsakað þær tilkynningar sem honum bárust nægjanlega, ekki greint upplýsingar rétt eða brugðist réttilega við með því að kanna þann möguleika að handtaka hinn grunaða. Lögreglufulltrúinn hefði verið í góðri aðstöðu til að greina stigvaxandi ógnanir mannsins í garð vitna. Vegna þessa var lögreglufulltrúinn látinn sæta agaviðurlögum.

Kærendur höfðuðu mál gegn lögreglunni fyrir breskum dómstólum og kröfðust skaðabóta vegna þess að lögreglan hefði ekki verndað líf sonar þeirra gegn alvarlegri og aðsteðjandi hættu. Ekki var fallist á kröfu kæranda.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur héldu því fram að brotið hefði verið gegn 2. og 8. gr. sáttmálans þar sem lögreglan hefði ekki verndað líf sonar þeirra gegn alvarlegri og aðsteðjandi hættu.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að þótt því væri ekki haldið fram að ríkið hefði vanrækt að vernda líf kæranda sjálfra, kæmi það ekki í veg fyrir að þau gætu talist þolendur brots gegn 2. gr. sáttmálans. Bent var á að náin skyldmenni þeirra, sem ríkisvaldið vanrækti að vernda, gætu jafnframt talist brotþolar.

Um efnishlið málsins rakti dómstóllinn að aðildarríkjum sáttmálans bæri ekki einungis skylda til að láta það vera að svipta borgara sína lífi, heldur bæri þeim einnig að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja líf þeirra. Í tilvikum þar sem lífi eins borgara stæði ógn af glæpsamlegri hegðun annars kynni að vera skylt að grípa til ákveðinna aðgerða. Aftur á móti bæri að afmarka inntak slíkrar skyldu með hliðsjón af möguleikum á að halda uppi löggæslu í nútíma-samfélögum, mannleg hegðun væri ófyrirsjáanleg og að ákvarðanir aðildarríkjanna væru teknar með hliðsjón af forgangsörðun og því hversu miklu aðildarríkin gætu kostað til aðgerða sinna. Til þess að fallist yrði á að brotið hefði verið gegn jákvæðri skyldu, sem leiddi af 2. gr. sáttmálans, yrði að liggja fyrir að yfirvöld hefðu vitað eða hefðu átt að vita, þegar atvik áttu sér stað, að af tilteknum einstaklingi stafaði raunveruleg aðkallandi hætta vegna glæpsamlegrar hegðunar annars manns. Einnig að þau viðkomandi yfirvöld hefðu ekki gripið til aðgerða sem þeim hefði verið mögulegt að grípa til og ætla mætti að hefðu getað afstýrt hættunni.

Dómstóllinn féllst ekki á það með kærendum að taka bæri sérstakt tillit til þess að yfirvöld hefðu mögulega sjálf stofnað lífi borgaranna í hættu, t.d. með því að kalla þá til vitnis í sakamálum.

Varðandi það álitamál hvort yfirvöld hefðu vitað eða mátt vita að raunveruleg hætta steðjaði að lífi sonar kæranda fjallaði dómstóllinn um atvik málsins fram til þess að hann var myrtur. Dómstóllinn benti á að banamaður sonar kæranda hafði áður hvorki verið sakaður né dæmdur fyrir mjög alvarlega glæpi. Sonur kæranda hefði ekki verið sá eini sem átti að bera vitni í málinu. Ekkert hefði bent til þess að banamaður hans væri líklegur til að fremja alvarlega ofbeldisglæpi. Þá væri algengt að reynt væri að þrýsta á vitni í sakamálum en sjaldgæft að slíkt leiddi til ofbeldisbrota. Dómstóllinn tók fram að þótt sonur kæranda hefði verið vitni í sakamáli hefði það eitt og sér ekki gefið tilefni fyrir löggæsluyfirvöld til að óttast um velferð hans.

Dómstóllinn var ekki sammála kærendum um að atburðarásin fram að dauða sonar þeirra hefði ótvírætt átt að gefa yfirvöldum tilefni til að ætla að líf hans væri í hættu. Enda þótt ákveðin atvik hefðu mátt gefa tilefni til frekari rannsóknar væri síður en svo ljóst að sú eftirgrennslan hefði leitt í ljós að sonur kæranda hefði verið í alvarlegri hættu. Jafnvel þótt rannsóknarnefnd lögregl-

2. gr. Réttur til lífs

unnar hefði talið að lögreglufulltrúi hennar hefði vanrækt skyldur sínar virtist sem nefndin hefði beitt strangari viðmiðum, við mat á því hvort fulltrúinn hefði vanrækt starfsskyldur sínar, en dómstóllinn hefði fram til þessa gert við mat á því hvort skyldur aðildarríkjanna á grundvelli 2. gr. sáttmálans hefðu verið brotnar.

Komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að þótt löggæsluyfirvöld hefðu mátt vita að morðingi kæranda beitti vitni í máli ákærvaldsins gegn sér auknum þrýstingi, yrði ekki sagt að á tilteknum tímapunkti hefðu þau átt eða mátt vita að sonur kæranda væri í raunverulegri aðsteðjandi hættu á að vera myrtur. Var því talið að ekki hefði verið brotið gegn 2. gr. sáttmálans. Dómstóllinn taldi af sömu ástæðu að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

3. gr. Bann við pyndingum

Dordevic gegn Króatíu

Dómur frá 24. júlí 2012

Mál nr. 41526/10

3. gr. Bann við ómannúðlegri og vanvirðandi meðferð

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

14. gr. Bann við mismunun

Áreiti. Skortur á réttarúrræðum. Jákvæðar skyldur.

1. Málsatvik

Kærendur eru meðginin Dalibor Dordevic og Radmilla Dordevic, króatískir ríkisborgarar, fædd 1977 og 1956 og búsett í Zagreb.

Dalibor hefur ekki fjárræði sökum andlegrar og líkamlegrar fötlunar. Móðir hans sér um að mata hann, klæða og þrifa. Hún aðstoðar hann einnig við að komast leiðar sinnar þar sem fætur hans eru afmyndaðir.

Kærendur kvörtuðu yfir því að þau hefðu mátt þola stöðugt áreiti frá því í júlí 2008 til febrúar 2011 frá nemendum nærliggjandi grunnskóla og að yfirvöld hefðu ekki veitt þeim næga vernd. Má þar helst nefna hringingar dyrabjöllu á öllum tímum sólarhrings, hrækt hafi verið á Dalibor, hendur hans brenndar með sigarettum, honum hrint og hann sleginn, svalir þeirra eyðilagðar og fúkyrði hrópuð að þeim. Fullyrða kærendur að áreitnina megi rekja til fötlunar Dalibors og serbnesks uppruna þeirra.

Kærendur kvörtuðu ítrekað til yfirvalda, þar á meðal félagsmálayfirvalda og umboðsmanns króatíska þjóðþingsins. Einnig höfðu þau margoft samband við lögreglu vegna áreitisins, sem í hvert sinn kom ýmist of seint á vettvang eða það börnin um að láta af háttseminni án frekari eftirfylgni. Lögreglan yfirheyrði nokkur barnanna. Þótt þau hafi viðurkennt háttsemina, voru þau ósakhæf og því var ekki aðhafst frekar.

Í skýrslum lækna kemur fram að andlegar þjáningar Dalibors megi rekja

3. gr. Bann við pyndingum

beint til árása barnanna. Þar er enn fremur mælt með sálrænni meðferð og að honum verði komið í öruggt og rólegt umhverfi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur héldu því fram að vanræksla yfirvalda á að tryggja þeim næga vernd fyrir áreiti hafi brotið gegn réttindum þeirra samkvæmt 3. gr., 8. gr., 13. gr. og 14. gr.

Niðurstaða

Um 3. gr.: Dómstóllinn benti á að Dalibor hefði orðið fyrir stöðugu áreiti og fundið fyrir hjálparleysi og hræðslu um langa hríð. Eitt sinn hefði hann einnig þurft að þola líkamsmeiðingar. Þessi slæma meðferð væri nægileg til þess að 3. gr. ætti við um aðstæður.

Króatísk stjórnvöld hefðu ekki útskýrt nægjanlega hvaða stjórnvald bar ábyrgð á því að bregðast við áreitinu. Enn fremur höfðu þau ekki sýnt fram á að eitthvert þeirra úrræða, sem kærendum stóðu til boða, hefði getað stöðvað áreitið eða komið í veg fyrir frekara áreiti. Þar af leiðandi hefðu kærandur ekki þurft að leitast við að tæma réttarúrræði innan Króatíu og kæran var því meðferðarhæf.

Dómstóllinn benti á að meginregla sé að ofbeldisverknaðir sem falla undir 3. gr. þarfnið refsiréttarlegra úrræða gegn gerendum, en í þessu máli hafi það ekki verið hægt sökum ungs aldurs gerenda.

Fyrst var kvartað til lögreglu vegna áreitisins í júlí 2008. Síðar hafi einnig verið kvartað til félagsmálayfirvalda og umboðsmanns þjóðþingsins. Ljóst sé því að yfirvöld voru meðvituð um ástandið. Þótt lögreglan hafi yfirheyrt nokkur barnanna um áreitið, voru engar frekari ráðstafanir gerðar né frekari rannsókn. Lögreglan hafði einungis ritað skýrslur og ekkert aðhafst frekar, t.d. komið á einhvers konar eftirliti eða aðgerðum til að fyrirbyggja frekara áreiti. Dómstóllinn lýsti undrun sinni á áhugaleysi og úrræðaleysi félagsmálayfirvalda á málinu. Var því talið að um brot gegn 3. gr. væri að ræða gagnvart Dalibor.

Um 8. gr.: Dómstóllinn áréttaði að 8. gr. segði til um að ríkjum væri ekki einungis bannað að skaða einstaklinga heldur þyrfti einnig að bregðast við og grípa til aðgerða til að vernda einstaklinga fyrir brotum annarra. Þar sem fjölskyldulíf Radmilu hefði orðið fyrir áhrifum vegna vanrækslu yfirvalda á að bregðast rétt við máli sonar hennar og veita honum þá vernd, sem hann þyrfti, hefði verið brotið gegn réttindum Radmilu samkvæmt 8. gr.

Um 14. gr.: Jafnréttislöggjöf Króatíu veitir sértæk úrræði sé fólki mismunað á grundvelli heilsufarslegra aðstæðna eða á grundvelli uppruna. Mismunun er einnig bönnuð í stjórnarskrá Króatíu. Dómstóllinn taldi því ljóst að hér stóðu kærendum til boða raunhæf úrræði til að leita réttar síns fyrir innlendum dómstólum. Þar sem slíkt hafði ekki verið gert var þessum hluta kærunnar vísað frá.

3. gr. Bann við pyndingum

Um 13. gr.: Dómstóllinn áréttaði að kærndur hefðu engin úrræði haft til að kvarta yfir áreitinu og ofbeldinu. Þar af leiðandi var talið ljóst að raunhæft réttarúrræði skorti til að bregðast við brotum á 3. og 8. gr. og því um brot á 13. gr. sáttmálans að ræða.

Króatíska ríkinu var gert að greiða 11.500 evrur í miskabætur og 3.856 evrur í málskostnað.

El-Masri gegn fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu - Yfirdeild

Dómur frá 13. desember 2012

Mál nr. 39630/09

3. gr. Bann við pyndingum

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Grunur um hryðjuverkastarfsemi. Ólöglegur fangaflutningur. Pyndingar. Réttur til að vera leiddur fyrir dómara. Aðgerðir erlends ríkis á yfirráðasvæði aðildarríkis.

1. Málsatvik

Kærandi, Khaled El-Masri, er þýskur ríkisborgari af líbönskum uppruna, fæddur árið 1963 og búsettur í Ulm í Þýskalandi Hann var handtekinn við komu sína til Makedóníu 31. desember 2003. Lögreglan fór með hann á hótél í Skopje þar sem honum var haldið innilokuðum í 23 daga og hann yfirheyrður á ensku um meint tengsl við hryðjuverkasamtök, þrátt fyrir takmarkaða færni hans í tungumálinu. Beiðni hans um að fá að hafa samband við þýska sendiráðið var ítrekað synjað. Eitt sinn þegar hann lýsti því yfir að hann hygðist fara var hótað að skjóta hann.

Þann 23. janúar 2004 var kærandi færður í handjárnnum á flugvöll þar sem hann var beittur líkamlegu ofbeldi af grímuklæddum mönnum, hann var afklæddur og kynferðislega misnotaður með áhaldi, að því loknu var hann klæddur í bleyju og íþróttagalla. Því næst var hann hlekkjaður og poki settur yfir höfuð honum og öll skilningarvit hans voru trufluð. Í því ástandi var hann fluttur um borð í flugvél sem var umkringd makedónskum hermönnum. Er komið var um borð í flugvélinu var honum skellt í gólfið, hann hlekkjaður og deyður. Að sögn kæranda var meðferð sú er honum var gert að þola afar lík svokallaðri fangaáfallsaðferð er CIA er talin beita fanga sína.

Næst var flogið með kæranda til heitara lands. Af því dró hann þá ályktun að hann væri ekki í Þýskalandi eins og þó var reynt að sannfæra hann um. Seinna komst hann að þeirri niðurstöðu að hann væri í Afganistan. Þar var honum haldið í 4 mánuði í litlu, skítugu og dimmu steinsteyptu herbergi í múrsteinaverksmiðju nálægt Kabúl. Þar var hann yfirheyrður, barinn, sparkað í hann og honum hótað. Beiðni hans um að fá samband við fulltrúa þýska ríkisins var hunsuð. Tvisvar meðan á nauðungarvistinni stóð fór hann í

3. gr. Bann við pyndingum

hungurverkfall. Í fyrra sinnið var fæða neydd ofan í hann í gegnum rör. Hann var enn í síðara hungurverkfallinu er honum var skilað til Þýskalands í gegnum Albaníu 28. maí 2004. Hann hafði þá lést um 18 kíló. Við heimkomuna hafði hann strax samband við lögræðing og hófst handa um að leita réttar síns. Árið 2004 hófst opinber rannsókn á máli hans hjá þýskum yfirvöldum. Í janúar 2007 gaf saksóknari í München út handtökuskipun á hendur nokkrum fulltrúum bandarísku leyniþjónustunnar CIA fyrir þátt þeirra í meintum ólöglegum flutningi á kæranda.

Mál var höfðað fyrir dómstólum í Bandaríkjunum gegn fyrrum forstjóra bandarísku leyniþjónustunnar CIA og nokkrum tilteknum ónafngreindum fulltrúum. Því máli var vísað frá dómi sem síðar var staðfest af Hæstarétti Bandaríkjanna á þeim grundvelli að hagsmunir bandaríska ríkisins af leynd væru meiri en hagsmunir kæranda á að fá úrlausn sinna mála. Kæra var einnig lögð fram í Makedóníu gegn ónafngreindum lögreglumönnum en ríkissaksóknari þar í landi vísaði því máli frá í desember 2008.

Makedónsk stjórnvöld halda því fram að kærandi hafi verið stöðvaður og yfirheyrður við komu til landsins vegna gruns um að hann ferðaðist á fölskum skilríkjum. Honum hafi þó verið leyfð ferð um landið og haldið för sinni áfram til Kosovo.

Margar innlendar og alþjóðlegar rannsóknarnefndir hafa tekið til skoðunar ólöglega fangaflutninga (special rendition) í líkingu við atvik í máli kæranda og hafa nokkrar m.a. skoðað mál hans. Ber þar sérstaklega að nefna nefnd um lagaleg álitafni og mannréttindi á vegum Evrópuráðsins. Nefnd gaf út skýrslu og vísaði til þess að mál kæranda væri skýrt dæmi um slíka flutninga og taldi vörn makedónska ríkisins með öllu ótrúverðuga. Skýrsla nefndarinnar var aðallega byggð á margvíslegum gögnum sem staðfestu frásögn kæranda, þar á meðal flugskýrslur ferðar bandarískrar þotu um flugvelli í Skopje, Kabúl og Bagdad á tilgreindum dögum og atriði sem staðfestu að kærandi hefði dvalist í Afganistan.

Við meðferð málsins fyrir Mannréttindadómstólum gaf H.K., innanríkisráðherra Makedóníu á þeim tíma er kærandi var þar, skriflega yfirlýsingu um að kærandi hafi verið handtekinn og honum haldið á grundvelli gildrar alþjóðlegrar handtökuskipunar, gefinnar út af bandarískum stjórnvöldum. Honum hafi verið haldið í einangrun af makedónskum stjórnvöldum þar til bandaríska leyniþjónustan tók við honum og flutti hann á brott.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi byggði kæru sína á því að sú slæma meðferð, sem hann varð fyrir í Skopje og Afganistan, og skortur á rannsókn á þeirri meðferð bryti gegn réttindum hans samkvæmt 3. gr. sáttmálans. Hann byggði einnig á því handtaka hans og frelsissvipting án þess að vera leiddur fyrir dómara bryti gegn 5. gr. sáttmálans. Þá taldi hann meðferðina hafa brotið gegn réttindum

hans samkvæmt 8. gr. Að lokum var kærán reist á því að skortur á raunhæfum réttarúrræðum til að fá skorið úr um brotin fæli í sér brot á 13. gr. sáttmálans. Taldi hann að Makedónía bæri ábyrgð á allri meðferð þeirri er hann varð fyrir í kjölfar frelsissviptingarinnar.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að frásögn kæranda hafi verið ítarleg og staðföst frá upphafi málsins. Margvísleg gögn renndu auk þess stoð undir frásögn hans, þar með talin yfirlýsing fyrrum innanríkisráðherra Makedóníu. Sönnunarbyrðinni var því snúið við og tókst makedónska ríkinu ekki að rengja frásögn kæranda að neinu leyti. Taldi dómstóllinn því að tækt að leggja framburð kæranda til grundvallar sem málsatvik.

Um 3. gr.: Þótt kærandi hefði ekki verið beittur líkamlegu ofbeldi á hótelinu í Skopje var einangrun hans og óvissa um eigin örlög afar líkleg til að valda honum miklum sálrænum þjáningum. Var slíkri meðferð markvisst beitt í þeim tilgangi að fá hann til að gefa upplýsingar um meint tengsl við hryðjuverkasmök. Því til viðbótar var hótunin um að skjóta hann reyndi hann að yfirgefa hótelið raunveruleg og yfirvofandi. Að þessu leyti var því um brot á 3. gr. sáttmálans að ræða. Hvað varðaði meðferðina á flugvellinum af hendi bandarísku leyniþjónustunnar CIA, þegar kærandi var barinn, misnotaður kynferðislega, hlekkjaður og skilningarvit hans trufluð, meðan fulltrúar makedónska ríkisins fylgdust með og innan lögsögu þess, bæru makedónsk stjórnvöld ábyrgð á henni þrátt fyrir hún væru unnin af fulltrúa annars ríkis. Því var um pyndingar í skilningi 3. gr. að ræða. Makedónska ríkið gerðist einnig brotlegt við 3. gr. með því að framselja kæranda til bandarískra yfirvalda vitandi að hætta væri á ómannúðlegri meðferð í skilningi sáttmálans, sérstaklega í ljósi þess að skýrslur um yfirheyrsluáðferðir bandarísku leyniþjónustunnar höfðu verið birtar. Gerði makedónska ríkið heldur ekki reka að því að fá loforð um að kærandi myndi ekki sæta ómannúðlegri meðferð af hálfu bandaríska ríkisins. Var um ólögmeta fangaflutninga var ræða í tilviki kæranda.

Dómstóllinn benti á að kærandi hefði kært málið til ríkissaksóknara Makedóníu. Með kærinni hefðu fylgt ýmis gögn. Bar makedónska ríkinu því að framkvæma fullnægjandi rannsókn á málinu. Enginn reki var þó gerður að slíkri rannsókn, annar en sá að hafa samband við innanríkisráðuneytið, áður en málinu var vísað frá á grundvelli sönnunarskorts. Engin skýrsla hefði verið tekin af kæranda eða starfsfólki hótelsins þar sem honum var haldið. Einu gögnin sem var í raun aflað voru frá innanríkisráðuneytinu, en starfsfólk þess lá undir grun í málinu. Þessi rannsókn var engan veginn fullnægjandi að mati dómstólsins. Benti dómstóllinn á að málið væri ekki einungis mikilvægt fyrir kæranda heldur einnig önnur fórnarlömb slíkra brota og almannahagsmuni. Var því um brot á 3. gr. að ræða sökum skorts á fullnægjandi rannsókn á ásökunum kæranda.

Um 5. gr.: Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að réttur kæranda

3. gr. Bann við pyndingum

hefði verið brotinn af makedónska ríkinu allan þann tíma sem hann var sviptur frelsi. Enginn dómsúrskurður lá til grundvallar frelsissviptingunni eins og skilyrði væri samkvæmt landsrétti, engin skýrsla var heldur gerð um málið, frelsissviptingin fór fram utan hins almenna réttarvörslukerfis í landinu. Hann var sviptur öllum rétti til að láta reyna á lögmæti sviptingarinnar fyrir dómara, og var algerlega á valdi varðmanna sinna. Kærandi var svo afhentur til bandarískra stjórnvalda þar sem lá fyrir að hann myndi verða fyrir frekari frelsisskerðingu. Því til viðbótar var mál kæranda ekki rannsakað þegar hann kærði það. Með vísan til ofangreindra atvika komst dómstóllinn að því að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda samkvæmt 5. gr.

Um 8. gr.: Með tilvísun til ábyrgðar makedónska ríkisins á brotum á 3. og 5. gr. og vísun til gagna þeirra er fram komu í tengslum við þau brot taldi dómstóllinn að einnig hefði verið brotið á rétti kæranda til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu í skilningi 8. gr. sáttmálans.

Um 13. gr.: Engin rannsókn fór fram á kærum og ásökunum kæranda sem áður segir og skortur á slíkri rannsókn leiddi til þess að önnur réttarúrræði kæranda ónýttust, svo sem einkamál til greiðslu almennra skaðabóta. Var því að ræða um brot á rétti hans til raunhæfs úrræðis í skilningi 13. gr.

Í samræmi við 41. gr. sáttmálans dæmdi dómstóllinn makedónska ríkið til að greiða kæranda 60.000 evrur í miskabætur.

4. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu

C.N. og V. gegn Frakklandi

Dómur frá 11. október 2012

Mál nr. 67724/09

4. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu

Útlendingar. Nauðungarvinna. Þrælkun. Jákvæðar skyldur.

1. Málsatvik

Kærendur eru systurnar C.N. og V, franskir ríkisborgarar, fæddar árin 1978 og 1984 í Búrúndí. Þær yfirgáfu heimaland sitt í kjölfar borgarastyrjaldar árið 1993, en foreldrar þeirra létust í styrjöldinni. Þær komu til Frakklands á árunum 1994 og 1995 fyrir tilstilli frændfólks (hjónanna M), búrúndískra ríkisborgara sem bjuggu í Frakklandi.

Kærendum var komið fyrir í herbergi í kjallara í húsi frændfólksins og héldu því fram að þeim hefði verið gert skylt að sinna öllum húsverkum á heimilinu, án þess að fá greitt fyrir eða fá frídaga. C.N. hélt einnig fram að hún hefði átt að sjá um fatlaðan son hjónanna M allan sólarhringinn. Þá héldu kærendur fram að þær hefðu búið við óheilsusamlegar aðstæður, án aðgangs að hreinlætisaðstöðu, hefðu ekki fengið að taka þátt í máltíðum fjölskyldunnar og máttu þola líkamlegt og andlegt ofbeldi.

Þann 19. desember 1995 sendu barnaverndaryfirvöld tilkynningu um aðstæður stúlkanna til saksóknara í Nantes en eftir eftirgrennslan lögreglu var málið látið niður falla. V sótti nám í grunnskóla frá 1995 og síðar framhaldsskóla. Kærendur héldu því fram að þær hefðu sætt stöðugum árasum frænku sinnar, sem hótaði þeim reglulega að senda þær aftur til Búrúndi.

Þann 4. janúar 1999 vöktu baráttusamtök um réttindi barna athygli yfirvalda á slæmum aðstæðum kærenda og daginn eftir yfirgáfu þær heimili hjónanna M og komust undir verndarvæng samtakanna. Hjónin höfðu notið friðhelgi sem diplómatar, en maðurinn var fyrrverandi ráðherra frá Búrúndi og starfsmaður UNESCO. Í kjölfar rannsóknarinnar var friðhelgi þeirra aflétt, en V hélt því fram við yfirheyrslur að hún hefði ekki þorað að leita til lögreglu fyrr af ótta við mögulegar afleiðingar þess. Við rannsóknina kom fram að aðstæður C.N. og V hefðu farið versnandi frá árinu 1995. Í sálfræðirannsókn sem fór fram við rannsóknina kom einnig fram að aðstæður stúlkanna hefðu haft mikil sálfræðileg áhrif á þær báðar.

Þann 17. september 2007 voru hjónin sakfelld af dómstól fyrir fjölmörg brota gegn stúlkunum. Fyrir áfrýjunarrétti var dóminum breytt, en frændinn, M, var sakfelldur fyrir líkamsárás á V. Hann var dæmdur til greiðslu skaðabóta til V að upphæð 1.500 evrur. Þessum dómi var ekki áfrýjað af ákærvaldinu en áfrýjun hjónanna M var vísað frá.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi V taldi að hún hefði þurft að sæta ómannúðlegri meðferð í skilningi 3. gr. sáttmálans af hendi frænda síns, M. Kærendur töldu að þeim hefði verið haldið í þrældómi og þær þurft að vinna þrælkunarvinnu í skilningi 4. gr. Mannréttindasáttmálans. Þeim hefði einnig verið neitað um raunhæf úrræði til að leita réttar síns skv. 13. gr. sáttmálans þar sem engin rannsókn hefði farið fram vegna umkvartana þeirra.

Niðurstaða

Um 3. gr.: Dómstóllinn tók fram að þar sem frændinn M hefði verið dæmdur í landsrétti fyrir brot sín gegn V og greitt skaðabætur til samræmis við þann dóm, væri ekki grundvöllur til að taka kæru vegna brots gegn 3. gr. til greina.

Um 4. gr.: Dómstóllinn ítrekaði að ákvæði 4. gr. sáttmálans stæði vörð um grunngildi lýðræðislegs þjóðfélags. Fyrsta málsgrein greinarinnar gerði ekki ráð fyrir neinum undantekningum frá henni jafnvel á stríðstímum eða í neyðartilvikum, eins og tekið væri fram í 2. mgr. 15. gr. sáttmálans. Dómstóllinn tók enn fremur fram að „þvingunar- eða nauðungarvinna“ í skilningi 2. mgr. 4. gr. sáttmálans tæki til vinnu sem væri unnin vegna „ótta við hverskonar refsingu“ og gegn vilja þátttakandans. Nauðsynlegt væri að aðgreina þvingunarvinnu frá þeirri vinnu sem ætlast mætti til að væri unnin í þágu heimilis undir eðlilegum

4. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu

kringumstæðum. Þar ætti að líta til þess m.a. hvert eðli vinnunnar væri og um hversu mikla vinnu væri að ræða. Í tilviki C.N. hefði hún verið neydd til þess að vinna án þess að hafa boðist til þess sjálf. Þar að auki hefði hún þurft að vinna svo mikið að hjónin M hefðu þurft að leita utanaðkomandi aðstoðar ef hennar hefði ekki notið við. Dómstóllinn komst þó ekki að sömu niðurstöðu varðandi aðstöðu V, þar sem ekki lágu fyrir í málinu gögn sem bentu til þess að hún hefði þurft að inna af hendi óhæfilega mikla vinnu. Varðandi þann ótta við refsingu sem þyrfti að vera fyrir hendi, tók dómstóllinn fram að hjónin M hefðu reglulega hótað kærendum að senda þær aftur til síns heima, en í hugum þeirra var það talsverð ógn þegar litið væri til þeirra örlaga sem foreldrar þeirra hefðu hlotið þar. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að C.N. hefði þurft að leysa af hendi þvingunar- eða nauðungarvinnu í skilningi 2. mgr. 4. gr. sáttmálans. Dómstóllinn taldi hins vegar að sú vinna sem V innti af hendi félli ekki innan skilgreiningar 2. mgr. 4. gr. Þá hafi ekki verið sýnt fram á að sú slæma meðferð sem V hlaut hafi verið þess eðlis að hún fæli í sér sjálfstætt brot gegn 4. gr. Dómstóllinn velti því næst fyrir sér hvort ákvæði 1. mgr. 4. gr. um þrælkun gætu komið til skoðunar. Í hugtakinu þrælkun væri falið að einstaklingur væri neyddur með valdi til þess að leysa af hendi vinnu sem hann hefði engin ráð til að komast undan. Að þessu leyti væri þrælkun frábrugðin nauðungarvinnu. Í þessu máli hefðu kærendur ekki talið sig geta gert neitt til að breyta þeirri aðstöðu sem þær voru í, sérstaklega í tilviki C.N. Hún hefði staðið í þeirri trú að hún gæti ekki fundið vinnu án þess að afla sér menntunar og að grundvöllur fyrir dvöl hennar í landinu væri að vinna fyrir hjónin M. Þar sem þetta ástand hélst óbreytt í fjögur ár taldi dómstóllinn að C.N. hefði í raun verið haldið í þrælkun. Það sama væri þó ekki uppi varðandi V, þar sem hún hefði haft tækifæri til að sækja skóla, ekki verið eins einangruð og fengið tækifæri til að sinna heimanámi sínu.

Loks leit dómstóllinn til þeirrar jákvæðu skyldu sem 4. gr. sáttmálans legði á frönsk stjórnvöld. Hann tók fram að, líkt og í máli Siladin, hefðu ákvæði landslaga og túlkun þeirra ekki tryggt nægjanlega vernd kæranda í málinu og að ákvörðun saksóknara að áfrýja ekki máli þeirra hafi veitt þeim takmarkaða réttarvernd. Því hefði verið um brot gegn 4. gr. sáttmálans að ræða í tilviki C.N. þar sem yfirvöld hafi ekki staðið við þá skyldu að koma upp því lagalega regluverki sem væri nauðsynlegt til þess að koma á áhrifaríkan hátt í veg fyrir þrælkun og nauðungarvinnu.

Dómstóllinn dæmdi franska ríkið til að greiða C.N. 30.000 evrur í bætur.

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Nada gegn Sviss

Dómur frá 12. september 2012 – Yfirdeild

Mál nr. 10593/08

Sjá reifun dómsins undir 13. gr.

Hryðjuverkastarfsemi. Ályktun öryggisráðs SP. Skerðing á ferðafrelsi.

L.B. gegn Belgíu

Dómur frá 2. október 2012

Mál nr. 22831/08

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Vistun geðsjúkra afbrotamanna. Viðeigandi stofnun. Tilgangur frelsissviptingar.

1. Málsatvik

Kærandi, L.B., er belgískur ríkisborgari, fæddur árið 1963, og vistaður á deild fyrir geðsjúka afbrotamenn í fangelsi í Ghent. Hann hlaut fjölda dóma á árunum 1986 til 1995 fyrir þjófnað og ólöglegan vopnaburð. Í skýrslu geðlækna frá árinu 1997 var komist að þeirri niðurstöðu að L.B. þjáðist af alvarlegri persónuleikaröskun og væri hættulegur samfélaginu. Hann hlaut 5 ára fangelsisdóm í nóvember 2007 fyrir nauðgun. Í janúar 2004 ákváðu belgísk fangelsismálayfirvöld að vista hann á viðeigandi stofnun fyrir geðsjúka afbrotamenn. Í kjölfarið var hann vistaður á sérstakri deild Ghent-fangelsisins, en eftir nokkra mánuði fluttur á samsvarandi deild í Merksplads-fangelsinu. Í febrúar 2005 ákváðu yfirvöld að framlengja vistun hans en tóku fram að innlögð á viðeigandi stofnun væri grundvöllur þess að hann gæti náð bata. Á árunum 2004 og 2005 voru gerðar margar tilraunir til þess að leggja kæranda inn á viðeigandi einkareknar stofnanir, en engin þeirra vildi taka við honum sem sjúklingi. Hann var því fluttur aftur í fangelsið í Ghent í febrúar 2006. Í júní 2007 var vistun hans þar framlengd þangað til viðeigandi úrræði myndu fundast. Eftir að hafa fengið álitgerð frá lækni í mars 2008 varðandi endurhæfingu kæranda settu yfirvöld fram endurhæfingaráætlun sem gerði ráð fyrir reglulegri meðferð hans án þess að innlögð á sjúkrastofnun kæmi til. Í því markmiði var leitað til nokkurra meðferðarstofnana á árunum 2008 til 2009 en án árangurs. Á sama tíma var hann áfram vistaður á geðdeild fangelsisins. Árið 2010 var skilyrðum vistunar hans breytt á þann veg að hann fengi að sækja vinnu undir eftirliti utan fangelsis á daginn, en væri vistaður þar á nóttunni. Í ágúst 2011 fékk kærandi svo viðeigandi lækni meðferð innan fangelsisins. Í september 2011 afturkölluðu yfirvöld leyfi hans til vinnu utan fangelsisins og síðan hefur hann dvalið í fangelsinu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi telur að þær stofnanir sem hann var vistaður á geti ekki talist viðeigandi úrræði miðað við geðsjúkdóm hans og því hafi verið brotið gegn réttindum hans samkvæmt 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn ítrekaði fyrri framkvæmd sína um túlkun 5. gr. að beint samband þyrfti að vera á milli þeirra ástæðna sem lægju að baki frelsissviptingu manna og þeirra úrræða sem væri beitt við vistun þeirra. Þannig geti vistun geðsjúkra fanga aðeins talist lögmæt í skilningi 1. mgr. 5. gr. sáttmálans ef hún færi fram á sjúkrahúsi eða annarri viðeigandi stofnun. Þá var tekið fram að belgísk yfirvöld hefðu reglulega talið, allt frá árinu 2005, að vistun kæranda í fangelsum væri tímabundin þangað til viðeigandi úrræði stæðu honum til boða. Yfirvöld hefðu einnig komist að þeirri niðurstöðu 2011 að geðdeild fangelsis teldist ekki viðeigandi staður fyrir meðferð kæranda. Dómstóllinn tók einnig fram að sú lækni meðferð sem kærandi fékk í fangelsinu hefði verið mjög takmörkuð. Ljóst væri að kerfislægur vandi væri uppi í belgíska fangelsiskerfinu þar sem fjöldi fanga væri á biðlista eftir viðeigandi úrræðum. Kærandi var vistaður í fangelsi í 7 ár án þess að fá viðeigandi meðferð og þrátt fyrir að fjölmörg álit sérfræðinga lægju fyrir um að slík meðferð væri honum nauðsynleg. Taldi dómstóllinn því að vistun kæranda hefði ekki samræmst tilgangi hennar og því væri um brot gegn 1. mgr. 5. gr. að ræða.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var belgíska ríkið dæmt til að greiða kæranda 15.000 evrur í miskabætur og 9.000 evrur í málskostnað.

El-Masri gegn fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu - Yfirdeild

Dómur frá 13. desember 2012

Mál nr. 39630/09

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Grunur um hryðjuverkastarfsemi. Ólöglegur fangaflutningur. Pyndingar. Réttur til að vera leiddur fyrir dómara. Aðgerðir erlends ríkis á yfirráðasvæði aðildarríkis.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Koch gegn Þýskalandi

Dómur frá 19. júlí 2012

Mál nr. 497/09

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Réttur til að deyja með reisn. Aðild. Lögvarðir hagsmunir.

1. Málsvik

Kærandi, Ulrich Koch, er þýskur ríkisborgari, fæddur árið 1943 og búsettur í Braunschweig. Eiginkona hans lamaðist nær alveg í slysi árið 2002 og varð eftir það að vera í öndunarvél og njóta stöðugrar hjúkrunar. Hún vildi því binda enda á líf sitt. Í nóvember 2004 sótti hún um leyfi til stjórnvalda að verða sér úti um banvænan skammt af lyfinu pentóbarbítali í þessu skyni. Umsókninni var hafnað á þeim grundvelli að leyfið stangaðist á við þýsku lyfja-löggjöfina. Hjónin kærðu synjunina til æðra stjórnvalds. Þann 12. febrúar 2005 tók eiginkona kæranda eigið líf í Sviss með aðstoð frá samtökunum Dignitas.

Þann 3. mars 2005 staðfesti Lyfja- og læknatækjastofnun Þýskalands synjunina. Í apríl höfðaði kærandi mál fyrir dómstólum til ógildingar ákvörðuninni. Þýskur dómstóll komst að þeirri niðurstöðu að kæranda skorti aðild að málinu en tók jafnframt þá afstöðu að synjunin hefði verið lögmæt og í samræmi við 8. gr. Mannréttindasáttmálans. Áfrýjunardómstóll vísaði málinu frá sökum aðildarskorts. Stjórnlagadómstóll landsins komst að sömu niðurstöðu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að synjun um að veita eiginkonu hans leyfi til að fá banvænan skammt af lyfjum hefði brotið gegn réttindum þeim er 8. gr. sáttmálans tryggir, nánar tiltekið rétti hennar til að deyja með reisn. Enn fremur hafi verið brotið á rétti hans til einkalífs og fjölskyldu.

Niðurstaða

Dómstóllinn kannaði fyrst hvort brotið hefði verið á réttindum kæranda samkvæmt 8. gr. Dómstóllinn árétaði að mál þetta væri ekki sambærilegt hefðbundnum málum þar sem eftirlifandi höfðar mál fyrir hönd fráfallins maka eða ættingja þar sem kærandi héldi fram að einnig hafi verið brotið á sínum rétti samkvæmt 8. gr.

Kærandi og kona hans höfðu verið gift í 25 ár. Hafði hann staðið henni við hlið í gegnum allar hennar þjáningar og loks fylgt henni til Sviss er hún ákvað að taka eigið líf. Staðfesta hans og ákveðni sýndi sig einnig í því að hann hafði höfðað mál ásamt konu sinni fyrir lát hennar og haldið málinu áfram í eigin nafni eftir að hún féll frá. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að kærandi

hefði eins og málinu var háttað haft mikla og beina hagsmuni af því að fá úrlausn um kröfu sína.

Dómstóllinn féllst ekki á þær röksemdir þýska ríkisins að óþarft hefði verið að veita kæranda rétt til að fara með mál konu sinnar þar sem hún hefði getað beðið eftir efnislegri úrlausn þýskra dómstóla. Áréttaði dómstóllinn að málsmeðferðin hefði tekið langan tíma fyrir þýskum dómstólum og ekki lokið fyrir en þremur árum og níu mánuðum eftir dauða hennar.

Komst dómstóllinn því að þeirri niðurstöðu að synjun þýskra yfirvalda um að leysa efnislega úr málinu hefði haft bein áhrif á kæranda og því verið um að ræða brot á 8. gr. gegn honum. Þýska ríkið taldist ekki hafa sýnt fram á að synjun við ósk hans um að leita réttar fyrir hönd konu sinnar hefði verið heimil samkvæmt 8. gr. Var því brotið á rétti kæranda til einkalífs og fjölskyldu þar sem mál hans var ekki tekið til efnislegrar úrlausnar.

Dómstóllinn tók svo fram að það væri þýskra dómstóla að dæma um rétt fólks til að taka eigið líf með aðstoð annarra. Dómstóllinn skoðaði því ekki efnishlið málsins.

Var þýska ríkinu gert að greiða kæranda 26.736,25 evrur í málskostnað og 2.500 evrur í miskabætur.

Dordevic gegn Króatíu

Dómur frá 24. júlí 2012

Mál nr. 41526/10

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Areiti. Skortur á réttarúrræðum. Jákvæðar skyldur.

Costa og Pavan gegn Ítalíu

Dómur frá 28. ágúst 2012

Mál nr. 54270/10

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Bann við vali á fósturvísun. Heilsufarsástæður. Meðalhóf.

1. Málsatvik

Kærendur, Rosetta Costa og Walter Pavan, eru ítalskir ríkisborgarar, fædd 1977 og 1975 og búsett í Róm. Árið 2006 eignuðust þau dóttur með slímseigju-sjúkdóm og komust þá að því að þau voru heilbrigðir arfberar sjúkdómsins. Þegar Rosetta varð aftur þunguð árið 2010 létu þau taka sýni úr fóstroinu og reyndist það með sjúkdóminn. Fékk Rosetta fóstureyðingu af læknisfræðilegum ástæðum.

Hjónin vilja nú eignast barn með glasafrjövgun og erfðafræðilegri skimun fósturvísisins áður en honum er komið fyrir í móðurinni (vali fósturvísa), en slíkt er bannað samkvæmt ítölskum lögum. Glasafrjövgun er þó leyfð séu hjón ófrjó eða gangi karlmaðurinn með sjúkdóm sem getur smitast við kynmök, t.d. alnæmi eða lifrabólgu B eða C.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu brotið gegn réttindum þeirra samkvæmt 8. gr. sáttmálans um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, enda væri eina leið þeirra til að eignast barn án slímseigjusjúkdóms að hefja meðgöngu á náttúrulegan hátt og binda enda á hana svaraði fóstrið jákvætt prófi fyrir sjúkdómnum. Á grundvelli 14. gr. sáttmálans töldu þau sér mismunað miðað við hjón sem annaðhvort væru ófrjó eða karlmaðurinn gengi með sjúkdóm sem gæti smitast við kynmök.

Niðurstaða

Um 8. gr.: Dómstóllinn taldi að ósk kæranda um lækniaðstoð við getnað og fósturvísaval í því skyni að eignast barn sem þjáðist ekki af slímseigju-sjúkdómi félli undir gildissvið 8. gr. sáttmálans um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.

Röksemdir ítalska ríkisins fyrir banninu við vali fósturvísa var að þörf væri á að vernda heilsu móður og barns, reisn og samviskufrelsi læknastéttarinnar og sporna við hættu á misnotkun til kynbóta manna.

Dómstóllinn benti á að reyndist fóstur vera með sjúkdóminn væri torséð hvernig fóstureyðing gæti samrýmt röksemdum ríkisins þegar litið væri m.a. til afleiðinga aðgerðarinnar bæði fyrir fóstrið og foreldrana, einkum móðurina. Dómstóllinn benti á að í flestum aðildarríkjum Evrópuráðsins væri fósturvísaval heimilað og aðeins bannað á Ítalíu, í Austurríki og Sviss. Benti hann á að ósamræmið í ítölskum lögum, þ.e. að bannað væri að velja heilbrigða fósturvísa en leyft væri að eyða fósturum sem hefðu sjúkdóminn. Afleiðing þess væri að kærendum væri sú ein leið fær að hefja meðgöngu á náttúrulegan hátt og binda enda á hana, leiddi prófun í ljós sjúkdóminn hjá fósturinu. Þeim kosti fylgdi angist og þjáningar. Komst dómstóllinn því að þeirri niðurstöðu að réttur kæranda til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu hefði verið skertur án þess að meðalhófs væri gætt, en það bryti gegn 8. gr. sáttmálans.

Um 14. gr.: Dómstóllinn benti á að mismunurinn í skilningi 14. gr. sáttmálans fæli í sér mismunandi meðferð á fólki í sambærilegum aðstæðum án hlutlægrar og málefnalegar réttlætningar. Í þessu sambandi benti dómstóllinn á að ekki færi á annan veg um aðgang að vali fósturvísa fyrir hjón þar sem karlmaðurinn gengi með sjúkdóm, sem gæti smitast við kynmök, en fyrir kærendum, enda tæki bannið til allra flokka fólks. Var þessum hluta kærunnar því vísað frá sem augljóslega illa grunduðum.

Kærendum voru dæmdar 15.000 evrur í miskabætur og 2.500 evrur í málskostnað og útlagðan kostnað.

Nada gegn Sviss

Dómur frá 12. september 2012 – Yfirdeild

Mál nr. 10593/08

Sjá reifun dómsins undir 13. gr.

Grunur um hryðjuverkastarfsemi. Ályktun öryggisráðs SP. Skerðing á ferða-frelsi.

M.M. gegn Bretlandi

Dómur frá 13. nóvember 2012

Mál nr. 24029/07

8. gr. Friðhelgi einkalífs

Upplýsingar í sakaskrá. Tæming réttarúrræða. Lagaheimild fyrir takmörkun.

1. Málsatvik

Kærandi, M.M., er breskur ríkisborgari. Hún er fædd árið 1951 og býr í Conty Torone á Norður-Írlandi. Fyrri hluta árs 2000 slitu sonur kæranda og barnsmóðir hans sambandi sínu og stefndi í að barnsmóðirin flytti til Ástralíu með sonarson kæranda en hann var þá tíu mánaða gamall. Í örvæntingu sinni vegna þessa fór kærandi í felur með sonarsoninn. Um einum og hálfum sólarhring síðar hafði lögregla uppi á kæranda og drengnum og var kærandi í kjölfarið kærð fyrir barnsrán. Þar sem ákæra í málinu var ekki talin í þágu almannahagsmuna var kæranda boðið að ljúka málinu með áminningu og féllst hún á það. Eftir að málinu lauk spurðist kærandi fyrir um hversu lengi áminningin yrði á sakaskrá og var henni þá tjáð að slík skráning héldist í fimm ár, eða fram í nóvember 2005.

Í september 2006 bauðst kæranda starf á fagsviði sínu en atvinnutilboðið var síðar dregið til baka þegar tilvonandi atvinnuveitandi fékk upplýsingar úr sakaskrá um að hún hefði fengið áminningu fyrir barnsrán. Varð kæranda þá ljóst að reglum um skráningu í sakaskrá hafði verið breytt á þann veg að skráning afbrota gegn börnum héldust varanlega inni á skránni en ekki tímabundið. Reglunum hafði verið breytt að þessu leyti í kjölfar alvarlegra glæpa gegn börnum. Kæranda var í kjölfarið boðið, vegna sérstakra aðstæðna sem vörðuðu brot hennar, að athugasemd kæmi fram á sakaskrá hennar, þar sem skýrt yrði frá því að afbrot hennar hefði varðað deilur innan fjölskyldu hennar.

Kærandi hugðist leita til dómstóla til að fá skráningunni aflétt en var það ókleift þar sem umsókn hennar um gjafsókn var hafnað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn réttindum hennar samkvæmt 7. gr. sáttmálans þar sem afturvirk breyting á reglum um sakaskrá hefði þungbærar afleiðingar fyrir hana. Breytingin myndi hafa áhrif á atvinnu-

möguleika hennar um lífstíð, en kærandi hafði kosið að starfa á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu. Dómstóllinn taldi nærtækara, í ljósi fyrri framkvæmdar sinnar, að skoða hvort brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi sýnt fram á að atvinnutilboð til kæranda hefði verið afturkallað vegna þess að áminning sem hún fékk væri skráð í sakaskrá. Ljóst væri að þar til sú skráning yrði afmáð gæti hún mögulega talist þolandi brots á 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn benti á að kærandi hefði ekki höfðað mál gegn löggæsluyfirvöldum til að fá sakaskrá breytt og að samkvæmt 1. mgr. 35. gr. sáttmálans yrði að tæma möguleg úrræði landsréttar áður en dómstóllinn gæti tekið mál til meðferðar. Aftur á móti hefði dómstóllinn viðurkennt, vegna eðlis þeirra réttinda sem honum væri ætlað að vernda og fjalla um, að umræddu ákvæði sáttmálans yrði að beita af ákveðnum sveigjanleika og án of mikillar formfestu. Eftir nokkuð ítarlega skoðun á þeim málum sem bresk stjórnvöld vísuðu til í málatilbúnaði sínum, taldi dómstóllinn að ekki hefði tekist að sýna fram á að kæranda hefði verið unnt að fá skráningu í sakaskrá endurskoðaða fyrir enskum dómstólum. Var kæran því talin tæk til efnismeðferðar.

Eftir að dómstóllinn hafði slegið því föstu að skráning löggæsluyfirvalda á áminningu þeirri sem kærandi hafði fengið, og miðlun þeirra upplýsinga til annarra, gæti takmarkað réttindi samkvæmt 8. gr. sáttmálans fjallaði hann um þau lög og reglur sem giltu í landsrétti um slíkar skráningar. Fram kom að engin sérstök lög giltu að þessu leyti heldur einungis almenn lögreglulög og persónuverndarlög. Átti þetta bæði við um skráningu, geymslu og miðlun upplýsinganna á þeim tíma þegar atvik málsins áttu sér stað. Dómstóllinn benti þó á að síðar hefðu verið sett sérstök lög um miðlun upplýsinga sem þessara til mögulegra atvinnuveitenda. Virtist sú löggjöf ekki taka tillit til alvarleika þeirra brota, sem mögulega gátu komið fram á sakaskrá og hversu langur tími væri liðinn frá broti. Ætti þetta við um áminningar sem skráðar væru á sakaskrá. Hvergi mætti sjá að gert væri ráð fyrir einhvers konar mati á því hvort rétt væri, í sérstökum tilvikum, að láta slíkar upplýsingar ekki í té.

Varðandi þá afturvirku breytingu sem gerð var á reglum um miðlun upplýsinga á sakaskrá, eftir að kærandi hafði fallist á að vera áminnt í stað þess að verða ákærð, taldi dómstóllinn ekki unnt að slá því föstu að kærandi hefði verið verr sett vegna þeirrar ákvörðunar sinnar, enda þótt hún hefði í raun afsalað sér réttinum til réttlátrar málsmeðferðar.

Í ljósi samanlagðra áhrifa allra þeirra annmarka sem voru og höfðu verið á regluverki um skráningu, geymslu og miðlun upplýsinga á sakaskrá taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans, enda væri takmörkun réttindanna í þessu tilviki ekki reist á lögum. Af þessum sökum taldi dómstóllinn ekki ástæðu til að fjalla um hvort

takmörkunin væri nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi í þágu einhverra þeirra markmiða sem réttlættu slíkar takmarkanir.

Kærandi gerði engar kröfur fyrir dómstólnum um bætur.

Telegraaf Media Nederland Landelijke Media B.v. o.fl. gegn Hollandi

Dómur frá 22. nóvember 2012

Mál nr. 39315/06

Sjá reifun dómsins undir 10. gr.

Fjölmíðlar. Blaðamenn. Heimildarmenn. Rannsóknaraðgerðir. Skylda til að afhenda gögn. Öryggi ríkisins.

Michaud gegn Frakklandi

Dómur frá 6. desember 2012

Mál nr. 12323/11

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Lögmenn. Trúnaðarskylda. Tilkynningarskylda um peningabætti. ESB-löggjöf.

1. Málsatvik

Kærandi, Patrick Michaud, er franskur ríkisborgari, fæddur árið 1947 og býr í París. Hann er meðlimur í lögmannafélagi Parísar og síðanefnd lögmannafélaga. Frá árinu 1991 hefur Evrópusambandið sett fjölda tilskipana sem ætlað er að koma í veg fyrir að fjármálakerfi séu notuð til peningabættis. Þessar tilskipanir hafa verið innleiddar í frönsk lög. Samkvæmt þeim hvílir tilkynningarskylda á frönskum lögmönnum vakni grunsemdir þeirra um slíka háttsemi við störf þeirra við undirbúning eða framkvæmd nánar tiltekinna löggerninga eða störf sem fjárhaldsmenn. Þessi skylda hvílir þó ekki á þeim við störf þeirra í tengslum við dómsmál eða lögfræðilega álitsgjöf. Þeim ber að tilkynna grunsemdir sínar eftir atvikum til formanns félags hæstaréttarlögmanna og æðsta stjórnarsýsludómstóls landsins eða formanns þess lögmannafélags er þeir tilheyra. Síðan hvílir skylda á viðkomandi formanni til að senda erindið áfram til peningabættisdeildar franska fjármálaeftirlitsins.

Þann 12. júlí 2007 ákvað franska lögmannafélagið að setja reglur um þessa tilkynningarskyldu lögmanna, þar á meðal um skyldu til að taka upp verklagsreglur um viðbrögð þegar grunur um peningabætti vaknaði. Var mælt fyrir um viðurlög við broti á reglunum.

Kærandi leitaðist við að fá reglurnar ógiltar hjá dómstólum. Taldi hann að þær takmörkuðu frelsi lögmanna til að stunda starf sitt. Hann lagði áherslu á að grunur væri hvergi nánar skilgreindur í reglunum og því væri skilyrði 7. gr. Mannréttindasáttmálans um skýrleika ekki uppfyllt. Hann hélt því einnig fram að reglurnar brytu gegn trúnaðarskyldu við skjólstaðinga sem nyti verndar 8. gr. Mannréttindasáttmálans. Því til viðbótar fór hann fram á að æðsti stjórnarsýsludómstóllinn óskaði eftir forúrskurði ESB-dómstólsins um hvort skyldan til

tilkynningar um slíkan grun bryti gegn 6. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og 8. gr. Mannréttindasáttmálans.

Þann 23. júlí 2010 vísaði æðsti stjórnarsýsludómstóllinn máli kæranda frá og synjaði beiðni um forúrskurð.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að skyldan til að tilkynna grun um peningabætti væri ósamrýmanleg grundvallarsjónarmiðum um trúnað milli lögmanns og skjólstaðings hans og faglegri þagnarskyldu lögmanna. Hún bryti því í bága við 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn áréttaði að 8. gr. verndaði rétt einstaklinga til friðhelgi einkalífs og samskipta. Þá væri sú skylda lögmanna að gefa upp tilteknar upplýsingar fengnar í samskiptum við skjólstaðinga sína til fjármálaeftirlits takmörkun á réttinum til samskipta og friðhelgi einkalífs, en það hugtak ná yfir fagleg og viðskiptatengd málefni.

Dómstóllinn tók fram að skerðing sú er um ræðir væri í samræmi við lög í skilningi 8. gr. og markmiðið með skerðingunni væri að sporna við peningabætti í þágu almannahagsmuna og væri einnig lögmætt í skilningi ákvæðisins, þar sem það stefndi að því að firra glundroða og glæpum.

Franska ríkið hélt því fram að því bæri skylda til að innleiða tilskipunina sem aðildarríki Evrópusambandsins og sambandið veiti í það minnsta lágmarksvernd mannréttinda í skilningi sáttmálans fyrir fullnægjandi réttarvernd. Í því sambandi vísaði franska ríkið til dóms Mannréttindadómstólsins í máli Bosphorus Airways gegn Írlandi. Dómstóllinn hafnaði þessari röksemd, því þótt reglan um að gera yrði ráð fyrir að fullnægjandi réttarvernd gæti átt við í þessum kringumstæðum, þá hefði æðsti stjórnarsýsludómstóllinn neitað að vísa málinu til dómstóls ESB til forúrskurðar. Í ljósi þess að sá dómstóll hafði ekki áður tekið afstöðu til þessarar röksemdar yrði Mannréttindadómstóllinn að taka málið til efnismeðferðar og kanna hvort skerðingin hafi verið nauðsynleg.

Dómstóllinn minnti á að 8. gr. verndaði friðhelgi samskipta milli manna og einkalífs og sú vernd væri enn ríkari ef hún varðaði samskipti lögmanna og skjólstaðinga þeirra. Þetta leiddi af því að lögmenn hafa grundvallarhlutverki að gegna í lýðræðissamfélagi, þ.e. að verja einstaklinga fyrir dómi. Þessu hlutverki geti þeir ekki sinnt nægilega nema þeir geti fullvissað þá sem njóta verndar þeirra um að samskipti þeirra í milli séu í trúnaði. Þó tók dómstóllinn fram að vernd þessi væri ekki án takmarkana og að sú skerðing sem hér væri um að ræða væri nauðsynleg í þágu almannahagsmuna og gengi ekki lengra en nauðsyn bæri til. Tvennt hefði aðallega áhrif á þetta mat, tilvikin sem tilkynningarskyldan ætti við væri takmörkuð við þröngt skilgreind tilvik. Lögmanninum bæri þannig að tilkynna formönnum ákveðinna fagfélaga grun sinn. Formaðurinn ætti svo að meta og tilkynna til yfirvalda teldi hann nauðsyn

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

bera til. Niðurstaða dómstólsins var að sú skerðing á trúnaðarskyldu lögmanna við skjólstæðinga sína, sem fólst í siðareglunum, færi ekki út fyrir þann ramma er 8. gr. leyfir og var franska ríkið því ekki talið hafa brotið gegn ákvæðinu.

El-Masri gegn fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu - Yfirdeild Dómur frá 13. desember 2012

Mál nr. 39630/09

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Grunur um hryðjuverkastarfsemi. Ólöglegur fangaflutningur. Pyndingar. Réttur til að vera leiddur fyrir dómara. Aðgerðir erlends ríkis á yfirráðasvæði aðildarríkis.

9. gr. Hugsana-, samvisku og trúfrelsi

Ásatrúarfélagið gegn Íslandi

Ákvörðun um meðferðarhæfi frá 18. september 2012 (óstytt þýðing)

Mál nr. 22897/08

9. gr. Hugsana-, samvisku og trúfrelsi

14. gr. Bann við mismunun

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi einkaréttar

Réttindi og skyldur trúfélaga. Lögboðin fjárframlög til þjóðkirkju. Skattlagning.

1. Kærandi, Ásatrúarfélagið, er trúfélag sem stofnað var árið 1972 og skráð árið 1973. Það hefur aðsetur sitt í Reykjavík. Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður í Reykjavík, kom fram fyrir hönd kæranda gagnvart dómstólnum.

1. Málsatvik

2. Atvik málsins, eins og þau voru sett fram af kæranda, eru í samantekt sem hér segir:

1. Almennur bakgrunnur

3. Kærandi er trúfélag, sem skráð var í maí 1973 skv. lögum nr. 108/1999, um skráð trúfélög. Yfirlýstur tilgangur kæranda var m.a. að halda í heiðri sið hinna fornu norrænu goða. Árið 2007 var félagið eitt af 28 skráðum trúfélögum á Íslandi, með 1.149 félaga, sem svarar til 0,4% af fólksfjölda á Íslandi.

4. Skv. 63. gr. stjórnarskrár Íslands og 1. gr. laga um skráð trúfélög eiga allir rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins.

5. Skv. 62. gr. stjórnarskrár Íslands er hin evangelíska lúterska kirkja þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda. Árið 2007 tilheyrðu 252.461 manns þjóðkirkjunni, 81% af þjóðinni. Með

lögum nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, var settur lagarammi um þjóðkirkjuna þar sem m.a. segir að þjóðkirkjan sé trúfélag á evangelísk-lúterskum grunni og að hún njóti sjálfræðis gagnvart ríkisvaldinu innan lögmæltra marka.

2. *Fjármögnun þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga*

6. Í samræmi við gildandi lög innheimtir ríkissjóður gegnum hið almenna skattkerfi tiltekna fjárhæð, svonefnt sóknargjald, af hverjum einstaklingi sem náð hefur sextán ára aldri og úthlutar því fé sem þannig innheimtist til þess trúfélags sem viðkomandi tilheyrir (sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl.). Þannig fær kærandi í sinn hlut þessa fjárhæð fyrir hvern féлага sinn sem náð hefur sextán ára aldri. Hið sama gildir um þjóðkirkjuna og öll önnur skráð trúfélög.

7. Að auki ráðstafar ríkið á fjárlögum tiltekinni fjárveitingu til þjóðkirkjunnar. Þar á meðal er framlag til Kirkjumálasjóðs og til Jöfnunarsjóðs sókna en framlögin nema hvort um sig 11,3% og 18,5% af sóknargjöldum sem innheimt eru af félögum í samræmi við framangreint fyrirkomulag. Greiðslur þessar eiga uppruna sinn í tekjuskatti og er þeim úthlutað með þessum hætti á grundvelli laga, þ.e. fyrrnefndra laga um sóknargjöld o.fl. og laga um kirkjumálasjóð nr. 138/1993.

8. Að auki leggur ríkið til fjármuni m.a. til þess að greiða laun tiltekinna embættismanna þjóðkirkjunnar og starfsmanna Biskupsstofu. Ennfremur greiðir ríkissjóður árlegt framlag til þjóðkirkjunnar, sem miðast við að það nægi til reksturs hennar ásamt öðrum tekjustofnum hennar, lögbundnum sem ólögbundnum (sbr. fyrrnefnd lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar).

3. *Um Jöfnunarsjóð sókna og Kirkjumálasjóð*

9. Jöfnunarsjóður sókna var einvörðungu ætlaður sóknum innan þjóðkirkjunnar og hlutverk sjóðsins skv. 6. gr. laga um sóknargjöld o.fl. er að veita styrki til þeirra kirkna innan þjóðkirkjunnar sem sérstöðu hafa, að leitast við að jafna aðstöðu og styrkja sóknir þar sem sóknargjöld nægja ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum. Ennfremur var sjóðnum ætlað að auðvelda stofnun sókna í nýjum byggðahverfum og styrkja félags- og menningarstarfsemi þjóðkirkjunnar.

10. Kirkjumálasjóður tilheyrði þjóðkirkjunni. Hlutverk sjóðsins skv. 3. og 4. gr. laga um Kirkjumálasjóð var að skila fjárhæð til Prestsetrasjóðs og standa straum af kostnaði við kirkjuþing, kirkjuráð og prestastefnu, biskupsгарð, ráðgjöf kirkjunnar í fjölskyldumálum, söngmálastjórn og tónlistarfræðslu á vegum þjóðkirkjunnar, starfsþjálfun guðfræðikandídata og önnur verkefni.

4. *Málarekstur kæranda fyrir stjórnvaldsstofnunum og dómstólum*

11. Hinn 19. október 1998 ritaði kærandi dóms- og kirkjumálaráðuneytinu bréf, þar sem krafist var viðurkenningar á rétti hans til sama framlags úr ríkissjóði, þ.e. fjárhæðar er næmi 29,8% af sóknargjöldum. Hinn 17. nóvember

2003 sendi kærandi aftur erindi til ráðuneytisins, að þessu sinni með kröfu um greiðslu hinna tveggja umþrættu framlaga fyrir árið 2002. Báðum erindum var hafnað af ráðuneytinu með bréfum dagsettum 20. nóvember 1998 og 15. janúar 2004.

12. Hinn 12. janúar 2006 höfðaði kærandi mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gegn íslenska ríkinu, þar sem krafist var greiðslu á kr. 1.074.242, þ.e. 29,8% af þeim sóknargjöldum sem kærandi hafði fengið í sinn hlut árið 2002.

13. Í dómi, sem kveðinn var upp 28. nóvember 2006 (ekki lagður fyrir Mannréttindadómstólinn), var af hálfu héraðsdóms gerður greinarmunur á Kirkjumálasjóði og Jöfnunarsjóði sókna. Var bent á að Kirkjumálasjóði væri ætlað að standa straum af kostnaði við tiltekin lögbundin verkefni sem þjóðkirkjunni væru falin, svo sem kirkjuþing og prestastefnu. Einnig stæði sjóðurinn straum af kostnaði við fjölskylduþjónustu kirkjunnar, tónlistarstarf innan kirkjunnar og fleira. Engin slík verkefni væru falin kæranda. Aðstaða kæranda og þjóðkirkjunnar væri því ólík að þessu leyti. Öðru máli gegndi um Jöfnunarsjóð sókna, en hlutverk hans væri m.a. að jafna aðstöðu tiltekinna sókna og auðvelda stofnun nýrra sókna. Niðurstaða héraðsdóms var að líta mætti svo á að í ráðstöfun þessa aukafjárframlags til þjóðkirkjunnar en ekki kæranda fælist á vissan hátt mismunun. Hins vegar taldi dómurinn að hann væri ekki til þess bær að kveða upp dóm þar sem ríkið yrði skyldað til þess að greiða hin umþrættu framlög til kæranda en ákvörðun um slíkt væri ótvírætt í höndum lögjafarvaldsins. Af þeim sökum dæmdi héraðsdómur ríkinu í hag og hafnaði kröfum kæranda.

5. Dómur Hæstaréttar frá 25. október 2007

14. Kærandi vísaði málinu til Hæstaréttar Íslands, sem einnig dæmdi ríkinu í hag. Niðurstaða meirihlutans var m.a. eftirfarandi (barst dóminum í enskri þýðingu frá kæranda):

„Í 1. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar segir að íslenska þjóðkirkjan sé sjálfstætt trúfélög á evangelísk-lúterskum grunni, sem ríkinu beri að styðja og vernda. Skírn og skráning í þjóðskrá veiti aðild að henni. Um réttarstöðu segir í 2. gr. laganna að þjóðkirkjan njóti sjálfstæðis gagnvart ríkinu innan lögmæltra marka og í 3. gr. kemur fram að stefndi skuli greiða þjóðkirkjunni árlegt framlag á grundvelli samninga um kirkjueignir og prestssetur milli hans og þjóðkirkjunnar til viðbótar öðrum tekjustofnum hennar, lögbundnum sem ólögbundnum. Einnig, að launagreiðslum til starfandi presta þjóðkirkjunnar og annarra starfsmanna hennar skuli hagað samkvæmt því sem í 60. gr. laganna greinir. Í lögnum er nánar fjallað meðal annars um stjórn og starfsskipan þjóðkirkjunnar, yfirstjórn hennar í höndum biskups Íslands og annarra kirkjulegra stjórnvalda, vígslubiskupa, kirkjuþing, kirkjuráð, prestastefnu, prófasta og presta. Fjallað er um presta almennt, embættisgengi þeirra, val á þeim og skyldur þeirra. Ákvæði eru um sóknir og prestaköll og skipan þeirra, safnaðarfundir, sóknarnefndir, starfsmenn þeirra og hlutverk. Sérstakur kafli er í lögnum um launagreiðslur og réttarstöðu starfsmanna. Þar segir í 60. gr. að ríkið standi skil á launum biskups Íslands, vígslubiskupa, 138 starfandi presta og prófasta þjóðkirkjunnar og 18 starfs-

manna biskupsstofu. Um laun þeirra fari eftir lögum um kjararáð eða lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eftir því sem við geti átt. Í 61. gr. segir að þeir starfsmenn þjóðkirkjunnar sem þiggi laun úr ríkissjóði njóti réttinda og beri skyldur sem opinberir starfsmenn.

Í samræmi við 63. gr. og 64. gr. stjórnarskrárinnar er mælt svo fyrir í 1. gr. laga nr. 108/1999 um skráð trúfélög að menn eigi rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Á sama hátt eigi menn rétt á að stofna félög um hvers konar kenningar og lífsskoðanir, þar með talið um trúleysi. Eigi sé skylt að tilkynna stjórnvöldum um stofnun eða starfsemi trúfélaga eða annarra félaga um lífsskoðanir, en samkvæmt 2. gr. laganna er það þó heimilt og gilda þá um félagið reglur II. kafla þeirra. Þar eru ákvæði um skráð trúfélög utan þjóðkirkjunnar, meðal annars um skilyrði skráningar, umsóknir um hana, eftirlit með skráðum trúfélögum, niðurfellingu skráningar, forstöðumenn skráðra trúfélaga, aðild að þeim, þar á meðal um inngöngu og úrsögn, og úrsögn úr þjóðkirkjunni. Áfrýjandi er skráð trúfélag samkvæmt þessum lögum. Í þeim eru engin ákvæði sambærileg við ákvæði laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, sem áður er lýst, eða annarra laga sem varða hana og starfsemi hennar. Starfsmenn þjóðkirkjunnar eru opinberir starfsmenn með réttindi og skyldur sem slíkir gagnvart öllum almenningi, en ekki aðeins þeim sem eru í söfnuðum hennar. Ekkert er í lögum um slíkar skyldur starfsmanna annarra trúfélaga. Vegna þessara skyldna þjóðkirkjunnar í íslensku samfélagi og með vísan til 62. gr. stjórnarskrárinnar hefur löggjafinn ákveðið framlög til þjóðkirkjunnar úr ríkissjóði umfram önnur trúfélög, þar á meðal í lögum nr. 91/1987 og 138/1993, sem áfrýjandi reisir mál sitt á. Þegar af þeirri ástæðu að verkefni áfrýjanda og skyldur gagnvart samfélaginu verða ekki borin saman við lögboðin verkefni og skyldur þjóðkirkjunnar felst ekki mismunur í þessu mati löggjafans og þar af leiðandi ekkert brot á jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar.“

15. Minnihluti Hæstaréttar komst að sömu niðurstöðu en á öðrum forsendum. Eftir umfjöllun um gildandi landslög og þjóðarétt var komist að þeirri niðurstöðu að á ríkinu hvíldi engin almenn skylda „til að jafna fjárhagsstöðu annarra trúfélaga við þá sem þjóðkirkjan nýtur og leidd er af 62. gr. stjórnarskrárinnar.“ Ennfremur sagði að þrátt fyrir þessa niðurstöðu yrði að líta svo á „að fjárfraamlög til þjóðkirkjunnar samkvæmt sérlögum verði að uppfylla skilyrði sem eru málefnaleg í ljósi þeirra sérstöku verkefna og skyldna sem þjóðkirkjan ber. Í ljósi þessa og með vísan til 65. gr. stjórnarskrárinnar verður að huga að því hvort réttmætt sé að þjóðkirkjan ein njóti þeirra sérstöku fjárfraamlaga sem áfrýjandi gerir tilkall til.“ Af hálfu minnihlutans var síðan áfram fjallað um tilgang og sögulegt samhengi laganna sem um ræddi og komist að eftirfarandi niðurstöðu:

„Ljóst er af athugasemdum með frumvörpum til laga um kirkjumálasjóð og sóknargjöld að þau verkefni sem hér er um að ræða tengjast því markmiði að færa stjórnsýslu og önnur lögbundin verkefni kirkjumála, sem áður voru í höndum ríkisins, til þjóðkirkjunnar. Þó að varla verði talið að öll tilgreind hlutverk sjóðanna tveggja tengist beint stjórnkerfi þjóðkirkjunnar, og þrátt fyrir þann almenna tilgang sóknargjalda að jafna stöðu skráðra trúfélaga, þá var með þeim fyrst og fremst verið að færa umsjón og stjórn ákveðinna verkefna frá ríki til kirkju. Þegar horft er til þessa og sérstöðu þjóðkirkjunnar samkvæmt 62. gr. stjórnarskrárinnar og hliðsjón höfð af þeim stjórnskipulegu breytingum sem hefur verið lýst, þá verður að

fallast á með stefnda að hin umdeildu framlög ríkisins til þjóðkirkjunnar byggi á nægilega málefnalegum forsendum til að þau fái staðist.“

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

16. Kærandi kvartaði undan því, með vísan til 9. gr. Mannréttindasáttmálans einnar og sér og í samhengi við 14. gr. sáttmálans, að viðbótarfjárhæð sem næmi 29,8% af sóknargjöldum rynni til þjóðkirkjunnar en ekki til trúfélags kæranda.

17. Kærandi kvartaði einnig undan því, með vísan til 1. mgr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmálann, að tilteknum hluta af tekjuskatti félaga í trúfélagi hans (sem svaraði til 29,8 % af sóknargjöldum) væri ráðstafað til þjóðkirkjunnar, sem þeir tilheyrðu ekki.

Niðurstaða

A. Kæra samkvæmt 9. gr. Mannréttindasáttmálans einni og sér og ásamt 14. gr.

18. 9. gr. Mannréttindasáttmálans er svohljóðandi:

„1. Sérhver maður á rétt á að vera frjáls hugsana sinna, samvisku og trúar. Í þessu felst frelsi manna til að breyta um trú eða sannfæringu svo og til að rækja trú sína eða sannfæringu, hvort heldur einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi, með guðsþjónustu, boðun, breytni og helgihaldi.

2. Frelsi manna til að rækja trú sína eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum, sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna almannaheilla, til verndar allsherjarreglu, heilsu manna eða siðgæði eða rétti og frelsi.“

Sá hluti 14. gr. Mannréttindasáttmálans sem hefur þýðingu í þessu samhengi er svohljóðandi:

„Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna ... trúarbragða ...“

1. Sjónarmið kæranda

19. Kærandi kvartaði undan því skv. 9. gr. Mannréttindasáttmálans einni og sér og ásamt 14. gr. að úthlutun viðbótarfjárhæðarinnar, sem svaraði til 29,8% af sóknargjöldum, til þjóðkirkjunnar en ekki til kæranda fæli í sér íhlutun í trúfrelsi kæranda þar sem um væri að ræða mismunun gagnvart honum.

20. Hélt kærandi því fram að íslenska ríkið hefði brotið gegn rétti hans til trúfrelsis með því að fylgja lagaákvæðunum um framangreindan fjárstuðning og að hann sætti ólögmætri mismunun. Taldi hann að verulega hærri fjárframlög til þjóðkirkjunnar gætu einungis skýrst af því að um aðra trú væri að ræða. Trúin sem þjóðkirkjan stæði fyrir væri veitt vægi umfram aðrar trúarskoðanir, þ.m.t. þá trú sem iðkuð væri af félagsmönnum kæranda. Meginatriði væri þannig hvort mismununin væri heimil og réttlætanleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Kærandi taldi svo ekki vera.

21. Kærandi hélt því enn fremur fram að skerðingin á trúfrelsi hans sem fælist í þessari fjárhagslegu mismunun, jafnvel þótt hún væri lögboðin, þjónaði ekki

lögmætum tilgangi. Tilgangur hennar væri að draga úr möguleikum trúfélaga annarra en þjóðkirkjunnar til þess að dafna.

22. Ennfremur væri skerðingin ekki nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi þar sem engin almenn þörf væri á henni. Skerðingin og mismununin færi út fyrir það sem nauðsynlegt væri til þess að ná lögmætu markmiði, jafnvel þótt fallist yrði á að eitthvert slíkt markmið væri fyrir hendi. Ennfremur taldi kærandi að jafnræði yrði að ríkja í verndun trúarhópa til þess að skaða ekki sjálfsmynd trúaðra og lífssýn þeirra.

23. Ennfremur væri ríkið, með því að sjá skráðum trúfélögum fyrir sóknargjöldum, að vernda trúfrelsi félagsmanna þeirra. Hins vegar mætti ekki vera um neina mismunun að ræða í slíkri verndun. Með því að veita aukaframlagi til þjóðkirkjunnar, sem næmi 29,8% af sóknargjaldi, og þar með að skerða hlutfallslega þá þjónustu sem önnur trúfélög gætu veitt í samanburði við þá þjónustu sem félögum í þjóðkirkjunni stæði til boða, væri ríkið að brjóta gegn trúarlegum réttindum félagsmanna kæranda. Þetta ætti sérstaklega við um félagsmann kæranda sem búsettir væru utan Reykjavíkur og hefðu ekki aðgang að þjónustu sem sambærileg væri við þjónustu við þá sem byggju í höfuðborginni. Taldi kærandi að viðbótarfjárveiting myndi skipta verulegu máli fyrir möguleika félaga í trúfélagi hans til þess að rækja trú sína.

24. Einnig ætti tilgangur Jöfnunarsjóðs sókna og Kirkjumálasjóðs jafnmikið við um kæranda og önnur skráð trúfélög á Íslandi og hann ætti við um þjóðkirkjuna. Fjárhagsstuðningurinn sem um ræðir auðveldaði hinni síðarnefndu að ná trúarlegum markmiðum sínum, meðan trúariðkun félagsmanna kæranda takmarkaðist við það landsvæði þar sem þeir væru búsettir, þar sem kæranda væri ekki mögulegt að veita sömu þjónustu í öllum landshlutum.

25. Ennfremur hafnaði kærandi þeirri niðurstöðu Hæstaréttar að lögboðnar skyldur sem hvíldu á þjóðkirkjunni væru ólíkar þeim skyldum sem hvíldu á kæranda eða öðrum trúfélögum. Í því samhengi taldi kærandi að ef ákvæði laga undanþægu einn aðila frá samanburði við annan kynni löggjöfin að þjóna sem „dulin friðhelgi“ gegn banninu við mismunun sem fælist í Mannréttindasáttmálanum.

2. Álit dómstólsins

26. Dómurinn vill í fyrsta lagi ítreka að trúfélagi sé heimilt sem slíku að fara með réttindi félagsmanna sinna sem tryggð eru skv. 9. gr. Mannréttindasáttmálans (sjá m.a. *Leela Förderkreis e.V. o.fl. gegn Þýskalandi* nr. 58911/00, 79. gr., 6. nóvember 2008). Ekki er því unnt að lýsa kærana ótæka til meðferðar skv. 34. gr. Mannréttindasáttmálans á grundvelli aðildarskorts (*ratione personae*).

27. Dómurinn ítrekar ennfremur álit mannréttindanefndar Evrópu, sem fram kemur í máli *Darby gegn Svíþjóð* (23. október 1990, álit mannréttindanefndarinnar, 45. gr., A-hluti nr. 187):

„[a] þjóðkirkjufyrirkomulag getur ekki í sjálfu sér talist brjóta gegn 8. gr. mannréttindasáttmálans. Slíkt kerfi er í raun við lýði í nokkrum aðildarríkjum og var þegar við lýði er mannréttindasáttmálinn var saminn og þegar þau gerðust aðilar

að honum. Hins vegar verður þjóðkirkjufyrirkomulag, ef það á að uppfylla kröfur 9. gr., að fela í sér ráðstafanir til þess að vernda trúfrelsi einstaklinga. Einkum og sér í lagi er óheimilt að þvinga nokkurn til inngöngu í þjóðkirkju eða banna honum að segja sig úr henni.“

Mannréttindadómstóllinn hefur ekki í fordæmum sínum borið brigður á þessa grundvallarreglu.

28. Þegar litið er til málsatvika í þessu máli veitir dómurinn því athygli að líkt og þjóðkirkjan naut kærandi, sem er skráð trúfélag, hinna svonefndu sóknargjalda, sem íslenska ríkið innheimti af sérhverjum félaga þess sem náð hafði sextán ára aldri. Fjárstuðningurinn sem hlaust af gjöldum þessum byggðist þannig á fjölda félaga. Ennfremur veitir dómurinn því athygli að ólíkt kæranda naut þjóðkirkjan framlaga frá ríkinu, sér í lagi framlaga til Kirkjumálasjóðs og Jöfnunarsjóðs sókna, sem nam samtals 29,8% af sóknargjöldum sem innheimt voru af félögum í þjóðkirkjunni. Spurningin sem vakin er í fyrirbyggjandi kæru er hvort sú staðreynd að þjóðkirkjan hafi notið slíkra fjárveitinga í fjárlögum ríkisins, meðan trúfélag kæranda gerði það ekki, stríddi gegn 9. gr. Mannréttindasáttmálans einni og sér eða í samhengi við 14. gr.

29. Dómurinn mun fyrst ígrunda hvort ráðstöfun hins umþætta viðbótarframlags til þjóðkirkjunnar fór gegn réttindum félaga í trúfélagi kæranda skv. 9. gr.

30. Í fyrsta lagi vekur dómurinn athygli á því að skv. 63. gr. stjórnarskrár Íslands og 1. gr. laga um skráð trúfélög eiga allir rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Með skráningu skv. lögnum nutu kærandi og félagsmenn hans þeirra réttinda og undirgengust þær skyldur sem skráningunni fylgdu. Eins og getið er hér að framan naut félagið fjárframlaga í formi sóknargjalda sem ríkið innheimti af félögum þess. Í því sambandi er dóminum skylt að vekja athygli á því að samkvæmt því sem fram kemur hjá kæranda er ljóst að „með því að úthluta skráðum trúfélögum sóknargjöldum á grundvelli tekjuskatta einstakra borgara er íslenska ríkið með virkum hætti að vernda rétt félaga til þess að iðka trú sína.“ Einnig ber að geta þess að til þess að öðlast skráningu samkvæmt lögnum þurfa trúfélög að tilnefna fulltrúa sem fullnægir almennum hæfisskilyrðum til að gegna störfum á vegum hins opinbera og ber ábyrgð sem slíkur á framkvæmd þeirra starfa sem honum eru falin samkvæmt ákvæðum laga. Slíkur fulltrúi hefði heimild til þess að annast athafnir sem sambærilegar væru við skírnir, fermingar, hjónavígslur og jarðarfarir, svo og almenna sálgæslu (sbr. t.d. *Savez crkava "Riječ života" o.fl. gegn Króatíu*, nr. 7798/08, 9. desember 2010). Í ljósi þessa sér dómurinn ekki ástæðu til þess að ætla að stjórnvöld í hinu kærða ríki hafi á nokkurn hátt hindrað eða takmarkað réttindi trúfélags kæranda og félaga þess skv. 1. mgr. 9. gr. Mannréttindasáttmálans.

31. Ekki telur dómurinn heldur, í ljósi framangreindra álitamála, að með kærunni sé sýnt fram á vanrækslu af hálfu ríkisins að framfylgja neinum jákvæðum skyldum sínum skv. 9. gr. (sjá *Jakóbski gegn Póllandi*, nr. 18429/06, 47. gr., 7. desember 2010). Frelsi til þess að rækja trú sína eða sannfæringu skv.

þessari grein veitir ekki kæranda eða félagsmönnum hans rétt til viðbótarfjárvaitinga á fjárlögum.

32. Á grundvelli framangreinds rökstuðnings telur dómurinn að engin merki séu um brot á rétti kæranda og félagsmanna hans til þess að iðka trú sína. Samkvæmt því telur dómurinn að þessum hluta kærunnar beri að vísa frá sem augljóslega illa grunduðum skv. 3. og 4. mgr. 35. gr. Mannréttindasáttmálans.

33. Að því er varðar meint brot gegn 14. gr., sbr. 9. gr. Mannréttindasáttmálans ítrekar dómurinn að í máli *Cha'are Shalom Ve Tsedek gegn Frakklandi* [GC], (nr. 27417/95, 86. gr., ECHR 2000-VII), komst dómurinn að eftirfarandi niðurstöðu:

„[...] að samkvæmt dómafordæmum stofnana mannréttindasáttmálans er 14. gr. aðeins til fyllingar á öðrum efnisákvæðum mannréttindasáttmálans og viðaukanna við hann. Greinin á sér enga sjálfstæða tilveru, þar sem hún kveður aðeins á um það með hvaða hætti réttindi þau og frelsi, sem lýst er í fyrrnefndum ákvæðum, skuli tryggð. Jafnvel þótt beiting 14. gr. sé ekki sjálfkrafa til marks um að brotið hafi verið gegn fyrrgreindum ákvæðum – en að því leyti stendur ákvæðið sjálfstætt – getur ekkert svigrúm verið til þess að beita því nema að þau málsatvik sem um ræðir falli innan gildissviðs eins eða fleiri hinna síðarnefndu ákvæða.“

34. Í ljósi niðurstaðna í 30.-32. gr. hér að framan er umdeilanlegt hvort unnt sé að beita 14. gr. í þessu máli. Hvað sem því líður, jafnvel þótt gert væri ráð fyrir að svo sé og að málsatvik falli innan gildissviðs 9. gr., leggur dómurinn á það áherslu að mismunandi meðferð feli því aðeins í sér ójafnræði að meðferðin eigi sér ekki málefnalegar og eðlilegar ástæður (sjá t.d. *Darby gegn Svíþjóð*, 23. október 1990, 31. gr., A-hluti nr. 187). Dómurinn sér ekki ástæðu til að vefengja það sjónarmið Hæstaréttar að sú staðreynd að ekki sé unnt að bera verkefni kæranda og samfélagslegar skyldur saman við þær sem lagðar eru á þjóðkirkjuna sé ein og sér næg ástæða til þess að komast að þeirri niðurstöðu að ráðstöfun viðbótarfjárstuðnings til þjóðkirkjunnar feli ekki í sér mismunun. Eins og segir í dómi Hæstaréttar (sjá 14. gr. hér að framan), er ekki að finna í lögum um skráð trúfélög ákvæði sem sambærileg eru við þau sem gilda um þjóðkirkjuna, eins og lýst er í dómi Hæstaréttar. Ennfremur eru starfsmenn þjóðkirkjunnar opinberir starfsmenn, sem ólíkt starfsmönnum annarra trúfélaga hafa réttindi og skyldur sem slíkir gagnvart öllum almenningi, en ekki aðeins þeim sem eru í söfnuðum hennar. Ekki er unnt að bera þær lögboðnu skyldur, sem lagðar eru á þjóðkirkjuna með framangreindum lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar og öðrum lögum sem varða þjóðkirkjuna og starfsemi hennar við þær skyldur sem lagðar eru á trúfélag kæranda. Að því marki sem um var að ræða mismunandi meðferð telur dómurinn að hún hafi haft lögmætan tilgang og byggst á málefnalegum og eðlilegum forsendum (sjá t.d. *Cha'are Shalom Ve Tsedek* (sbr. fyrri tilvitnun), 87. gr.).

35. Af því leiðir að þessum hluta kærunnar ber einnig að vísa frá sem augljóslega illa grunduðum skv. 3. og 4. mgr. 35. gr. Mannréttindasáttmálans.

B. Kæra skv. 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmálann.

36. 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmálann er svohljóðandi:

„Öllum mönnum og lögaðilum ber réttur til að njóta eigna sinna í friði. „Skal engan svipta eign sinni, nema hagar almennings þjóði og gætt sé ákvæða í lögum og almennra meginreglna þjóðaréttar.

„Eigi skulu þó ákvæði undanfarandi málsgreinar á nokkurn hátt rýra réttindi ríkis til þess að fullnægja þeim lögum sem það telur nauðsynleg til þess að geta haft hönd í bagga um notkun eigna í samræmi við hag almennings eða til þess að tryggja greiðslu skatta eða annarra opinberra gjalda eða viðurlaga.“

1. Sjónarmið kæranda

37. Kvörtunarefni kæranda var að sóknargjaldafyrirkomulagið fæli í sér brot á 1. samningsviðauka nr. 1 gagnvart félögum hans. Kvað hann tiltekna fjárhæð vera dregna mánaðarlega frá tekjuskatti sérhvers félaga hans, þ.e. svonefnt sóknargjald, sem síðan væri ráðstafað til kæranda. Hins vegar nytu einstaklingar í þjóðkirkjunni góðs af 29,8% aukagjaldi til viðbótar sóknargjaldinu, sem rynni til kirkju hans, þannig að hann nyti betri þjónustu en félagar í öðrum trúfélögum. Af því leiddi að minna fé væri varið til annarrar opinberrar þjónustu við félagsmenn hans, sem jafnframt nytu ekki góðs af þjónustu þjóðkirkjunnar. Skortur á trúarþjónustu á landsbyggðinni og trúarlegu fræðsluefni væru dæmi um hvernig hallaði á félagsmenn kæranda.

2. Álit dómstólsins

38. Burtséð frá spurningunni um hvort kæranda sé heimilt fyrir hönd félagsmanna sinna að halda fram þeim réttindum sem tryggð eru skv. 1. gr. samningsviðauka nr. 1 og halda því fram að brotið hefði verið á honum skv. þeirri grein, veitir dómurinn því athygli að hann virðist ekki hafa haft uppi þá umkvörtun fyrir landsrétti. Kærandi hefur því ekki leitað til hlítar leiðréttingar í heimalandinu. Af því leiðir að þessum hluta kærunnar ber að vísa frá skv. 1. og 4. mgr. 36. gr. Mannréttindasáttmálans.

39. Hvað sem því líður er það niðurstaða dómsins að þessi umkvörtun feli í raun ekki í sér annað en endurtekningu á umkvörtun sem þegar hefur verið hafnað. Af því leiðir að af þeim ástæðum sem tilgreindar eru í 30.-34. gr. megi einnig hafna þessum hluta kærunnar sem augljóslega illa grunduðum skv. 3. og 4. mgr. 4. gr. Mannréttindasáttmálans.

Af þessum ástæðum lýsir meirihluti dómsins yfir að kærán sé ekki tæk til efnismeðferðar.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi

Dómur frá 10. júlí 2012 (óstytt þýðing)

Mál nr. 46443/09

10. gr. Tjáningarfrelsi

Blaðamenn. Ærumeiðingar. Ábyrgð á ummælum viðmælanda. Nauðsyn takmörkunar.

Í máli Bjarkar Eiðsdóttur gegn Íslandi kveður Mannréttindadómstóll Evrópu (fjórða aðaldeild), sem situr í deild skipaðri:

Lech Garlicki, *forseta*

Davíð Þór Björgvinssyni,

Päivi Hirvelä,

George Nicolaou,

Ledi Bianku,

Nebojša Vučinić,

Vincent A. De Gaetano, *dómurum*,

og Lawrence Early, *aðstoðarritari aðaldeildar*,

eftir að hafa fjallað um málið á lokuðum fundi hinn 19. júní 2012,

upp eftirfarandi dóm, sem var samþykktur þann dag sem síðast greinir:

MÁLSMEDFERÐ

1. Mál þetta á upphaf sitt í kærú (nr. 46443/09) sem Björk Eiðsdóttir („kærandi“), sem er íslenskur ríkisborgari, lagði fram gegn Íslandi samkvæmt 34. gr. Samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis („Mannréttindasáttmálans“) hinn 20. ágúst 2009.

2. Í fyrirvari fyrir kæranda voru Hreinn Loftsson og Gunnar Ingi Jóhannsson, báðir lögmenn í Reykjavík. Í fyrirvari fyrir ríkisstjórn Íslands („ríkið“) var Ragnhildur Hjaltadóttir hjá innanríkisráðuneytinu, sem umboðsmaður þess.

3. Kærandi taldiað brotið hefði verið gegn 10. gr. Mannréttindasáttmálans vegna óhagstæðrar niðurstöðu í meiðyrðamáli, sem höfðað var gegn henni af manni sem fjallað hafði verið um í grein sem birtist í tímaritinu Vikunni 23. ágúst 2007.

4. Kæran var send ríkinu 18. október 2010. Einnig var ákveðið að úrskurða jafnframt um meðferðarhæfi og málsástæður kærunnar (sbr. 1. mgr. 29. gr. reglna dómsins).

MÁLSATVIK

I. MÁLAVEXTIR

5. Kærandi, Björk Eiðsdóttir, er íslenskur ríkisborgari, fædd árið 1974 og búsett í Reykjavík. Á þeim tíma sem um ræðir starfaði hún sem blaðamaður hjá tímaritinu Vikunni.

6. Á árinu 2007 fór fram almenn umræða í prent- og ljósvakamiðlum á Íslandi um hvort herða ætti á reglum um nektardansstaði eða hvort banna ætti rekstur slíkra staða. Í júní 2007 birtist í tímaritinu Ísafold grein þar sem fjallað var um tengsl milli slíkra staða og vændis. Var því haldið fram að aðstæðum dansara á nektardansstöðum, sem ættu uppruna sinn í Austur-Evrópu, mætti líkja við mansal eins og það er skilgreint í viðeigandi skjölum Sameinuðu þjóðanna.

7. Í kjölfarið birtust í 31. tbl. tímaritsins Vikunnar viðtöl við þrjár austur-evrópskar konur, sem störfuðu á nektardansstaðnum Goldfinger í eigu Y. Kváðust þær ánægðar í starfi sínu hjá Y og töldu að gagnrýnina á nektardansstaði væri einungis unnt að rekja til öfundar tiltekinna annarra kvenna. Í sama tölublaði Vikunnar birtust viðtöl við tvær ónafngreindar nektardansmeyjar, sem lýstu neikvæðum hliðum starfa sinna, þ.e. að þeim fylgdu vændi og eiturfjafíkn.

8. Síðar hafði samband við Vikuna ung íslensk kona, Z, sem bauðst til þess að segja sögu sína. Var um að ræða fyrrum nektardansmæ, sem hafði starfað á nokkrum nektardansstöðum og m.a. hjá Y. Kvað hún sér hafa misboðið að sjá nektardansi lýst sem atvinnugrein er sveipuð væri töfraljóma. Z kom til viðtals við kæranda, sem kærandi hljóðritaði og vélritaði síðan upp eftir hljóðrituninni. Kærandi sendi vélrituðu útgáfuna til Z með tölvupósti til staðfestingar og til þess að fá heimild til birtingar. Z svaraði játandi.

9. Hinn 23. ágúst 2007 birtist í 34. tbl. Vikunnar grein sem byggði á viðtali kæranda við Z. Í inngangi var vísað til framangreindrar umfjöllunar í 31. tbl. Í viðtalinu lýsti Z starfi sínu sem nektardansmæ á ýmsum veitingastöðum, einkum á veitingastaðnum Goldfinger, sem var í eigu Y. Í greininni, sem skipt var upp með nokkrum undirfyrirsögnum, var m.a. að finna lýsingu Z á vændi, sem hún kvað hafa verið stundað óáreitt á þessum stöðum, m.a. á Goldfinger, eiturfjaneyslu hennar eftir að hún hóf störf sem nektardansmæ og hótunum sem hún hefði orðið fyrir í tengslum við starfið. Á forsiðu blaðsins var ljósmynd af Z, sem einnig var að finna á fyrstu síðu blaðsins við hlið ritstjórnargreinar G.E.A., ritstjóra blaðsins, sem fjallaði um áður nefnda grein. Þá voru myndir af Z á titilsíðu greinarinnar, við hlið meginmáls hennar, auk ljósmyndar af Y.

10. Í texta við hlið síðarnefndu ljósmyndarinnar var sagt að blaðið hefði haft samband við hann og borið undir hann þá frásögn Z að hann „hvetti starfsstúlkur sínar til þess að stunda vændi og hefði milligöngu þar um“. Ennfremur segir:

„[Y] hafnaði þessu alfarið. „Ég get sagt með fullri vissu að ekki ein einasta starfsstúlka hjá mér er hvött til þess að stunda vændi. Hins vegar get ég ekki bann-

að það sem þær gera utan vinnutíma.“ Aðspurður um orðróm um að vændi ætti sér stað innan veggja veitingarhúss hans svaraði hann því til að það væri ekki sannleikanum samkvæmt, að því er hann vissi. „Þetta er einfaldlega helber lygi og það virðist sem þeir sem njóta velgengni þurfi alltaf að sitja undir sögusögnum. Ég hef alltaf reynt að sýna stúlkunum mínum eins mikla sanngirni og ég get. Ég hef verið í þessum bransa í níu ár og mér hefði ekki haldist á starfsfólki ef ég hefði beiði það um að gera eitthvað gegn vilja sínum. [Y] var einnig þeirrar skoðunar að umfjöllun Vikunnar um þessi mál ætti sér rætur í annarlegum hvötum þar sem Vikan væri gefin út af sama fyrirtæki og Mannlíf og Ísafold, en hann stæði í málaferlum við þau. [Y] lagði áherslu á að engin ósannindi skyldu birt um hann og fyrirtæki hans og sagði að lokum: „Ég vona til guðs að þið lendið ekki í vandræðum vegna þess sem þið birtið í blaðinu ykkar“.

11. Hinn 5. og 6. september höfðaði Y meiðyrðamál gegn kæranda, ritstjóranum G.E.A. og Z fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Í stefnu, þar sem hann setti fram kröfur í fjórum liðum, sem lýst er hér að neðan, krafðist hann þess að eftirfarandi ummæli í viðkomandi tölublaði Vikunnar yrðu dæmd dauð og ómerk:

1. kröfuliður [ummæli Z]

A. „Ég endaði á því að vinna fyrir [Y] en það var mjög mikið um vændi inn á stöðunum hans og gríðarleg pressa á þeim stelpum sem fyrir hann störfuðu að stunda slíkt.“

B. „[Y] hefur alltaf gert mikið út á vændi og þá inni á stöðunum. Eftir að einkadansinn var bannaður hefur vændið einfaldlega farið fram bak við tjöld sem sögð eru notuð til að hægt sé að spjalla við kunnana í einrúmi.“

C. „Það er allur gangur á því hvort kunnarnir borga [Y] sjálfum fyrir þjónustuna eða stelpunum beint ...“

D. „Ég er komin yfir hræðsluna við þessa menn þótt mér hafi vissulega verið hótad lífláti og á tímabili fór ég ekki út úr húsi vegna hræðslu.“

E. „Starfsstúlkur hans sem koma hingað tímabundið í þrjá mánuði í senn eru eins og í fangelsi.“

F. „Þess á milli eru þær í raun kyrrsettar í húsinu fyrir utan vissan útivistartíma.“

G. „Ástæðan fyrir því er sú að stelpur urðu uppvísar að því að ná sér í kúnna utan klúbbsins án þess að [Y] fengi hlut af þóknuninni en hann vill geta stjórnað vændinu sjálfur.“

2. kröfuliður [varðandi ummæli í millifyrirsögnum]

A. „Vændi regla frekar en undantekning.“

B. „Hótad lífláti.“

C. „Fluttar inn grunlausar um hvert stefndi.“

3. kröfuliður

A. „Hótad lífláti ef hún segði frá.“ [Birt sem fyrirsögn á forsiðu.]

B. „[Z] vann sem strippari og segir blaðamanni Vikunnar allt um vændið og líflátshótanirnar.“ [Birt í útdrætti í efnisyfirliti.]

C. „[Z] segir vændi látið vera óáreitt og það sé áberandi inni á nektarstöðunum.“ [Birt í útdrætti í efnisyfirliti.]

4. kröfuliður

„[Z] er ótrúlega hugröck að þora að stíga fram og segja frá þrátt fyrir að henni hafi verið hótad lífláti... .”

12. Y taldi að Z bæri aðallega ábyrgð á ummælunum í 1. kröfulið, en til vara kærandi, sem höfundur greinarinnar. Hinn síðarnefndi bæri ábyrgð á ummælum í 2. kröfulið, en stefndi G.E.A., sem ritstjóri tímaritsins, bæri ábyrgð á ummælum í 3. kröfulið. Til vara, ef ekki yrði fallist á þessa kröfu, krafðist Y þess að kærandi yrði talinn ábyrgur sem höfundur greinarinnar sem vísað væri til í umræddri millifyrirsögn og útdrætti.

13. Að auki krafðist Y þess að stefndu yrði gert óskipt að greiða sér kr. 5.000.000 í bætur og kr. 800.000 til að standa straum af birtingu dómsins í málinu í þremur dagblöðum auk sams konar birtingar í næsta tölublaði Víkunnar.

14. Í málsástæðum sínum varðandi framangreindar kröfur færðu kærandi og ritstjóri m.a. fram eftirfarandi rök:

„Flestir myndu fallast á að stefnandi sé umdeildur einstaklingur vegna þeirrar starfsemi sem hann hefði árum saman verið viðloðandi í Reykjavík og Kópavogi. Umræða um tengsl nektardans og vændis væri þrálát, ekki síst þar sem erlendis sé slík starfsemi oft rekin samhliða, opinberlega og á löglegan hátt, en einnig vegna eðlis starfseminnar. Sem dæmi um slíkan þrálátan orðróm á Íslandi mætti nefna skýrslu frá árinu 2006 um mansal á Íslandi (dskj.7), sem sendiráð Bandaríkjanna á Íslandi hefði látið taka saman. Á bls. 3 í skýrslunni komi fram að við gerð hennar hefði starfsmanni sendiráðsins verið boðin kynlífsþjónusta á veitingastaðnum Goldfinger. Óumdeilt sé að starfsemi súlustaða felist í því að fá stúlkur, í meirihluta tilvika erlenda ríkisborgara, til að dansa fáklæddar eða klæðalausar frammi fyrir gestum staðarins eða inni í einkarýmum og eins og nafnið benti til væri erfitt að hafa auga með öllu sem fram færi í slíkum lokuðum rýmum. Stefnandi hefði ennfremur viðurkennt opinberlega að komið hefðu upp tilvik á Goldfinger þar sem gestum staðarins hefði verið boðin kynlífsþjónusta, sbr. viðtal við stefnanda á Stöð 2 hinn 1. júní 2007 (dskj. 6). M.a. vegna leyndarinnar sem fyrir flestum hvíldi yfir starfsemi af þessum toga, svo og þráláttra orðróma um vændi og mansal, teldu stefndu að umræða um málið ætti erindi við almenning og varðaði almannahagsmuni. Vísuðu stefndu m.a. til fréttar á dskj. 9, þar sem vitnað er til ummæla lögreglustjórans í Reykjavík í skýrslu hans varðandi [vínveitingar]leyfi til Goldfinger, að rannsóknir í Evrópu hefðu sýnt að nektardansmeyjar yrðu fyrir alls konar misneytingu og að í mörgum tilvikum yrðu þær fórnarlömb mansals eða annarra glæpa. Töldu stefndu að stefnandi yrði að þola og sætta sig við umdeilda umræðu um starfsemi Goldfinger. Málátilbúnaður stefnanda væri hins vegar haldinn þeim annmarka að hann virtist samsama persónu sína við starfsemi allra súlustaða landsins.“

15. Við aðalmeðferð málsins í héraði gerðu Y og Z með sér dómsátt en með henni féll Y frá málssókn sinni á hendur henni. Hann hélt þó fram kröfum sínum á hendur kæranda og ritstjóranum.

16. Með dómi 4. apríl 2008 komst héraðsdómur að þeirri niðurstöðu að

nokkur ummæli sem rekja mátti til Z hefðu falið í sér ærumeiðingu og að hún bæri ætlaða ábyrgð á þeim en að fallið hefði verið frá málssókn á hendur henni. Hins vegar yrðu kærandi og ritstjórinn ekki taldir ábyrgir og af þeim sökum vísaði héraðsdómur máli Y gegn þeim frá dómi.

17. Y skaut niðurstöðu héraðsdóms til Hæstaréttar.

18. Kærandi og ritstjórinn vísuðu til röksemdafærslu sinnar fyrir héraðsdómi og mótmæltu því að í staðhæfingum, sem væru efni meiðyrðamáls Y, fælust ærumeiðandi ummæli og aðdróttanir gegn honum. Í öllu falli, varðandi 1. kröfulið, væri ekki unnt að kalla stefndu til ábyrgðar skv. 15. gr. prentlaga fyrir ummæli Z í viðtalinu, sem hlyti að teljast höfundur þeirra. Að því er varðar 2. kröfulið hefðu í hinum umþrættu millifyrirsögnum ekki falist aðdróttanir er beindust gegn æru áfrýjanda, né heldur staðhæfingar þess efnis að hann hefði skipulagt vandi eða aðra ólöglega starfsemi. Viðtalið hefði verið tekið við Z, sem hefði rætt með opinskáum hætti um reynslu sína sem nektardansmæð á ýmsum nektardansstöðum. Við uppsetningu viðtalsins hafi kærandi notað millifyrirsagnir til að skipta því upp í kafla til skýrleika og til að draga fram hvert umræðuefni fyrir sig. Hefði hún aðeins vitnað í orð viðmæl- andans og ekki lagt neitt af mörkum frá eigin brjósti. Hið sama eða svipað ætti við um 3. og 4. kröfulið. Skilyrði fyrir ábyrgð skv. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 væru ekki uppfyllt. Stefndu hefðu ekki farið með neinar staðhæfingar sem færu út fyrir stjórnarskrárbundinn rétt þeirra til tjáningarfrelsis (73. gr. stjórnarskrárinnar).

19. Með dómi, sem kveðinn var upp 5. mars 2009, hafnaði Hæstiréttur áfrýjun Y að því er varðar ritstjóran. Að því er varðar kæranda féllst rétturinn á liði A - C og E - G í 1. kröfulið, svo og lið A í 2. kröfulið. Var kæranda gert að greiða áfrýjanda kr. 500.000 (u.þ.b. 3.000 evrur) í miskabætur og kr. 400.000, ásamt vöxtum, í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Í dómnum var m.a. að finna eftirfarandi rökstuðning:

Ágreiningur málsins snýst aðallega um það hvort stefndu beri ábyrgð á því sem haft er eftir viðmælanda stefndu [kæranda] á grundvelli 2. og 3. mgr. 15. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956 og hvort fyrirsagnir og tilvísanir sem stefndu sömdu sjálfar, sem þær halda fram að hafi verið gert með vísan til orða viðmælanda síns, rúmist innan 73. gr. stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi. Málsástæðum aðila er nægi- lega lýst í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar kemur fram reisir áfrýjandi kröfu sína um ómerkingu ummælanna í fyrsta lið A til og með G á því að þau feli í sér ærumeiðandi aðdróttanir, sem [kærandi] beri ábyrgð á sem höfundur greinarinnar samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956. Á tiltilsiðu greinarinnar kemur fram að texti hennar sé unninn af [kæranda]. Staðfesti hún við skýrslugjöf fyrir dómi að hún væri höfundur greinarinnar og hefði einnig samið millifyrirsagnirnar Hún hafi valið orðin í millifyrirsagnirnar, en í þeim og greininni væri nær orðrétt haft eftir Z, þetta væri frásögn hennar ([Z]). [Kærandi] hafi tekið viðtalið upp á segulband og unnið greinina upp úr því og sent [Z] í þeim búningi. [Z] hafi síðan staðfest með tölvupósti að rétt væri eftir henni haft. Við samanburð á handriti af viðtalinu og hljóðupptöku af því annars vegar og hins vegar umræddri blaðgrein og milli- fyrirsögnum er ljóst að ekki er orðrétt haft eftir viðmælanda. Jafnframt kemur þó

glögglega fram að [kærandi] hafði í greininni í meginatriðum efnislega rétt eftir viðmælanda sínum, sem síðar staðfesti eins og fram er komið að þar væri rétt farið með eftir henni. Þar sem [kærandi] er á forsiðu ... tilgreind sem höfundur texta og hún hefur gengist við að hafa samið hana ásamt millifyrirsögnum hennar telst hún vera höfundur greinarinnar og millifyrirsagnanna í skilningi 2. mgr. 15. gr. nr. 57/1956 og ber sem slíkur ábyrgð á þeim. Breytir þá engu hvort [Z] kunni einnig að geta talist höfundur greinarinnar í skilningi þessa ákvæðis

Með ummælunum í 1. kröfulið A, B, C og G er áfrýjanda borin á brýn refsiverð háttsemi sem fellur undir 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hann hafi staðið fyrir því að stúlkur sem störfuðu hjá honum stunduðu vandi á þeim stöðum sem hann rak sér til ávinnings og beitt þær í þeim tilgangi þrýstingi. Orðin í E og F lið lúta hins vegar að því að áfrýjandi hafi svipt stúlkur, sem störfuðu hjá honum frelsi, en sú háttsemi er refsiverð samkvæmt 226. gr. almennra hegningarlaga. Í meginmáli undir millifyrirsögninni: „Vandi regla frekar en undantekning“ er meðal annars að finna orðin sem um getur í 1. kröfulið A og B auk fleiri ummæla um [Y] og nektarstað hans Goldfinger. Af samhenginu milli meginmálsins og fyrirsagnarinnar er ljóst að hún beinist að [Y]. Um þessa fyrir sögn á sama við og ummælin í liðum A, B, C og G hér að framan. Varða ummælin í 1. kröfulið A, B, C, E, F og G og millifyrirsögnin í A lið 2. kröfuliðar við 235. gr. almennra hegningarlaga. Þau fela ekki í sér lýsingu á skoðunum eða gildismat heldur fullyrðingar um staðreyndir og rúmast ekki innan 73. gr. stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi. Verða þau dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laganna.

Orðunum í 1. kröfulið D er beint að ótilgreindum mönnum en ekki að [Y]. Undirfyrirsagnirnar í B og C lið 2. kröfuliðar eru almenns eðlis og verður heldur ekki ráðið af texta undir fyrirsögunum að þær beinist að [Y]. Verður [kærandi] því sýkn[aður] af þessum kröfuliðum. Orðin sem rakin eru í 3. og 4. kröfulið, sem stefnda [G.E.A., ritstjóri] ber ábyrgð á eftir 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956, eru einnig almenns eðlis og verður hún því einnig sýknuð af þessum kröfuliðum.

Birta skal forsendur og niðurstöðu dóms þessa í fyrsta tölublaði Vikunnar, sem út kemur eftir uppsögu þessa dóms, en kröfum um greiðslu kostnaðar vegna frekari birtingar er hafnað.

[Y] á rétt á miskabótum samkvæmt b. lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 úr hendi [kæranda] vegna áðurnefndra ærumeiðandi ummæla sem eru [...] ákveðnar 500.000 krónur með vöxtum svo sem nánar greinir í dómsorði. Eftir þessum úrslitum verður stefnda Björk dæmd til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti [...]. Málskostnaður fellur niður að öðru leyti.“

II. TILVÍSUN TIL LAGA

20. 73. gr. stjórnarskrár Íslands, lög nr. 33/1994, er svohljóðandi:

73. gr.

„Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannróðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.“

21. Í almennum hegningarlögum nr. 19/1944, í XXV. kafla, sem ber yfirskriftina „Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs“, er að finna eftirfarandi viðeigandi ákvæði:

234. gr.

„Hver, sem meiðir æru annars manns með móðgun í orðum eða athöfnum, og hver, sem ber slíkt út, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.“

235. gr.

„Ef maður dróttar að öðrum manni einhverju því, sem verða myndi virðingu hans til hnekkis, eða ber slíka aðdróttun út, þá varðar það sektum eða fangelsi] allt að 1 ári.“

236. gr.

„Sé ærumeiðandi aðdróttun höfð í frammi eða borin út gegn betri vitund, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum.

Sé aðdróttun birt eða borin út opinberlega, enda þótt sakaráberi hafi ekki haft sennilega ástæðu til að halda hana rétta, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 2 árum.“

241. gr.

„Í meiðyrðamáli má dæma óviðurkvæmileg ummæli ómerk, ef sá krefst þess, sem misgert var við.

Dæma má þann, sem sekur reynist um ærumeiðandi aðdróttun, til þess að greiða þeim, sem misgert var við, ef hann krefst þess, hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms, atriðisorða hans eða forsendna jafnframt, eftir því sem ástæða þykir til, í opinberu blaði eða riti, einu eða fleirum.“

22. Í 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 er kveðið svo á:

„Heimilt er að láta þann sem:

a. af ásetningu eða stórfelldu gáleysi veldur líkamstjóni eða

b. ábyrgð ber á ólögmatrí meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við.“

23. Í lögum um prentrétt nr. 57/1956, V. kafla, um ábyrgð á efni rita, er að finna eftirfarandi viðeigandi ákvæði:

13. gr.

„Hver sá, sem birtir eða dreifir eða á hlut að birtingu eða dreifingu annars rits en blaðs eða tímarits, ber refsí- og fébótaábyrgð samkvæmt almennum reglum laga, ef efni ritsins brýtur í bága við lög.“

15. gr.

„Um ábyrgð á efni annarra blaða eða tímarita en þeirra er getur í 14. gr. gilda þessar reglur:

10. gr. Tjáningarfrelsi

Höfundur ber refsí- og fébótaábyrgð á efni ritsins, ef hann hefur nafngreint sig og er auk þess annaðhvort heimilisfastur hér á landi, þegar ritið kemur út, eða undir íslenskrí lögsögu, þegar mál er höfðað.

Ef enginn slíkur höfundur hefur nafngreint sig, ber útgefandi rits eða ritsjóri ábyrgðina, því næst sá er hefur ritið til sölu eða dreifingar, og loks sá, sem annast hefur prentun þess eða letrun.“

24. Í siðareglum Blaðamannafélags Íslands er m.a. að finna eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

„Blaðamaður leitast við að gera ekkert það, sem til vanvirðu má telja fyrir stétt sína eða stéttarfélag, blað eða fréttastofu. Honum ber að forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á starfi blaðamanns eða skert hagsmuni stéttarinnar. Blaðamaður skal jafnan sýna drengskap í skiptum sínum við starfsfélaga.

2. gr.

Blaðamanni er ljós persónuleg ábyrgð á öllu sem hann skrifar. Hann hefur í huga að almennt er ritið á hann sem blaðamann þó að hann komi fram utan síns eiginlega starfssviðs, í riti eða ræðu. Blaðamaður virðir nauðsynlegan trúnað við heimildarmenn sína.

3. gr.

Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.“

LAGAATRÍÐI

I. MEINT BROT GEGN 10. GR. MANNRÉTTINDASÁTTMÁLANS

25. Kærandi taldi að dómur Hæstaréttar frá 28. gr. fæli í sér afskipti af rétti hennar til tjáningarfrelsis sem ekki „bæri nauðsyn til í lýðræðisríki“ og færi því gegn 10. gr. Mannréttindasáttmálans, sem er svohljóðandi:

„1. Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi.“

„2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir upp-ljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla.“

26. Ríkið mótmælti þessari röksemdafærslu.

A. MEÐFERÐARHÆFI

27. Að mati dómstólsins er kæra þessi ekki augljóslega illa ígrunduð í skilningi a-liðar 3. gr. 35. gr. Mannréttindasáttmálans. Ennfremur telur

dómstóllinn að hún sé ekki ómeðferðarhæf á neinum öðrum forsendum. Hún verður því að teljast meðferðarhæf.

B. Málsástæður

28. Dómurinn telur að hin umdeilda aðgerð hafi falið í sér „afskipti stjórnvalda“ af rétti kæranda til tjáningarfrelsis, sem tryggður er skv. 1. mgr. 10. gr.

29. Afskiptin áttu sér lagastoð í 235. gr. og 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga, 2. mgr. 15. gr. prentlaga og 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga og í þeim skilningi voru þau „lögmælt“ í skilningi 2. mgr. 10. gr.

30. Í því sambandi vekur dómstóllinn athygli á því að við málflutning fyrir dómstólnum taldi kærandi ennfremur, með vísan til framangreindrar forsendu – um að ráðstöfunin hefði verið „lögmælt“ – að með því að telja hana ábyrga fyrir hinum umdeildu ummælum sem „höfund“ skv. 2. mgr. 15. gr. prentlaga, hefði Hæstiréttur beitt landsrétti með þeim hætti að niðurstaðan var ekki fyrirsjáanleg. Með öðrum orðum, þótt hún héldi því ekki fram að fyrir afskiptunum hefði skort lagastoð skv. íslenskum rétti vefengdi hún gæði laganna með tilliti til kröfunnar um fyrirsjáanleika er leiddi af eigin túlkun dómstólsins á kröfunni um lagastoð í fordæmum sínum. Dómurinn telur hins vegar ekki þörf á að fjalla um þetta atriði, sem virðist varða sérstakt mál sem kærandi vísar til í fyrsta skipti í athugasemdum sínum frá 8. apríl 2011 í svari við athugasemdum ríkisins frá 16. febrúar 2011.

31. Dómurinn telur ennfremur að afskiptin hafi haft þann lögmæta tilgang að vernda „réttindi og mannorð annarra“.

32. Eftir stendur að taka afstöðu til þess hvort afskiptin hafi verið „nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi“.

1. Sjónarmið aðila

(a) Kærandi

33. Kærandi taldi að þótt færa mætti fyrir því rök að sum ummælin sem birt hefðu verið væru staðhæfingar um staðreyndir fremur en gildisdómar, væri ljóst að það væri ekki næg ástæða til þess að skerða tjáningarfrelsi hennar sem fréttamanns, sbr. 10. gr. sáttmálans. Hún hefði verið í góðri trú og ætlun hennar hefði ekki verið að sverta mannorð Y, heldur að leggja til málanna í yfirstandandi almennri umræðu um starfrækslu nektardansstaða. Greinin hefði varðað alvarlegt mál sem átti erindi við almenning. Með því að banna dreifingu upplýsinganna hefði dómur Hæstaréttar leitt til óeðlilegrar skerðingar á frelsi kæranda sem fréttamanns, sem varinn væri skv. 10. gr., og ekki gæti talist „nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi.“ Með því að vera krafín um haldbær sönnunargögn fyrir ummælum Z hefði kærandi staðið frammi fyrir ósanngjörnu, og jafnvel ómögulegu viðfangsefni (*Þorgeir Þorgeirson gegn Íslandi*, 25. júní 1992 65. mgr., A-deild nr. 239).

34. Að mati kæranda lægi fyrir fullnægjandi staðreyndagrunnur til þess að heimila birtingu hinna umdeildu staðhæfinga Z í viðtalinu við hana.

35. Í fyrsta lagi vísaði kærandi til þess að viðtalið varðaði almenna

umræðu um hvort vændi ætti sér stað á nektarstaðnum Goldfinger, sem Y ætti og ræki, og hvort hann ætti beinan þátt í þeirri starfsemi. Fréttin hefði byggst á viðtali við konu, Z, sem hefði unnið fyrir Y og hefði langa og beina reynslu af aðstæðum á nektardansstöðum, þ.m.t. Goldfinger. Að auki bæri að hafa hugfast að nokkrum vikum áður hefði Víkan birt viðtal við þrjár austur-evrópskar konur, sem hefðu dregið upp glæsimynd af nektardansi. Í sama tímariti hefði einnig birst viðtal við tvær íslenskar konur, sem höfðu reynslu af nektardansi, og báðar deildu reynslu Z að því er varðar vændi á nektardansstöðum. Í þriðja lagi hefði kærandi við málflutninginn á Íslandi lagt fyrir héraðsdóm skýrslu frá sendiráði Bandaríkjanna um kynlífsglæpi á Íslandi, þar sem lýst var atviki þegar einum starfsmanni sendiráðsins var boðið kynlíf gegn greiðslu þegar hann heimsótti nektardansstaðinn Goldfinger í rannsóknarskyni. Í fjórða lagi vísaði kærandi til skýrslu lögreglustjórans í Reykjavík, sem hefði mótmælt umsókn frá Goldfinger um endurnýjun vínveitingarleyfis með vísan til grunsemda lögreglunnar um ólöglega starfsemi í tengslum við veitingastaðinn. Í skýrslunni var staðfest að rannsóknir hefðu sýnt fram á tengsl milli vændis og nektardansstaða og að lögreglan stæði gegn endurnýjun vínveitingarleyfis til Goldfinger.

36. Að auki vísaði kærandi til annars meiðyrðamáls (hæstaréttardómur nr. 475/2008 frá 30. apríl 2009), sem Y hefði höfðað gegn öðru tímariti fyrir héraðsdómi nánast samtímis þessu máli. Í því tilviki hefði fyrrum yfirdyravörður á Goldfinger (um nokkurra ára skeið) borið vitni fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og sagt að Y hefði látið vændi viðgangast áreitislaust á veitingastaðnum. Samkvæmt vitnisburði hans hefði Y fengið í sinn hlut helming teknanna af þessari starfsemi. Í því máli, þar sem Hæstiréttur hefði kveðið upp dóm 30. apríl 2009, krafðist Y ómerkingar á átta ummælum þar sem fullyrt hefði verið að vændi ætti sér oft stað á Goldfinger. Hæstiréttur hefði hafnað kröfu Y um ómerkingu allra ummæla um vændi á Goldfinger. Það var gert á þeim forsendum að unnt væri að sýna fram á að vændi ætti sér stað inni á Goldfinger þótt því hefði ekki verið haldið fram í tímaritinu að Y nyti persónulegs ávinnings af þeirri starfsemi.

37. Kærandi lagði áherslu á að Y hefði sjálfur viðurkennt í sjónvarpsviðtali um svipað leyti og hin umdeilda grein birtist, að komið hefðu upp tilvik um vændi en að hann hefði tekið á þeim, án þess að hann lýsti nánar hvernig það hefði verið gert. Eftirrit af viðtalinu hefði verið lagt fram við dómsmeðferðina á Íslandi. Í sama viðtali hefði Y einnig viðurkennt að fatafellurnar hefðu verið sviptar frelsi sínu en tók fram að það hefði verið nauðsynlegt til þess að vernda þær fyrir viðskiptavinum sem vildu meira en einkadans. Einnig kom fram í málinu að félagsmálaráðuneytið hefði farið fram á að lögreglan hæfi rannsókn á því hvort starfsfólk á nektardansstöðum hefði verið svipt frelsi sínu. Kærandi bætti því við að ekki hefði getað farið fram hjá Y, sem annaðist daglegan rekstur klúbbsins og hefði skrifstofu í húsnæði þess, ef þar ætti sér stað ólögleg starfsemi.

38. Kæranda kom spánskt fyrir sjónir sú staðhæfing ríkisins að „Goldfinger væri enn í rekstri“ þegar raunin væri sú að nektardans hefði verið bannaður á Íslandi.

39. Væri það skoðun kæranda að framangreindar staðreyndir gæfu ærið tilefni til þess að ræða meinta vændisstarfsemi með óheftum og opinskáum hætti.

40. Kærandi lagði á það áherslu að umræddur fréttaflutningur hefði byggst á áreiðanlegri heimild, þ.e. vitnisburði frá fyrstu hendi konu sem hefði haft samband við Vikuna og óskað eftir því að fá að segja sögu sína. Það gerðist eftir að konurnar höfðu lesið viðtal í sama blaði, sem birst hafði þremur vikum áður, við þrjár austur-evrópskar konur, sem allar störfuðu fyrir Y á Goldfinger, þar sem þær drógu upp glansmynd af starfseminni. Hefði Z misboðið lýsing þeirra á starfsgreininni. Engar vísbendingar væru um að kærandi hefði verið í vondri trú eða að brotið hefði verið gegn siðareglum góðrar blaðamennsku og hún mótmælti þeirri staðhæfingu ríkisins að hún hefði sýnt af sér kæruleysi. Málið hefði ekki farið fyrir siðanefnd Blaðamannafélags Íslands. Þvert á móti hefði Blaðamannafélag Íslands lýst hneykslun á dómi Hæstaréttar. Lagði kærandi áherslu á að viðtalið hefði verið liður í yfirstandandi almennt umræðu á Íslandi um hvort banna ætti nektardansstaði. Y hefði verið gefið tækifæri til þess að tjá sig um greinina, sem hann nýtti og hafnaði þar öllum ásökunum.

41. Kærandi vísaði til niðurstöðu í máli *Selistö gegn Finnlandi* (nr. 56767/00, 16. nóvember 2004) og hvatti dómstólinn til þess að ígrunda hvort Y, sem væri mjög umdeild persóna sem ætti og ræki mjög umdeilda starfsemi, hefði svo skýlausa hagsmuni af því að vernda orðspor sitt að þeir stæðu frammar hagsmunum af því að fram færi umræða um mikilvægt málefni sem ætti lögmætt erindi við almenning.

42. Kærandi hefði ekki haft neina ástæðu til að ætla að upplýsingarnar kynnu að vera ósannar og raunar teldi hún að þær væru réttar og sannar. Óumdeilt væri að viðmælandinn hefði starfað í mörg ár sem nektardansmæ, þ.m.t. fyrir Y í klúbbum hans, nánar til tekið á Goldfinger. Hún hefði enga ástæðu til þess að sverta mannorð Y. Í skýrslugjöf sinni fyrir héraðsdómi hefði hún fært fyrir því rök að þar sem ummæli hennar við tímaritið væru sönn gætu þau ekki talist ærumeiðandi. Vitnisburður hennar í héraði hefði verið á sömu leið. Við aðalmeðferð málsins í héraði kaus Y að gera dómsátt við viðmælandann og féll þar með frá öllum kröfum á hendur henni og greiddi allan málskostnað hennar og stóð kærandi þá einn eftir til þess að bregðast við þeirri staðhæfingu hans að fréttin væri ósönn og þar með ærumeiðandi.

43. Að kalla kæranda til ábyrgðar einfaldlega vegna þess að hún gæti ekki fært sönnur á allar staðhæfingar viðmælandans hefði þau áhrif að svipta hana rétti sínum sem einstakling og fréttamann til þess að miðla mikilvægum upplýsingum sem ættu erindi við almenning. Ekki væri unnt að ráða af dómi Hæstaréttar hvernig fréttamaður gæti firrt sig ábyrgð við fréttaflutning eða birtingu greinar um dekkri hliðar samfélagsins. Í dóminum væri ekki gætt eðlilegs jafnræðis milli tjáningarfrelsis kæranda annars vegar og hagsmuna Y

af því að vernda mannorð sitt hins vegar.

44. Loks bar kærandi að fjárhæð bótanna sem Hæstiréttur hefði gert henni að greiða til Y – kr. 1.102.599 með dráttarvöxtum til tveggja ára, sem á gengi ársins 2007 næmi u.þ.b. 12.500 evrum – svaraði til fimmfaldra mánaðarlauna hennar (2.600 evrur), auk eigin málskostnaðar fyrir héraðsdómi og Hæstarétti. Að mati hinnar væri fjárhæð bótanna í engu samræmi við markmiðið sem stefnt væri að.

(b) Ríkið

45. Ríkið lagði á það áherslu í upphafi að við túlkun á 73. gr. stjórnarskrárinnar hefðu íslenskir dómstólar í framkvæmd sinni jafnan lagt ríka áherslu á sambærileg sjónarmið og þau sem Mannréttindadómstóllinn beitir við skýringu 10. gr. sáttmálans og einnig hefði verið litið til þeirra atriða í umfjöllun um þetta mál.

46. Ríkið benti á að eftir því sem best fengist séð af dómi Hæstaréttar var talið að ummælin, sem talin voru brjóta gegn rétti Y, hefðu falið í sér fullyrðingar um staðreyndir fremur en gildisdóma. Þessi nálgun væri í fullu samræmi við framkvæmd Mannréttindadómstólsins.

47. Þar sem staðhæfingarnar um að Y væri sekur um alvarleg refsiverð brot hefðu verið settar fram sem staðreyndir hefðu íslensku dómstólarnir haft rýmra svigrúm til mats við takmörkun á tjáningarfrelsi hennar en ef í staðhæfingunum hefðu falist gildisdómar.

48. Ummælin, sem birst hefðu í grein kæranda, yrði að skoða í ljósi samhengis þeirra og með tilliti til framsetningar þeirra í umræddu tímariti. Greinin hefði verið aðalfrétt tímaritsins og henni slegið upp með fyrirsögn á forsiðu, auk þess sem hún hefði verið aðalefni ritstjórnargreinar blaðsins. Af þeim undirfyrirsögnum í grein kæranda, sem óumdeilt væri að hún hefði valið úr frásögn viðmælandans, voru ummælin „Vændi regla frekar en undantekning“ og „Fluttar inn grunlausar um hvert stefndi“ sérlega sláandi og til hnekkis fyrir Y, sem var ítrekað nafngreindur í greininni. Jafnvel þótt kærandi bæri ekki ábyrgð á ummælunum sem birtust á forsiðu eða í ritstjórnargrein væri samhengið allt og framsetning greinarinnar og millifyrirsagnir með þeim hætti að þær fólu í sér alvarlegar aðdróttanir gegn Y.

49. Ríkið féllst á að vændi og önnur tengd glæpastarfsemi væru mikilvægt samfélagslegt málefni og að afar mikilvægt væri að slík mál fengu frjálsa umfjöllun á almennum vettvangi. Augljóslega væri um að ræða samfélagslegt vandamál sem ætti mikið erindi við almenning á Íslandi eins og í öðrum Evrópulöndum og opin umræða hefði átt sér stað um málið í íslenskum fjölmiðlum, bæði í blöðum og ljósvakamiðlum. Kallað hefði verið eftir breytingum á refsilöggjöf í landinu, þar sem kveðið yrði á um þyngri refsidóma og að kaup á vændisþjónustu yrðu bönnuð með lögum, auk þess sem kallað hefði verið eftir sérstökum aðgerðum innan löggæslukerfisins, svo og aukinni áherslu á alþjóðlegt lögreglusamstarf. Ákært hefði verið og sakfelld í sakamálum fyrir íslenskum dómstólum á undanförunum árum þar sem bæði vændi og mansal

komu við sögu. Mál þessi hefðu vakið mikla athygli fjölmiðla. Hvorki Y né klúbbur hans hefðu verið bendlaðir við þessi mál.

50. Þessi staða mála gæfi kæranda ekki rétt til þess að birta ósannar staðhæfingar þess efnis að tilteknir einstaklingar hefðu framið refsiverð brot í tengslum við slíka starfsemi. Þannig yrði Y ekki gert að þola yfirlýsingu um sekt sína og fullyrðingar um að hann hefði haft tekjur af vændi, svipt konur frelsi sínu og neytt þær til þess að stunda vændi. Með öðrum orðum gæti sú staðreynd ein og sér að almenn umræða hefði átt sér stað um vændi í klúbbum á borð við þá sem Y starfrækti ekki orðið kæranda grundvöllur til staðhæfinga um að hann væri sekur um slíka refsiverða háttsemi. Ummælin um Y í grein kæranda og samhengi þeirra væru augljóslega ekki nauðsynlegt framlag til hinnar almennu umræðu um málið. Raunar hefði Hæstiréttur í dómi sínum gert greinarmun á almennum yfirlýsingum um málefnið og sérstökum ummælum um persónu Y, en hin síðarnefndu voru ekki talin nauðsynlegt framlag til þjóðfélagsumræðunnar.

51. Sú röksemdafærsla kæranda að lögregla hefði hafnað því að framlengja vínveitingarleyfi Y af ástæðum sem tengdust vændi ætti sér heldur enga stoð og hefði því ekkert gildi; jafnvel þótt svo væri væri ljóst að engin sönnunargögn hafi verið lögð fram til stuðnings þessari staðhæfingu. Y hafi hvorki verið ákærður né sakfelldur um neitt það ólöglega athæfi sem lýst er í grein kæranda og veitingastaður hans, Goldfinger, væri enn starfræktur.

52. Einnig bæri að hafa hugfast að Y hefði ekki verið í neinni þeirri stöðu þar sem hann mætti gera ráð fyrir að þola harðari gagnrýni eða ásakanir í tengslum við almenna umræðu um samfélagsmálefni. Hann væri hvorki þátttakandi í stjórnámálum né hefði hann neinu opinberu hlutverki að gegna. Ennfremur hefði veitingarekstur hans ekki verið þess eðlis að honum yrði gert að þola harðari gagnrýni en hver annar maður. Hann hefði ekki verið sakfelldur fyrir nein brot, eins og gefið væri í skyn í grein kæranda, og ætti að njóta sömu verndar einkalífs síns og aðrir einstaklingar.

53. Ríkið mótmælti harðlega þeirri röksemdafærslu kæranda að þar sem Y væri að hennar mati þegar afar umdeildur einstaklingur veitti það henni víðtækara frelsi sem fréttamanni til þess að birta staðhæfingar um sekt hans en í tilviki annarra einstaklinga. Engar forsendur af þessu tagi væri unnt að leiða af dómum Mannréttindadómstólsins. Né heldur svaraði „afar umdeildur einstaklingur“ til neins flokks einstaklinga sem ættu minna tilkall til verndunar einkalífs síns fyrir brotum af hálfu fjölmiðla.

54. Afstaða kæranda til Y vektu efasemdir um að hún hefði starfað í góðri trú og sem ábyrgur fréttamaður. Að hennar mati þurftu staðhæfingarnar um Y, sem hún hefði fengið frá Z, ekki frekari rannsóknar við eða staðfestingar annarra heimilda.

55. Ríkið héldi því ekki fram að kæranda bæri skylda til að sanna sekt Y varðandi ummælin svo að hafið yrði yfir allan eðlilegan vafa. Hins vegar hefðu ummælin verið birt án tilskilinnar viðleitni til þess að sannreyna þau

með rannsóknum og án þess að afla annarra áreiðanlegra heimilda eða ráðast í rannsókn með það fyrir augum að leggja traustari staðreyndagrunn undir staðhæfingar Z. Af tilvísunum kæranda til annarra viðeigandi gagna varðandi vandi á nektardansstöðum væri ekki hægt að ráða að hún hefði haft neitt frumkvæði að því að sannreyna þessar staðhæfingar og veita réttar og áreiðanlegar upplýsingar.

56. Með vísan til niðurstöðu Mannréttindadómstólsins í máli Ruokanen o.fl. gegn Finnlandi (nr. 45130/06, 48. mgr., 6. apríl 2010) taldi ríkið að Y ætti að njóta þess réttar að teljast saklaus þar til sekt hans sannaðist, sbr. 2. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmálans.

57. Ennfremur taldi ríkið að kærandi hefði ekki virt þær skyldur fréttamanna, sem dómstóllinn hefur bent á í fordæmum sínum, og að í ljósi málavaxta hefði að sönnu verið um að ræða kæruleysi af hennar hálfu. Henni hefði ekki tekist að sannreyna eða leggja fram sönnunargögn um hinar röngu staðhæfingar í ummælum Z. Þegar ljóst varð að hún gæti ekki fundið ásökunum Z á hendur Y neina stoð í staðreyndum hefði hún átt að haga framsetningu ummæla Z samkvæmt því. Ríkið vísaði einnig til 3. gr. síðareglna Blaðamannafélags Íslands (sjá 24. mgr. hér að framan).

58. Ef fallist væri á að fréttamaður gæti losnað undan þeirri skyldu sinni að sannreyna ummæli heimildarmanna sinna með því einu að birta þau í formi beinna tilvitnana myndi það grafa undan þeirri mikilvægu meginreglu að blaðamönnum beri að vanda upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu.

59. Ríkið mótmælti því þeirri röksemdafærslu kæranda að það myndi grafa undan sjálfstæði fjölmiðla ef kalla mætti þá til ábyrgðar vegna tilvitnana í ummæli þriðja aðila. Það væri að sönnu hlutverk, og réttur, fjölmiðla and miðla upplýsingum og persónulegum skoðunum. Hins vegar væri slíkt háð því skilyrði að úrvinnsla, framsetning og samhengi við birtingu slíkra upplýsinga samrýmdust kröfum um ábyrga fréttamennsku. Í þessu tilviki hefði kærandi brugðist þeirri kröfu.

60. Að mati ríkisins hefði hin umdeilda takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda í þessu máli byggt á ríki þjóðfélagslegri þörf og verið studd viðeigandi og fullnægjandi rökum. Með því að hún hefði birt rangar staðhæfingar þess efnis að Y hefði framið alvarleg lögbrot væri í húfi mikilvægur réttur einstaklings til einkalífs, æru og mannorðs. Skylda ríkisins til þess að vernda þennan rétt einstaklingsins með lögum fæli í sér ríka almannahagsmuni, sem dómstólar landsins yrðu að taka tillit til þegar þeir leituðust við að finna sanngjarnan meðalveg milli hagsmuna sem rækjust á innan þess svigrúms sem þeir hefðu til mats.

61. Loks bæri að undirstrika að afskiptin hefðu verið hófleg í ljósi þess lögmæta markmiðs sem stefnt væri að. Þær bætur sem kæranda hefði verið gert að greiða væru í fullu samræmi við réttarframkvæmd í landinu. Þær væru ekki á nokkurn hátt sérstaklega íþyngjandi fyrir kæranda.

2. Álit dómstólsins

(a) Meginreglur

62. Í máli *Pedersen og Baadsgaard gegn Danmörku* [GC], nr. 49017/99, ECHR 2004-XI, rakti dómurinn meginreglur réttarframkvæmdar sinnar sem hér segir:

„68. Þegar reynir á „nauðsyn í lýðræðislegu samfélagi“ ber réttinum að ákvarða hvort hin kærðu afskipti hafi leitt af „brýnni samfélagslegri þörf“. Aðildarríki hafa ákveðið svigrúm til mats við ákvörðun á því hvort slík nauðsyn sé fyrir hendi, en svigrúmið er háð evrópsku eftirliti sem nær bæði til löggjafar og ákvarðana sem teknar eru á grundvelli hennar, jafnvel ákvarðana sjálfstæðra dómstóla. Það er því á valdi Mannréttindadómstólsins að kveða upp endanlegan úrskurð um hvort „takmörkun“ samrýmist tjáningarfrelsi sem verndað er skv. 10. gr. (sjá m.a. *Perna gegn Ítalíu* [GC], nr. 48898/99, 39. mgr., ECHR 2003-V, og *Association Ekin gegn Frakklandi*, nr. 39288/98, 56. mgr., ECHR 2001-VIII).

„69. Verkefni dómstólsins í eftirlitshlutverki sínu er ekki að koma í stað dómstóla, sem lögsögu hafa í viðkomandi löndum, heldur að fara yfir ákvarðanir þeirra, sem teknar eru innan þess svigrúms sem þeir hafa til mats skv. 10. gr. Mannréttindasáttmálans (sjá *Fressoz og Roire gegn Frakklandi* [GC], nr. 29183/95, 45. mgr., ECHR 1999-I). Það þýðir ekki að eftirlitið einskorðist við það eitt að ganga úr skugga um hvort ríki, sem kært er, hafi nýtt svigrúmið sem því ber af sanngirni, varfærni eða í góðri trú; það sem dómstólnum ber að gera er að líta á hin kærðu afskipti í ljósi málsins í heild, þ.m.t. efni ummælanna, sem kærendur sæta ámæli fyrir svo og samhengi ummælanna (sjá *News Verlags GmbH & Co. KG gegn Austurríki*, nr. 31457/96, 52. mgr., ECHR 2000-I).

70. Einkum og sér í lagi ber dómstólnum að ákvarða hvort afskiptin hafi verið studd viðeigandi og fullnægjandi (e. „relevant and sufficient“) rökum af hálfu ríkisins og hvort ráðstöfunin sem gripið var til hafi verið „hófleg í ljósi þess lögmæta markmiðs sem stefnt var að“ (e. ‘proportionate to the legitimate aims pursued’) (sjá *Chauvy o.fl. gegn Frakklandi*, nr. 64915/01, 70. mgr., ECHR 2004-VI). Í þessu skyni þarf dómstóllinn að fullvissa sig um að innlend yfirvöld, með hliðsjón af viðunandi mati á málavöxtum, hafi uppfyllt kröfur sem samrýmdust þeim meginreglum sem felast í 10. gr. Mannréttindasáttmálans (sbr. m.a. *Zana gegn Tyrklandi*, dómur frá 25. nóvember 1997, *Reports* 1997-VII, bls. 2547-48, 51. mgr.).“

63. Ennfremur, eins og einnig er staðfest í fyrrnefndu máli *Pedersen og Baadsgaard* (sama rit, 71. mgr.), gildir tjáningarfrelsi ekki aðeins um „upplýsingar“ eða „hugmyndir“ sem falla í góðan jarðveg eða sem teljast meinlausar eða skipta engu máli, heldur einnig þær sem misbjóða, hneyksla eða koma illa við fólk. Eins og fram kemur í 10. gr. eru undantekningar frá þessu frelsi, sem þó ber að túlka þröngt, og þörfina á takmörkunum verður að styðja sannfærandi rökum (sbr. m.a. *Jersild gegn Danmörk*, dómur frá 23. september 1994, A-deild nr. 298, bls. 23-24, 31. mgr.; *Janowski gegn Póllandi* [GC], nr. 25716/94, 30. mgr., ECHR 1999-I; og *Nilsen og Johnsen gegn Noregi* [GC], nr. 23118/93, 43. mgr., ECHR 1999-VIII; *Lindon, Otchakovsky-Laurens og July gegn Frakklandi* [GC], nr. 21279/02 og 36448/02, 45. mgr., ECHR 2007-IV).

64. Í nýlegum dómi yfirdeildar dómstólsins í máli *Axel Springer AG gegn Þýskalandi* ([GC], nr. 39954/08, 83. mgr., 7. febrúar 2012), ítrekaði

dómstóllinn að rétturinn til verndar mannorði sé verndaður skv. 8. gr. Mannréttindasáttmálans og hluti af réttinum til einkalífs (sbr. *Chauvy o.fl. gegn Frakklandi*, nr. 64915/01, 70. mgr., ECHR 2004-VI; *Cumpănă og Mazăre gegn Rúmeníu* [GC], nr. 33348/96, 91. mgr., ECHR 2004-XI; *Pfeifer gegn Austurríki* nr. 12556/03, 35. mgr., 15. nóvember 2007; *Polanco Torres og Movilla Polanco gegn Spáni*, nr. 34147/06, 40. mgr., 21. september 2010). Eins og dómstóllinn benti hins vegar á í sama dómi þarf atlaða að mannorði að ná tilteknu alvarleikastigi til þess að falla undir 8. gr. og hún þarf að vera með þeim hætti að hún skerði rétt viðkomandi til þess að njóta friðhelgi einkalífs (sbr. einnig *A. gegn Noregi*, nr. 28070/06, 64. mgr., 9. apríl 2009; og *Sidabras og Džiautas gegn Litháen*, nr. 55480/00 og 59330/00, 49. mgr., ECHR 2004-VIII).

65. Að kjarna ákvörðunar dómsins í fyrirliggjandi máli liggur hið mikilvæga hlutverk sem fjölmiðlar gegna í lýðræðislegu samfélagi. Þótt fjölmiðlar megi ekki fara út fyrir tiltekin mörk, einkum að því er varðar mannorð og réttindi annarra og nauðsyn þess að koma í veg fyrir birtingu trúnaðarupplýsinga, er það eigi að síður hlutverk þeirra að miðla upplýsingum og hugmyndum um öll málefni sem varða hagsmuni almennings með þeim hætti að það samrýmist skyldum þeirra og ábyrgð. Það er ekki einungis skylda fjölmiðla að veita slíkar upplýsingar, heldur einnig réttur almennings að fá þær. Að auki hefur dómurinn hugfast að frelsi blaðamanna nær hugsanlega einnig til þess að ýkja að vissu marki eða jafnvel ögra. Í málum á borð við það sem hér er til umfjöllunar takmarkast svigrúm þjóða til mats af hagsmunum lýðræðislegs samfélags af því að gera fjölmiðlum kleift að sinna nauðsynlegu hlutverki sínu sem „varðhundur almennings“ við miðlun upplýsinga um alvarleg mál sem eiga erindi við almenning (sbr. *Bladet Tromsø og Stensaas gegn Noregi* [GC], nr. 21980/93, 59. og 62. mgr., ECHR 1999-III; *Tønssbergs Blad A.S. og Haukom gegn Noregi*, nr. 510/04, 82. mgr., 1. mars 2007, með frekari tilvísunum).

(b) Gildi þessara meginreglna fyrir þetta mál

66. Af hálfu dómstólsins er því veitt athygli, sem tekið var fram í dómi Hæstaréttar þar sem staðfest var niðurstaða héraðsdóms, að hinar umdeildu staðhæfingar í grein kæranda (sem vitnað er til í liðum A-G og E-G í 1. kröfulið og lið A í 2. kröfulið í 11. gr. hér að framan) hafi falið í sér staðhæfingar þess efnis, í fyrsta lagi, að Y hafi sér til ávinnings staðið fyrir vandi í húsnaði nektardansstaðar síns, Goldfinger, og beitt starfsstúlkur staðarins þrýstingi í þeim tilgangi. Í öðru lagi var staðhæft að hann hefði svipt stúlkurnar sem störfuðu hjá honum frelsi. Í þessum staðhæfingum fælust ásakanir um refsiverða háttsemi er félli annars vegar undir 206. gr. og hins vegar 226. gr. almennra hegningarlaga. Með vísan til 1. mgr. 241. gr. laganna lýsti Hæstiréttur ummælin dauð og ómerk. Af hálfu dómstólsins er ekki talin ástæða til þess að vefengja það mat Hæstaréttar að staðhæfingarnar hafi verið ærumeiðandi og að sá rökstuðningur sem rétturinn byggði á varðaði þann lögmæta tilgang að vernda réttindi og mannorð Y.

67. Varðandi það frekara álitamál hvort þessi rökstuðningur sé fullnægjandi í skilningi 10. gr. Mannréttindasáttmálans þarf dómstóllinn að taka mið af öllum aðstæðum að baki birtingu staðhæfinganna. Dómstóllinn er ekki sannfærður af þeirri röksemd ríkisins að sú mynd sem kærandi drægi upp af Y í grein sinni sé „bersýnilega ekki nauðsynlegt innlegg í viðkomandi umræðu um samfélagslegt málefni.“ Hvort birting varðar málefni sem á erindi við almenning ætti að velta á viðtækara mati á viðfangsefninu og samhengi birtingarinnar (*Tønsbergs Blad A.S. og Haukom*, sjá fyrri tilvísun, 87. mgr.). Í þessu sambandi er rétt að hafa hugfast að allnokkru fyrir birtingu greinar kæranda hinn 23. ágúst 2007 hafði verið uppi almenn umræða í íslenskum prent- og ljósvakamiðlum um nauðsyn þess að herða reglur um nektardansstaði eða banna starfsemi þeirra alfarið. Í öðru tímariti, Ísafold, hafði birst í júní 2007 grein um tengslin milli slíkra staða og væðis og var því haldið fram að aðstæðum nektardansara sem ættu uppruna sinn í Austur-Evrópu mætti líkja við mansal. Í kjölfarið hafði Víkan birt viðtöl við þrjár austur-evrópskar konur, sem störfuðu á veitingastað Y, Goldfinger, og staðhæfðu að þær væru ánægðar í starfi hjá honum og að gagnrýnina á nektardansstaði væri einungis unnt að rekja til öfundar tiltekinna kvenna. Í sama tölublaði Víkunnar höfðu birst viðtöl við tvær ónafngreindar nektardansmeyjar, sem lýstu væði og eiturlyfjafíkn sem neikvæðum hliðum starfa sinna. Til að bregðast við þessari jákvæðu mynd, sem konurnar þrjár höfðu dregið upp af starfseminni, hafði Z samband við Víkuna til þess að segja frá eigin reynslu af því að starfa sem nektardansari á nokkrum nektardansstöðum, þ.m.t. fyrir Y á Goldfinger. Að mati dómstólsins, sem raunar ekki virðist vera ágreiningur um, getur enginn vafi leikið á því að grein kæranda hafi í heildina varðað ríka almannahagsmuni á Íslandi eins og í öðrum löndum Evrópu. Hins vegar er ekki að sjá af röksemdafærslu Hæstaréttar að þetta sjónarmið hafi haft nokkurt vægi, hvað þá að það hafi verið talið skipta máli varðandi mat réttarins.

68. Að mati dómstólsins verður að telja að með því að ráðast í þá tegund starfsemi sem hér um ræðir, og einnig þegar tekið er mið af þeim lögmætu hagsmunum almennings sem fjallað er um í 67. gr. hér að framan, hafi Y óhjákvæmilega og vitandi vits stigið fram á sjónarsviðið og með því gengist undir að náði yrði fylgst með framferði hans. Mörk ásættanlegrar gagnrýni hljóta því að vera rýmri en ef um væri að ræða einstakling í einkalífi eða almennu starfi (sjá, að breyttu breytanda, Steel og Morris gegn Bretlandi, nr. 68416/01, 94. mgr., ECHR 2005II; Timpul InfoMagazin og Anghel gegn Moldóvu, nr. 42864/05, 34. mgr., 27. nóvember 2007).

69. Á dómstólnum hvílir sú skylda að taka mál til gaumgæfilegrar athugunar ef ráðstafanir eða refsiaðgerðir stjórnvalda gætu orðið til þess að letja fjölmiðla frá þátttöku í umræðum um málefni sem ættu lögmætt erindi við almenning (*Jersild*, sjá fyrri tilvísun, bls. 25-26, 35. mgr.; og *Bergens Tidende o.fl. gegn Noregi*, nr. 26132/95, 52. mgr., ECHR 2000-IV, *Tønsbergs Blad A.S. og Haukom*, sjá fyrri tilvísun, 88. mgr.; sbr. *MGN Limited gegn Bretlandi*,

nr. 39401/04, 50. og 155. mgr., 18. janúar 2011; *Von Hannover gegn Þýskalandi* (nr. 2) [GC], nr. 40660/08 og 60641/08, 106.-107. mgr., 7. febrúar 2012; *Axel Springer AG*, sjá fyrri tilvísun, 87.-88. mgr., 7. febrúar 2012).

70. Dómurinn vekur athygli á því í þessu sambandi að verndun á rétti blaðamanna til þess að miðla upplýsingum um málefni sem eiga erindi við almenning krefst þess að þeir starfi í góðri trú og á grundvelli staðreynda og að þeir veiti „áreiðanlegar og nákvæmar“ upplýsingar í samræmi við siðareglur blaðamanna (sbr. t.d. *Goodwin*, sjá fyrri tilvísun, bls. 500, 39. mgr.; *Fressoz og Roire*, sjá fyrri tilvísun, I-lið 54. mgr.; *Bladet Tromsø og Stensaas*, sjá fyrri tilvísun, 65. mgr.; *McVicar gegn Bretlandi*, nr. 46311/99, 73. mgr., ECHR 2002-III; og *Pedersen og Baadsgaard gegn Danmörk* [GC], nr. 49017/99, 78. mgr., ECHR 2004-XI). Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 10. gr. Mannréttindasáttmálans leiða af tjáningarfrelsinu „skyldur og ábyrgð“ sem einnig gilda um fjölmiðla, jafnvel þegar um er að ræða alvarleg mál sem eiga erindi við almenning. Þessar „skyldur og ábyrgð“ hafa þýðingu þegar um er að ræða atlögu að mannorði nafngreinds einstaklings og brot gegn „réttindum annarra“. Þannig þarf sérstakar forsendur til þess að fjölmiðlar séu leystir undan hefðbundinni skyldu sinni til þess að sannreyna staðhæfingar um staðreyndir sem eru ærumeiðandi fyrir einstaklinga. Hvort slíkar forsendur séu fyrir hendi veltur einkum á því hvers eðlis og hversu alvarleg ærumeiðingin er og að hvaða marki sé eðlilegt að ætlast til að fjölmiðlar geti reitt sig á heimildir sínar að því er varðar staðhæfingarnar (sbr. m.a. *McVicar*, sjá fyrri tilvísun, 84. mgr., ECHR 2002-III; *Bladet Tromsø og Stensaas*, sjá fyrri tilvísun, 66. mgr.; og *Pedersen and Baadsgaard*, sjá fyrri tilvísun, 78. mgr.).

71. Að mati dómsins eru engar slíkar sérstakar forsendur fyrir hendi í þessu tilviki. Dómurinn mun því líta hina umdeildu grein í heild með sérstöku tilliti til orðanna sem notuð eru í umþrættum hlutum greinarinnar og samhengi birtingarinnar, svo og framsetningarmáta hennar (sbr. *Sürek gegn Tyrklandi* (nr. 1) [GC], nr. 26682/95, 62. mgr., ECHR 1999-IV). Fyrir dómnum liggur að kanna hvort kærandi hafi verið í góðri trú og uppfyllt þá almennu skyldu blaðamanna að kanna staðhæfingu um staðreynd. Í þessari skyldu fólst krafa um að hún reiddi sig á nægjanlega nákvæmar og áreiðanlegar staðreyndir, sem telja mætti hæfilegar í ljósi þess hvers eðlis og hversu alvarleg staðhæfingin um þær væri, með hliðsjón af því að þeim mun alvarlegi sem staðhæfingin er, því traustari þarf staðreynidagrunnurinn að vera (sbr. *Pedersen og Baadsgaard*, sjá fyrri tilvísun, 78. mgr.).

72. Í fyrsta lagi veitir dómurinn því athygli að samkvæmt niðurstöðum Hæstaréttar fólu hinar umdeildu staðhæfingar í sér yfirlýsingar um staðreyndir en ekki gildisdóma, þar sem nafngreindur einstaklingur, Y, var sakaður um refsiverða háttsemi. Dómurinn sér ekki ástæðu til þess að vefengja þetta mat og er enn fremur þeirrar skoðunar að staðhæfingarnar hafi verið þess eðlis og svo alvarlegar að þær gætu valdið æru hans og mannorði umtalsverðu tjóni.

73. Hins vegar er viðurkennt að hinar umdeildu staðhæfingar hafi átt

uppruna sinn hjá viðmælanda, Z (sbr. *Ruokanen*, sjá fyrri tilvísun, 47. mgr.). Hafði hún sett sig í samband við kæranda til þess að fá birta eigin frásögn af reynslu hennar í umræddri starfsgrein, þ.m.t. á þeim tíma sem Y var vinnuveitandi hennar. Samkvæmt niðurstöðum Hæstaréttar, þegar borið var saman handrit viðtalsins og upptaka þess, var ljóst að ekki var orðrétt eftir haft, en engu að síður væri í greininni í meginatriðum efnislega rétt haft eftir Z, sem síðar staðfesti að rétt væri farið með. Allar hinar umdeildu staðhæfingar nema ein, þ.e. millifyrirsögnin í A-lið 2. kröfuliðar („vændi regla frekar en undantekning“) höfðu verið settar fram innan gæsalappa með samþykki Z. Ekki er að sjá að Hæstiréttur hafi litið þetta atriði öðrum augum en fyrrnefndar tilvitnanir (sjá 19. lið hér að framan). Dómurinn sér ekki ástæðu til þess að gera það heldur, enda ljóst að í undirfyrirsögninni fölst ekki annað en endursögn á frásögn og skoðunum Z (sbr. *Thoma gegn Lúxemborg*, nr. 38432/97, 64. mgr., ECHR 2001-III; sbr. einnig *Verdens Gang og Aase gegn Noregi* (ákv.), nr. 45710/99, ECHR 2001-X).

74. Að því marki sem lögmætir hagsmunir voru til þess að vernda Y gegn hinum umdeildu ærumeiðandi staðreyndum sem Z viðhafði í viðtali sínum voru þeir hagsmunir, að mati dómsins, að mestu varðir með þeim úrræðum sem Y stóðu til boða skv. íslenskum lögum að höfða meiðyrðamál gegn henni (sbr., að breyttu breytanda, *Jersild*, sjá fyrri tilvísun, 35. mgr.). Það gerði hann. Að mati dómsins er mikilvægt að horfa til þess að eftir skýrslutöku við aðalmeðferð í héraði valdi Y þann kost að falla frá meiðyrðamáli sínu á hendur Z og greiða málskostnað hennar. Dómurinn hlýtur að horfa til þess að vegna þessarar sáttar var Z, heimildarmaður hinna umdeildu staðhæfinga, ekki lengur aðili að málinu þar sem Y hélt áfram uppi kröfu sinni um að kærandi yrði kallaður til ábyrgðar vegna sömu staðhæfinga, sem dró verulega úr möguleika hennar til þess að færa sönnur á þær.

75. Engu að síður færði kærandi fram sönnunargögn til stuðnings hinum umdeildu staðhæfingum. Auk þess að hafa sjálf lagt mat á áreiðanleika frásagnar Z, sem var frá fyrstu hendi, lagði kærandi fram ýmis sönnunargögn fyrir héraðsdómi og Hæstarétti. Þar var m.a. atvik sem lýst var af bandaríska sendiráðinu í skýrslu um mansal á Íslandi, þar sem sagt var frá því að einn starfsmaður sendiráðsins hefði fengið boð um kynlífsþjónustu á veitingastaðnum Goldfinger. Einnig byggði hún á upptöku sjónvarpsviðtals við Y, sem sent var út á Stöð 2 hinn 1. júní 2007, þar sem hann viðurkennði að upp hefðu komið atvik á Goldfinger þar sem viðskiptavinum hefði verið boðin kynlífsþjónusta og að nektardansarar hefðu verið sviptir frelsi sínu – í því augnamiði að vernda þá fyrir viðskiptavinum sem sóttust eftir annarri skemmtun en dansi.

76. Engu að síður, þótt Hæstiréttur hefði komist að þeirri niðurstöðu að hin umdeildu ummæli fælu í sér staðhæfingar um staðreyndir fremur en gildisdóma og talið kæranda ábyrgan fyrir ærumeiðingu, láðist réttinum í dómi sínum frá 5. mars 2009 að fjalla um ofangreinda röksemdafærslu í máli kæranda, sem byggðist á staðreyndum, í ljósi þess að Y hefði fellt niður málsókn sína á hendur Z. Að mati dómsins má því jafnvel spyrja hvort kæranda hafi í raun

verið gefið tækifæri til þess að firra sig ábyrgð með því að sýna fram á að hún hefði verið í góðri trú og, að því er varðar staðhæfingarnar um staðreyndir, með því að ganga úr skugga um sannleika þeirra (sbr. *Mamère gegn Frakklandi*, nr. 12697/03, 23. mgr., ECHR 2006-XIII; og *Castells gegn Spáni*, 23. apríl 1992, 48. mgr., A-deild nr. 236).

77. Dómurinn veitir einnig eftirtekt upplýsingunum sem kærandi lagði fram, og ekki er mótmælt af ríkinu, varðandi meiðyrðamál sem Y höfðaði gegn blaðamönnum sem ritað höfðu greinina í Ísafold í júní 2007 (sjá 6. lið hér að framan, og sem hann rak samhliða því máli sem hér er til umfjöllunar). Af dómi héraðsdóms, sem kveðinn var upp 4. júní 2008, má ráða að kröfum hans í því máli um að fá dæmdar dauðar og ómerkar fjölmargar staðhæfingar þess efnis að vændi hefði átt sér stað á veitingastað hans (þótt ekki væri gefið í skyn að hann hefði haft þar milligöngu eða ávinning) hafi verið vísað frá dómi.

78. Dómurinn getur því ekki fallist á þá röksemd ríkisins að kærandi hafi látið undir höfuð leggjast að kanna hvort einhver fótur væri fyrir ásökunum B á hendur Y.

79. Ennfremur má geta þess að í 34. tbl. vikunnar var viðtal kæranda við Z sett fram ásamt tilteknum atriðum sem vögu á móti (sbr. *Jersild*, sjá fyrri tilvísun, 34. mgr., og *Bergens Tidende o.fl. gegn Noregi*, nr. 26132/95, 58. mgr., ECHR 2000-IV). Hún bauð Y tækifæri til þess að gera athugasemdir og í greininni birtist svar hans (sbr. *Melnychuk gegn Úkraínu* (ákv.), nr. 28743/03, ECHR 2005-IX) við staðhæfingu Z að hann „hveti starfsstúlkur sínar til að stunda vandi og hefði milligöngu þar um“. Í greininni var beinlínis vísað til 31. tbl., sem birst hafði nokkrum vikum áður. Þar höfðu m.a. birst viðtöl við þrjá starfsmenn á Goldfinger, sem höfðuð hinum neikvæðu ummælum sem viðhöfð höfðu verið um vinnu á veitingastað hans. Hafa ber í huga að talsverður munur kann að vera á aðferðum sem beitt er við hlutlæga og hlutlausa fréttamennsku, m.a. eftir því hvers konar miðil er um að ræða; það er ekki hlutverk dómsins fremur en dómstóla einstakra landa að setja eigin sjónarmið í stað sjónarmiða fjölmiðla að því er varðar aðferðir sem blaðamenn ættu að beita við fréttamennsku (sbr. *Jersild*, sjá fyrri tilvísun, bls. 23-25, 31. og 34. mgr., og *Bergens Tidende o.fl.*, sjá fyrri tilvísun, 57. mgr.). Jafnvel þótt ummæli Z kunni að hafa verið til þess fallin að skaða mannorð Y, sér dómurinn ekki tilefni til þess að gagnrýna kæranda fyrir að setja ekki fjarlægð milli sín og innihalds ummæla Z (*Thoma gegn Lúxemborg*, nr. 38432/97, 64. mgr., ECHR 2001-III; *Standard Verlags GmbH gegn Austurríki*, nr. 13071/03, 53. mgr., 2. nóvember 2006).

80. Í þessu sambandi vill dómurinn ítreka að fréttaflutningur byggður á viðtölum, hvort sem þeim er ritstýrt eða ekki, er ein mikilvægasta aðferð fjölmiðla til þess að gegna nauðsynlegu hlutverki sínu sem „varðhundur almennings“ (sbr. *Observer og Guardian gegn Bretlandi*, 26. nóvember 1991, 59. mgr., A-deild nr. 216; og *Jersild gegn Danmörk*, 23. september 1994, 35. mgr., A-deild nr. 298). Ennfremur mundi refsing blaðamanna fyrir að hafa milli-göngu um miðlun staðhæfinga annarra í viðtali torvelða með alvarlegum hætti framlag fjölmiðla til umræðu um efni sem eiga erindi við almenning og ætti

ekki að koma til álita nema sérstaklega brýnar ástæður séu til þess (sbr. *Jersild*, sjá fyrri tilvísun). Þótt þetta atriði kæmi að því er virðist ekki til umfjöllunar í mati Hæstaréttar, er dómurinn ekki sannfærður um að neinum slíkum brýnum ástæðum sé til að dreifa í fyrirbyggjandi máli.

81. Með hliðsjón af öllum atriðum hér að framan, einkum að hinar umdeildu staðhæfingar byggðu á frásögn annars frá fyrstu hendi í viðtali við kæranda, að hinn síðarnefndi lagði mat á áreiðanleika frásagnarinnar og lagði fram gögn til stuðnings staðhæfingunum, er það mat dómsins miðað við málavexti fyrirbyggjandi máls að ekki sé unnt að gagnrýna blaðamanninn, þ.e. kærandann, fyrir að láta undir höfuð leggjast að grennslast fyrir um sannleika hinna umdeildu staðhæfinga og að kærandi hafi borið sig að í góðri trú í samræmi við þá kostgæfni sem ætlast má til af ábyrgum fréttamanni sem flytur fréttir af málefni sem á erindi við almenning (sbr. t.d. *Wizerkaniuk gegn Póllandi*, nr. 18990/05, 87. mgr., 5. júlí 2011).

82. Engu að síður lauk meiðyrðamáli því sem Y höfðaði gegn kæranda með því að Hæstiréttur lýsti staðhæfingarnar dauðar og ómerkar og gerði kæranda að greiða Y kr. 500.000 (u.þ.b. 3.000 evrur) í miskabætur og kr. 400.000, ásamt vöxtum, í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

83. Af því leiðir að rökstuðningurinn sem ríkið byggir á nægir ekki, þótt hann sé viðeigandi, til þess að sýna fram á að hin kærðu afskipti hafi verið „nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi“. Að mati dómsins var ekki gætt eðlilegs meðalhófs milli þeirra hafta sem leiddu af ákvörðunum Hæstaréttar á rétt kæranda til tjáningarfrelsis og þess lögmæta markmiðs sem stefnt var að.

Af því leiðir að brotið hefur verið gegn 10. gr. Mannréttindasáttmálans.

II. BEITING 41. GR. MANNRÉTTINDASÁTTMÁLANS

84. 41. gr. Mannréttindasáttmálans er svohljóðandi:

„Dómstóllinn skal ef nauðsyn krefur veita sanngjarnar bætur til þess aðila sem orðið hefur fyrir tjóni ef hann kemst að þeirri niðurstöðu að um brot á samningnum eða samningsviðaukum við hann hafi verið að ræða og ef löggjöf viðkomandi samningsaðila heimilar aðeins að veittar séu bætur að hluta.“

A. Fjárhagslegt tjón

85. Kærandi krafðist þess að fá bætt fjárhagslegt tjón að samanlagðri fjárhæð kr. 1.102.599 vegna miskabóta sem henni hefði verið gert, með dómi Hæstaréttar frá 5. mars 2009, að greiða til Y (kr. 500.000) og málskostnaðar (kr. 400.000), ásamt vöxtum. Miðað við gengi 5. september 2007 svara þessar fjárhæðir til 12.537 evra.

86. Ríkið mótmælti þeirri dagsetningu sem kærandi hafði til viðmiðunar við gengisákvörðunina og taldi að miða ætti við 8. mars 2009, þ.e. daginn sem hún greiddi bæturnar til Y. Samkvæmt því gengi sem gildi á síðarnefnda deginum nam kröfufjárhæðin 7.790 evrum.

87. Dómurinn er sammála sjónarmiðum ríkisins varðandi viðmiðunardag og í ljósi þess að dómurinn telur að orsakatengsl hafi verið milli brotsins og meints fjárhagstjóns eru kæranda tildæmdar 7.790 evrur skv. þessum lið.

B. Miskabætur

88. Kærandi krafðist ennfreður kr. 10.500.000, eða 119.386 evra, í bætur fyrir miska sem hún varð fyrir vegna brotsins gegn Mannréttindasáttmálanum sem leiddi af dómi Hæstaréttar frá 5. mars 2009. Málið sem höfðað hefði verið gegn henni hefði ekki aðeins lagt á hana þunga byrði sem blaðamann á hóflegum launum heldur einnig vakið talsverða athygli fjölmiðla. Eftir að umræddur dómur hefði fallið hefði tíðkast að kalla hana „sakfellda blaðamanninn“. Íslenskt dagblað með stóran lesendahóp hefði birt viðtal við Y þar sem hann hefði haft uppi sérlega sárandi ummæli um ráðvendni hennar og frammistöðu í starfi. Hún hefði sagt upp starfi sínu hjá Vikunni og haldið utan til tveggja ára dvalar. Æra hennar og orðspor, bæði á persónulegum og faglegum grunni, hefði beðið hnekki. Málið hefði valdið kæranda og fjölskyldu hennar tilfinningalegri og andlegri þjáningu og sárindum. Dómur Hæstaréttar, þar sem hún væri nafngreind, hefði verið gerður aðgengilegur almenningi með birtingu á internetinu.

89. Ríkið mótmælti framangreindri kröfu og taldi að niðurstaða dómsins þess efnis að brot hefði verið framið fæli í sér sanngiarnar bætur. Í öllu falli, ef dómurinn teldi rétt að tildæma fébætur væri kröfufjárhæðin augljóslega of há. 2.000 evrur væru eðlilegri fjárhæð í ljósi dómaframkvæmdar hjá dómstólum í sambærilegum málum.

90. Dómurinn fellst á að kærandi hafi orðið fyrir þjáningum og vonbrigðum vegna brotsins gegn Mannréttindasáttmálanum, sem ekki teldist nægilega bætt fyrir með dómsniðurstöðu í þessa veru. Eftir mat á sanngirnigrunni telur dómstóllinn hæfilegt að dæma kæranda 5.000 evrur undir þessum lið.

C. Kostnaður og útgjöld

91. Kærandi krafðist ennfreður endurgreiðslu málskostnaðar og útgjalda, samtals að fjárhæð kr. 4.176.713, vegna eftirfarandi liða:

(a) kr. 1.425.088 vegna eigin málskostnaðar fyrir landsrétti (kr. 916.725 fyrir héraðsdómi og kr. 508.363 fyrir Hæstarétti),

(b) kr. 2.000.000 vegna vinnu lögmanna að málarekstri fyrir Mannréttindadómstólum,

(c) kr. 751.625 vegna þýðingarkostnaðar við málarekstur fyrir Mannréttindadómstólum.

Miðað við skráð gengi hinn 5. september 2007, svara framangreindar fjárhæðir hver um sig til 16.203 evra, 22.740 evra og 8.546 evra, eða samtals um 47.489 að meðtöldum virðisaukaskatti (vsk).

92. Ríkið mótmælti vali kæranda á viðmiðunardagsetningu og taldi að miða ætti við greiðsludag. Reiknaðar á þeim grunni svara fjárhæðirnar hver um sig til 10.068 evra, 12.147 evra og 4.311 evra. Ennfremur taldi ríkið kröfurnar vegna málskostnaðar fyrir dómstólum í Strassborg óhóflegar.

93. Samkvæmt dómaframkvæmd dómsins á kærandi aðeins rétt á endurgreiðslu kostnaðar og útgjalda að því marki sem sýnt þykir að til þeirra hafi í raun og óhjákvæmilega verið stofnað og að fjárhæð þeirra sé hæfileg. Í fyrir-

liggjandi máli, með hliðsjón af framangreindum forsendum, fyrirbyggjandi skjölum og þeirri staðreynd að aðeins hluti krafna var studdur reikningum, telur dómurinn hæfilegt að dæma kæranda 10.000 evrur vegna a-liðar, 10.800 evrur vegna b-liðar og 4.200 evrur vegna c-liðar (að meðtöldum vsk).

D. Dráttarvextir

94. Dómurinn veitir athygli beiðni kæranda um að leggja dráttarvexti við bæt看 skv. 41. gr. „sem jafngilda mánaðarlegum dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands ... til greiðsludags“, þ.e. frá 5. mars 2009, sem er uppkvaðningardagur dóms Hæstaréttar.

95. Dómurinn telur hins vegar að hagsmunir kæranda af því að viðhalda verðgildi bótanna séu nægjanlega tryggðir með matinu hér að framan og með lið 3(b) í dómsorðinu hér að neðan. Skv. viðtekinni venju telur dómurinn hæfilegt að dráttarvextir miðist við almenna útlánsvexti (e. marginal lending rate) Seðlabanka Evrópu, með 3% álagi.

AF ÞESSUM SÖKUM HEFUR DÓMURINN KOMIST AÐ ÞEIRRI EINRÓMA NIÐURSTÖÐU

1. að kæran hafi verið tæk til efnismeðferðar,
2. að brotið hafi verið gegn 10. gr. Mannréttindasáttmálans.
3. *Því er dæmt:*
 - (a) að ríkið skuli greiða kæranda, innan þriggja daga frá því að dómurinn verður endanlegur skv. 2. mgr. 44. gr. Mannréttindasáttmálans, eftirfarandi fjárhæðir, sem umreiknist í íslenskar krónur á því gengi sem gildir á greiðsludegi,
 - (i) EUR 7.790 (sjö þúsund sjö hundruð og níutíu evrur) í fébætur, ásamt hvers kyns sköttum sem kunna að leggjast á,
 - (ii) EUR 5.000 (fimm þúsund evrur) í miskabætur, ásamt hvers kyns sköttum sem kunna að leggjast á,
 - (iii) EUR 25.000 (tuttugu og fimm þúsund evrur) vegna kostnaðar og útgjalda,
 - (b) að frá þeim tíma sem áðurnefndir þrír mánuðir eru liðnir og fram að uppgjöri skulu einfaldir vextir leggjast á fyrrgreindar fjárhæðir sem svara til almennra útlánsvaxta Seðlabankans í Evrópu meðan á vanskilum stendur, með 3% álagi.
4. *Vísad er frá öðrum kröfum kæranda um sanngjarnar bætur.*

Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi

Dómur frá 10. júlí 2012 (óstytt þýðing)

Mál nr. 43380/10

10. gr. Tjáningarfrelsi

Bláðamenn. Ærumeiðingar. Ábyrgð á ummælum viðmælanda. Nauðsyn takmörkunar.

Í máli Erlu Hlynsdóttur gegn Íslandi kveður Mannréttindadómstóll Evrópu (fjórða aðaldeild), sem situr í deild skipaðri:

Lech Garlicki, *forseti*,

Davíð Þór Björgvinssyni,

Päivi Hirvelä,

George Nicolaou,

Ledi Bianku,

Nebojša Vučinič,

Vincent A. De Gaetano, *dómurum*,

og Lawrence Early, *aðstoðarritari aðaldeilda*,

eftir að hafa fjallað um málið á lokuðum fundi hinn 19. júní 2012,

upp eftirfarandi dóm, sem var samþykktur þann dag sem síðast greinir:

MÁLSMEDFERÐ

1. Mál þetta á upphaf sitt í kærú (nr. 43380/10) sem Erla Hlynsdóttir („kærandi“), sem er íslenskur ríkisborgari, lagði fram gegn Íslandi samkvæmt 34. gr. Samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis („Mannréttindasáttmálans“) hinn 21. júní 2010.

2. Í fyrirsvari fyrir kæranda voru Hreinn Loftsson og Gunnar Ingi Jóhannsson, báðir lögmenn í Reykjavík. Í fyrirsvari fyrir ríkisstjórn Íslands („ríkið“) var Ragnhildur Hjaltadóttir hjá innanríkisráðuneytinu, sem umboðsmaður þess.

3. Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn 10. gr. Mannréttindasáttmálans vegna óhagstæðrar niðurstöðu í meiðyrðamáli, sem höfðað var gegn henni af manni sem fjallað hafði verið um í grein sem birtist í dagblaðinu DV 26. febrúar 2009.

4. Kæran var send ríkinu hinn 18. október 2010. Einnig var ákveðið að úrskurða um meðferðarhæfi og málsástæður kærunnar á sama tíma (sbr. 1. mgr. 29. gr.).

MÁL SATVIK

I. MÁLAVEXTIR

5. Kærandi, Erla Hlynsdóttir, er íslenskur ríkisborgari, fædd árið 1978 og búsett í Reykjavík. Hún er blaðamaður og starfar hjá dagblaðinu DV. Í febrúar 2009 hafði A samband við kæranda vegna fréttar sem hann óskaði eftir að fá birta í DV. Samkvæmt frásögn A hafði B ráðist á hann á nektardansstað sínum, Strawberries, en B væri þekktur fyrir ofbeldi og hefðu ofbeldisverk

hans nýverið hlotið umfjöllun í fjölmiðlum. Að sögn hafði árásin átt sér stað að áeggjan eiganda samkeppnisnektarstaðar. Kærandi svaraði því til að hún myndi kanna málið og hafa samband við B til þess að heyra frásögn hans og einnig eiganda samkeppnisnektarstaðarins. Ósáttur með svör kæranda krafðist A þess að útgáfa hans af atvikunum yrði birt. Því neitaði kærandi og ákvað að ráðast í rannsókn á frásögn A. Hafði hún við hann viðtal, sem hún tók upp á segulband.

6. Hinn 26. febrúar 2009 birti DV frétt eftir kæranda undir fyrirsögninni „Strípikóngar takast á“ þar sem sagt var frá ásökunum A á hendur B í tengslum við hina meintu líkamsárás á nektardansstaðnum Strawberries. Í greininni var vísað til viðtala við A, B og Y.

7. Var haft eftir A, að aðfaranótt 7. febrúar 2009 hefði B verið meðal gesta veitingastaðarins Strawberries ásamt tveimur öðrum mönnum. Hann hefði yfirgefið staðinn um nóttina en mætt aftur rétt fyrir lokun og ráðist þá að sögn að starfsmönnum veitingastaðarins. Í kjölfarið hefði A reynt að vísa honum á dyr. Skyndilega hefði B ráðist að A og greitt honum hnefahögg, sem hefði orðið til þess, að sprunga kom í höfuðkúpu hans, auk þess sem hann meiddist illa á auga. A kærði málið til lögreglu.

8. Í sömu frétt var birt viðtal við B, þar sem hann var sagður hafa neitað öllum ásökunum A. Að sögn B hefði hann og tveir vinir hans verið úti að skemmta sér og ákveðið að fara á Strawberries. Þar höfðu þeir aðeins verið skamma stund þegar A krafðist þess að þeir yfirgæfu staðinn. Þegar þeir neituðu fjarlægðu dyraverðirnir B með valdi. Í látunum hefðu bæði hann og A hlotið meiðsl.

9. A höfðaði meiðyrðamál gegn kæranda fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem hann taldi að eftirfarandi ummæli B fælu í sér ærumeiðingu er færi gegn 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga og krafðist þess að þau yrðu dæmd dauð og ómerk skv. 1. mgr. 241. gr.:

1. kröfuliður

„Hann [kærandi] er búinn að bera orðróm út um allan bæ um að það komi enginn með stæla inn á Strawberries því hann sé þar með litháisku mafiuna og að ég hafi bara verið tekinn og laminn þarna inni. Ég átta mig ekki alveg á þessu. Hann verður eiginlega að gera upp hug sinn um hvort hann telur mig hafa verið laminn eða sig.“

10. Taldi hann einnig að eftirfarandi millfyrirsögn fæli í sér ærumeiðingu og að hana ætti að dæma dauða og ómerka:

2. kröfuliður

„Orðrómur um mafiuna“

11. A krafðist ennfremur kr. 2.000.000 (sem svaraði til u.þ.b. 13.850 evra á viðkomandi tíma) í miskabætur ásamt vöxtum, svo og að kæranda yrði gert að greiða sér kr. 500.000 til að kosta birtingu forsendna og dómsorðs meiðyrðamálsins í fjölmiðlum, sbr. 2. mgr. 241. gr., auk málskostnaðar.

12. Í málflutningi sínum fyrir héraðsdómi vísaði kærandi til tjáningarfrelsis, sem tryggt er skv. 73. gr. stjórnarskrár Íslands og 10. gr. Mannréttindasáttmálans, svo og skv. fordæmum réttarins. Ennfremur vísaði hún til 2. mgr. 15. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956, en skv. þeirri grein ber höfundur ábyrgð á efni rits. Í greininni hefði höfundur hinna umdeildu ummæla verið nafngreindur og sýndu endurrit viðtalsins að þau hefðu verið höfð orðrétt eftir nafngreindum höfundi þeirra, B. Af þeim sökum gæti kærandi ekki talist höfundur ummælanna. Að því er varðar millifyrirsögnina benti kærandi á að hún hefði aðeins verið umorðun á ummælum B.

13. Kærandi mótmælti því einnig að ummælin í 1. kröfulið væru ærumeiðandi. Fyrri hluti ummælanna hefði verið frásögn B um það að stefnandi hefði sjálfur borið út þann orðróm að það kæmi enginn með stæla inn á Strawberries, þar sem litháíska mafían væri þar á staðnum. Í ummælum B hefði ekki falist fullyrðing um að litháíska mafían væri inni á Strawberries, heldur að A vildi hafa þann orðróm á kreiki. Raunar væri ljóst af viðtalinu, að viðmælendur kæranda töldu, að engir Litháar stunduðu staðinn, heldur væri um að ræða ósannan orðróm, sem stefnandi vildi, að bærist um bæinn. Þegar ummælin væru virt í réttu samhengi, væri ljóst, að í þeim fælist á engan hátt fullyrðing B um refsiverða háttsemi stefnanda. Hvað svo sem segja mætti um starfsemi mafíu, þá fælist engin fullyrðing í ummælunum um að stefnandi stundaði starfsemi, sem hægt væri að benda á sem viðfangsefni mafíu, þ.e. refsiverða starfsemi. Grundvallaratriðið væri hvort stefnanda hefði verið gefið að sök að stunda slíka starfsemi. Svo væri augljóslega ekki. Skorti því allan grundvöll fyrir því, að ummælin teldust varða við ákvæði almennra hegningarlaga um æruvernd. Þess utan hefði orðið mafia enga einhlíta merkingu í íslensku máli.

14. Hvað varðar síðari hluta ummælanna, þá hefði B fullyrt með þeim, að stefnandi væri að bera út þá sögu að B hefði verið tekinn og laminn inni á Strawberries. Líkt og ráða mætti af viðtalinu og ummælunum sjálfum, væri hvergi fullyrt, að stefnandi hefði lamið B eða nokkurn annan. Hins vegar hefði komið fram í viðtalinu og framangreindum ummælum fullyrðing um að stefnandi hefði sagt þá sögu víða, að B hefði verið laminn inni á staðnum. Sú fullyrðing væri hins vegar rétt, enda hefði B lent í áflogum inni á staðnum og stefnandi hefði haft frumkvæði að því að setja sig í samband við DV og koma upplýsingum um atvikið á framfæri.

15. Loks áréttaði kærandi, að deilan hefði hafist að frumkvæði A sjálfs, sem hefði viljað að fréttin yrði birt. Hann hefði getað átt von á því, að blaðamaður aflaði upplýsinga um hliðar beggja aðila og að sá, sem hann hefði borið alvarlegum sökum í málinu, hefði aðra sögu að segja.

16. Með dómi sem kveðinn var upp 21. desember 2009 dæmdi héraðsdómur stefnanda, A, í hag en kæranda í óhag, með eftirfarandi rökstuðningi:

„Stefnda byggir sýknukröfu sína aðallega á aðildarskorti, þar sem ummælin séu höfð orðrétt eftir nafngreindum höfundi þeirra, [B].

Stefnda gekkst við því fyrir dómi að hafa ritað umrædda grein og kvaðst telja, að hún væri höfundur millifyrirsagnarinnar, sem deilt er um í málinu.

Samkvæmt hljóðupptöku af viðtali [kæranda] við [B] voru orðrétt ummæli [B], sem mál þetta snýst m.a. um, svohljóðandi: „Hann er búinn að bera orðróm út um allan bæ, um það. Það komi sko enginn með stæla inn á Strawberries sko. Því hann sé með litháisku mafuna og ég hafi bara verið tekinn og laminn þarna inni, skilurðu.“ Örlítil orðalagsbreyting er í grein stefndu, sem snertir ekki innihald ummællanna og felst einungis í því, að felld eru út áhersluorðin sko og skilurðu. Ummælin voru birt í blaðinu innan tilvitnunarmarkja.

Með hliðsjón af dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 328/2008, telst [kærandi] vera höfundur greinarinnar og millifyrirsagnar í skilningi 2. mgr. 15. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956, óháð því hvort [B] geti einnig talist höfundur þeirra ummæla, sem höfð eru orðrétt eftir honum, og ber [kærandi] ábyrgð á ummælum, sem þar koma fram, sem og millifyrirsögnum.

Það liggur fyrir, að viðtalið við stefnanda, [A], var tekið með hans samþykki og að hans vilja, hvort sem hann átti upptökin að því eða ekki, enda þótt hann hafi verið ósáttur við greinina, þegar hún birtist í blaðinu, þar sem jafnframt var leitað sjónarmiða annarra aðila, sem [A] fjallaði um í sínu viðtali. Í viðtalinu bar stefnandi m.a. ýmsar sakir á [B]. Mátti hann því vita, að ummæli hans yrðu borin undir viðkomandi aðila og honum gefinn kostur á að skýra sína hlið málsins. Þau orð, sem höfundur greinarinnar hefur hins vegar orðrétt eftir [B], sem eru tilefni málshöfðunar stefnanda, og lúta að orðrómi, sem stefnandi var sagður hafa borið út, eru til þess fallin að vekja þau hughrif hjá lesendum greinarinnar, að stefnandi sé með skipulögð alþjóðleg glæpasamtök á sínum snærum. Hefur blaðamaður ekki sýnt fram á eða gert sennilegt, að sú staðhæfing, sem felst í orðum [B] sé sönn. Felst í ummælunum ærumeiðandi aðdróttun, sbr. 235. gr. almennra hegningarlaga, og ber, að kröfu stefnanda, að ómerkja þau, sem og millifyrirsögnina „orðrómur um mafuna“,“ sem vísar til ummællanna.

Með ummælunum, sem ómerkt eru, framdi [kærandi] ólögmæta meingerð gegn æru stefnanda, og ber henni því að greiða honum miskabætur fyrir samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Eftir atvikum þykja miskabætur honum til handa hæfilega ákveðnar kr. 200.000 [1.100 evrur á þeim tíma sum um ræðir]. ...

Með vísan til 239. gr. 1. nr. 19/1940 er kröfu stefnanda um, að [kærandi] verði dæmd til refsingar vegna ummællanna, hafnað.

Stefnandi þykir eiga rétt á greiðslu vegna kostnaðar við birtingu forsendna dómsins og dómsorðs, svo sem hann gerir kröfu um, sbr. 2. mgr. 241. gr. 1. nr. 19/1940. Stefnandi hefur ekki lagt fram gögn, sem styðja þá fjárhæð, sem hann krefst vegna birtingarinnar, eða fært rök að henni. Verður þessi kröfufliður því dæmdur að álitum og þykir hæfilega ákveðinn kr. 150.000.

Að framangreindu virtu ber að dæma [kæranda] til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 350.000, þar með talinn virðisaukaskattur.“

17. Kærandi hugðist áfrýja málinu til Hæstaréttar en hinn 25. mars 2010 synjaði rétturinn henni um heimild til áfrýjunar. Byggði synjunin á því að fjárfrafan sem í húfi var (að frátöldum málskostnaði) náði ekki lögboðnu lágmarki til áfrýjunar og engar sérstakar aðstæður réttlættu undanþágu frá þessu skilyrði í máli kæranda.

II. TILVÍSUN TIL LAGA

18. 73. gr. stjórnarskrár Íslands, lög nr. 33/1994, er svohljóðandi:
73. gr.

„Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.“

19. Í almennum hegningarlögum nr. 19/1944, í XXV. kafla sem ber yfirskriftina „Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs“, er að finna eftirfarandi viðeigandi ákvæði:

234. gr.

„Hver, sem meiðir æru annars manns með móðgun í orðum eða athöfnum, og hver, sem ber slíkt út, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.“

235. gr.

„Ef maður dróttar að öðrum manni einhverju því, sem verða myndi virðingu hans til hnekkis, eða ber slíka aðdróttun út, þá varðar það sektum eða fangelsi] allt að 1 ári.“

236. gr.

„Sé ærumeiðandi aðdróttun höfð í frammi eða borin út gegn betri vitund, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum.

Sé aðdróttun birt eða borin út opinberlega, enda þótt sakaráberi hafi ekki haft sennilega ástæðu til að halda hana rétta, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 2 árum.“

241. gr.

„Í meiðyrðamáli má dæma óviðurkvæmileg ummæli ómerk, ef sá krefst þess, sem misgert var við.

Dæma má þann, sem sekur reynist um ærumeiðandi aðdróttun, til þess að greiða þeim, sem misgert var við, ef hann krefst þess, hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms, atriðisorða hans eða forsendna jafnframt, eftir því sem ástæða þykir til, í opinberu blaði eða riti, einu eða fleirum.“

20. Í 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 er kveðið svo á:

„Heimilt er að láta þann sem:

a. af ásetningu eða stórfelldu gáleysi veldur líkamstjóni eða

b. ábyrgð ber á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við.“

21. Í lögum um prentarétt nr. 57/1956, V. kafla, um ábyrgð á efni rita, er að finna eftirfarandi viðeigandi ákvæði:

10. gr. Tjáningarfrelsi

13. gr.

„Hver sá, sem birtir eða dreifir eða á hlut að birtingu eða dreifingu annars rits en blaðs eða tímarits, ber refsí- og fébótaábyrgð samkvæmt almennum reglum laga, ef efni ritsins brýtur í bága við lög.“

15. gr.

„Um ábyrgð á efni annarra blaða eða tímarita en þeirra er getur í 14. gr. gilda þessar reglur:

Höfundur ber refsí- og fébótaábyrgð á efni ritsins, ef hann hefur nafngreint sig og er auk þess annaðhvort heimilisfastur hér á landi, þegar ritið kemur út, eða undir íslenskri lögsögu, þegar mál er höfðað.

Ef enginn slíkur höfundur hefur nafngreint sig, ber útgefandi rits eða ritsjóri ábyrgðina, því næst sá er hefur ritið til sölu eða dreifingar, og loks sá, sem annast hefur prentun þess eða letrun.“

22. Í siðareglum Blaðamannafélags Íslands er m.a. að finna eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

„Blaðamaður leitast við að gera ekkert það, sem til vanvirðu má telja fyrir stétt sína eða stéttarfélag, blað eða fréttastofu. Honum ber að forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á starfi blaðamanns eða skert hagsmuni stéttarinnar. Blaðamaður skal jafnan sýna drengskap í skiptum sínum við starfsfélaga.“

2. gr.

„Blaðamanni er ljós persónuleg ábyrgð á öllu sem hann skrifar. Hann hefur í huga að almennt er ritið á hann sem blaðamann þó að hann komi fram utan síns eiginlega starfssviðs, í riti eða ræðu. Blaðamaður virðir nauðsynlegan trúnað við heimildarmenn sína.“

3. gr.

„Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitsemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.“

LAGAATRIÐI

I. MEINT BROT GEGN 10. GR. MANNRÉTTINDASÁTTMÁLANS

23. Kærandi taldi að dómur héraðsdóms frá 21. desember 2009, sem sýnað var áfrýjunarheimildar af Hæstarétti 25. mars 2010, fæli í sér afskipti af rétti hennar til tjáningarfrelsis sem „ekki bæri nauðsyn til í lýðræðisþjóðfélagi“ og færi því gegn 10. gr. Mannréttindasáttmálans, sem er svohljóðandi:

„1. Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi.“

„2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir upp-ljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla.“

24. Ríkið mótmælti þessari röksemdafærslu.

A. MEÐFERÐARHÆFI

25. Að mati dómsins er kæra þessi ekki augljóslega illa ígrunduð í skilningi a-liðar 3. gr. 35. gr. Mannréttindasáttmálans. Ennfremur telur dómstóllinn að hún sé ekki ómeðferðarhæf á neinum öðrum forsendum. Hún verður því að teljast meðferðarhæf.

B. Málsástæður

26. Dómurinn telur að hin umdeilda aðgerð hafi falið í sér „afskipti stjórnvalda“ af rétti kæranda til tjáningarfrelsis sem tryggður er skv. 1. mgr. 10. gr.

27. Afskiptin áttu sér lagastoð í 235. gr. og 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga, 2. mgr. 15. gr. prentlaga og 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga og í þeim skilningi voru þau „lögmælt“ í skilningi 2. mgr. 10. gr.

28. Í því sambandi vekur dómstóllinn athygli á því að við málflutning fyrir dómstólnum taldi kærandi ennfremur, með vísan til framangreindrar forsendu – um að ráðstöfunin hefði verið „lögmælt“ – að með því að telja hana ábyrga fyrir hinum umdeildu ummælum sem „höfund“ skv. 2. mgr. 15. gr. prentlaga, hefði héraðsdómur beitt landslögum með þeim hætti að niðurstaðan var ekki fyrirsjáanleg. Með öðrum orðum, þótt hún héldi því ekki fram að fyrir afskiptunum hefði skort lagastoð skv. íslenskum lögum, vefengdi hún gæði laganna með tilliti til kröfunnar um fyrirsjáanleika er leiddi af eigin túlkun dómstólsins á kröfunni um lagastoð í fordæmum sínum. Dómurinn telur hins vegar ekki þörf á að fjalla um þetta atriði, sem virðist varða sérstakt mál sem kærandi vísar til í fyrsta skipti í athugasemdum sínum frá 13. apríl 2011 í svari við athugasemdum ríkisins frá 16. febrúar 2011.

29. Dómurinn telur ennfremur að afskiptin hafi haft þann lögmæta tilgang að vernda „mannorð og réttindi“ annarra.

30. Eftir stendur að taka afstöðu til þess hvort afskiptin hafi verið „nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi“.

1. Sjónarmið aðila

(a) Kærandi

31. Kærandi mótmælti því sjónarmiði að hin umdeildu ummæli mætti skilja sem svo að þau fælu í sér staðhæfingu um A væri með alþjóðleg glæpasamtök á sínum snærum. Héraðsdómur hefði ekki talið að ummælin væru staðhæfing um staðreyndir, heldur einungis að lesendur kynnu að skynja þau sem staðhæfingu um að A stjórnaði alþjóðlegum glæpasamtökum.

32. Hvorki kærandinn né hinn viðmælandinn í viðtalinu hefðu verið þeirrar skoðunar, eða reynt að halda því fram, að A stjórnaði litháisku mafiunni á Íslandi. Raunar hefði A, sem er íslenskur ríkisborgari, hvergi verið nefndur í hinni umdeildu grein sem neitt annað en eigandi veitingastaðarins Strawberries. Í hinum meinta ranga orðrómi, sem talið var að A væri að bera út, þ.e. að félagar í litháisku mafiunni stunduðu næturklúbb hans, væri hvergi að finna staðhæfingu um neina staðreynd þess efnis að hann stjórnaði þeim samtökum. Ekki hefði verið sýnt fram á, né væri vitað, hvort einhver félagi í litháisku mafiunni, væru þau samtök yfirleitt til, hefði verið á Íslandi eða nokkurn tíma heimsótt Ísland.

33. Með því að vera krafín um gögn sem sönnuðu umrædd ummæli hefði kærandi staðið frammi fyrir ósanngjörnu, og jafnvel ómögulegu viðfangsefni (*Þorgeir Þorgeirson gegn Íslandi*, 25. júní 1992 65. mgr., A-deild nr. 239).

34. Kærandi mótmælti harðlega þeirri röksemdafærslu ríkisins að ummælin væri ekki nauðsynlegt framlag til almennrar umræðu um samfélagslegt málefni. Rekstur nektardansstaða hefði um langt skeið verið til umræðu meðal almennings og hvort heimila ætti slíka staði væri talið mikilvægt samfélagslegt málefni á Íslandi. Samkvæmt opinberum skýrslum væri lögreglan á móti tilvist slíkra staða vegna þess refsiverða athæfis sem þeim tengdist. Í eitt skipti hefði lögreglan ráðist inn á næturklúbbinn Strawberries, sem rekinn var af A, og lokað honum um tíma. Í framhaldinu, eftir langvarandi almenna umræðu, þ.m.t. á Alþingi, hefðu nektardansstaðir verið bannaðir á Íslandi.

35. Grein kæranda hefði verið framlag til þessarar umræðu. Eins og sjá mætti af ýmsum gögnum sem lögð voru fram til stuðnings kæru hennar hafði oft slegið í brýnu milli eigenda nektardansstaða sem stóðu í samkeppni. A hefði haldið fram í fyrra viðtali við sama dagblað að hann hefði verið barinn með hafnaboltakylfu og kenndi samkeppnisaðila sínum um að hafa staðið að árásinni. Í eitt skipti höfðu átt sér stað átök milli þeirra tveggja þar sem hleypt var af byssuskotum. Í umræddri grein hefði A borið á samkeppnisaðila sinn að hafa sent B, „vel þekktan afbrotamann, sem hefði verið sakfelldur margoft fyrir tilefnislaus ofbeldisverk“ ásamt tveimur öðrum til þess að stofna til vandræða. Því hefði lokið með slagsmálum. Baráttan milli þessara tveggja manna hefði verið uppistaðan í grein kæranda. B hefði svarað munnlegum árásum A á hendur sér með því að segja frá sinni hlið á málinu. Kærandi taldi að innihald viðtalsins varðaði mál sem væri til umræðu meðal almennings og ætti brýnt erindi við almenning.

36. Ef litháiska mafían hefði náð fötfestu á Íslandi væri það einnig grafalvarlegt mál sem ætti að mega ræða með opinskáum hætti.

37. Frétt hennar hefði byggst á áreiðanlegri heimild, þ.e. frásögn vitnis frá fyrstu hendi, og rætt hefði verið við báða aðila. Engar vísbendingar væru um að kærandi hefði verið í vondri trú gagnvart A, né að hún hefði brotið gegn siðareglum blaðamanna. Né heldur hefðu staðhæfingar verið yfirdrífnaðar eða villandi. Málið hefði ekki farið fyrir siðanefnd Blaðamannafélags Íslands.

Raunar hefði Blaðamannafélag Íslands opinberlega mótmælt sakfellingu blaðamanna fyrir að birta ummæli annarra, einkum varðandi málefni sem ættu brýnt erindi við almenning. Lagði kærandi áherslu á að viðtalið hefði verið liður í yfirstandandi almennri umræðu á Íslandi. Þ.e. um hvort leyfa ætti rekstur nektardansstaða. A hefði verið veitt tækifæri til þess að gera athugasemdir við viðtalið; það hefði hann gert og farið með ásakanir á hendur B, sem hefði svarað ummælum hans.

38. Kærandi vísaði til niðurstöðunnar í máli *Selistö gegn Finnlandi* (nr. 56767/00, 16. nóvember 2004) og hvatti dómstólinn til þess að ígrunda hvort A, sem hefði mjög svo umdeilt orð á sér og ætti og ræki mjög umdeilda starfsemi, hefði svo skýlausa hagsmuni af því að vernda orðspor sitt að þeir stæðu framar hagsmunum af því að fram færi umræða um mikilvægt málefni sem almenn-ingur hefði lögmætar áhyggjur af.

39. Með því að lýsa hana ábyrga fyrir ærumeiðandi aðdróttun gagnvart A á þeim forsendum einum að einhverjir lesendur dagblaðsins kynnu að hafa skilið ummæli B á þann veg að A væri höfuðpaur litháisku mafiunnar og að kærandi gæti ekki lagt fram gögn því til sönnunar væri hún svipt rétti sínum sem einstaklingur og blaðamaður til þess að miðla upplýsingum sem ættu brýnt erindi við almenning. Dómur héraðsdóms fæli í sér brot gegn tjáningarfrelsi hennar og frelsi hennar sem blaðamanns.

40. Eini tilgangur A með höfðum meiðyrðamálsins gegn sér hefði verið að draga hana inn í kostnaðarsöm málaferli og senda þau skilaboð til fjölmiðla að hætta að birta upplýsingar um nektardansstaði. Þrátt fyrir vitneskju sína um að viðtalið hefði verið hljóðritað á segulband hefði hann vísvitandi valið þann kost að höfða ekki mál gegn þeim einstaklingi, B, sem viðhafði ummælin. Raunar hefði lögmaður A óskað eftir og fengið í hendur afrit af upptökunni áður en mál var höfðað gegn kæranda.

(b) Ríkið

41. Ríkið lagði á það áherslu í upphafi að við túlkun á 73. gr. stjórnarskrárinnar hefðu íslenskir dómstólar jafnan horft mjög til viðmiða á borð við þau sem Mannréttindadómstóllinn beitti við túlkun 10. gr. Mannréttinasáttmálans og hefðu einnig litið til þeirra atriða í umfjöllun sinni um þetta mál.

42. Ríkið benti á að eftir því sem best yrði séð af dómi héraðsdóms taldi rétturinn að ummælin, sem talin voru brjóta gegn rétti A, hefðu falið í sér fullyrðingar um staðreyndir fremur en gildisdóma. Þessi nálgun væri í fullu samræmi við framkvæmd Mannréttindadómstólsins.

43. Þar sem staðhæfingarnar um að A stundaði refsivert athæfi hefðu verið settar fram sem staðreyndir væri svigrúm íslenskra dómstóla til að takmarka tjáningarfrelsi hennar rýmra heldur en ef um gildisdóma hefði verið að ræða.

44. Ríkið benti á að umfjöllunarefni greinarinnar, sem kærandi var höfundur að, hefði ekki á neinn hátt tengst mikilvægu samfélagslegu málefni þar sem miklu máli skipti að frjáls umræða fengi að þrífast. Rangar staðhæf-

ingar um að A stundaði brotastarfsemi hefðu ekki verið settar fram í neinum tengslum eða samhengi við opinbera umræðu sem stóð um slíkt málefni sem varðaði hagsmuni almennings. Þótt kærandi hefði reynt að setja birtingu greinar sinnar í samhengi við umræður um nektardansstaði og að eigendur nektarklúbba ættu í innbyrðis stríði mótmælti ríkið því að rangar staðhæfingar og persónulegar aðdróttanir í garð A um þátttöku í skipulögðum glæpasamtökum hefðu átt neitt erindi við almenning.

45. Einnig bæri að hafa í huga að A hefði ekki verið í neinni þeirri stöðu þar sem hann mætti gera ráð fyrir að þola harðari gagnrýni eða ásakanir í tengslum við almenna umræðu um samfélagsmálefni. Hann væri hvorki þátttakandi í stjórnmálum né hafði neinu opinberu hlutverki að gegna. Né heldur gæti hann talist opinber persóna eða vel þekktur í íslensku samfélagi. Þá væri starf hans við rekstur veitingastaðar ekki þess eðlis að hann þyrfti að þola harðari ádeilu á opinberum vettvangi en hver annar maður.

46. Ríkið neitaði því ekki að málefni sam varða brotastarfsemi og hugsanleg tengsl milli næturlúbba, vændis og jafnvel mansals ættu brýnt erindi við almenning. Hins vegar réttlætti yfirstandandi opinber umræða á Íslandi um slík málefni ekki að hver sá sem ræki næturlúbb með löglegum hætti þyrfti að setta sig við birtingu rangra staðhæfinga um að hann væri þátttakandi í brotastarfsemi án þess að neinar staðreyndir lægu þar til grundvallar. Ekki hefði verið sýnt fram á að A eða veitingastaður hans hefðu sett lögreglurannsókn vegna refsiverðrar starfsemi á borð við vandi, skipulagða glæpastarfsemi eða aðra tengda brotastarfsemi. Hann ætti rétt á sömu vernd á einkalífi sínu og aðrir einstaklingar.

47. Ríkið mótmælti harðlega þeirri röksemdafærslu kæranda að þar sem A væri að hennar mati þegar afar umdeildur einstaklingur veitti það henni víðtækara frelsi sem fréttamanni til þess að birta staðhæfingar um sekt hans en í tilviki annarra einstaklinga. Engar forsendur af þessu tagi væri unnt að leiða af dómum Mannréttindadómstólsins. Né heldur svaraði „afar umdeildir einstaklingar“ til neins flokks manna sem gerðir væru að slíkum af fjölmiðlum sjálfum og ættu minna tilkall til verndunar einkalífs síns fyrir brotum af hálfu fjölmiðla.

48. Afstaða kæranda til A veki efasemdir um að hún hefði starfað í góðri trú og sem ábyrgur blaðamaður, þar sem að hennar mati hefðu staðhæfingarnar um A, sem hún fékk frá B, ekki þurft frekari rannsóknar við né heldur staðfestingar annarra heimilda. Né heldur hefði A verið veitt tækifæri til þess að tjá sig um staðhæfingarnar.

49. Ríkið héldi því ekki fram að kæranda bæri skylda til að sanna svo að hafið yrði yfir allan eðlilegan vafa að A hefði tekið þátt í umræddu refsiverða athæfi. Staðhæfingarnar hefðu hins vegar verið birtar án tilskilinnar viðleitni til þess að staðreyna þær eða kanna hvort þær ættu sér stoð í staðreyndum.

50. Með vísan til niðurstöðu Mannréttindadómstólsins í máli *Ruokanen o.fl. gegn Finnlandi* (nr. 45130/06, 48. gr., 6. apríl 2010) taldi ríkið að A ætti að

njóta þess réttar að teljast saklaus þar til sekt hans sannaðist, sbr. 2. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmálans.

51. Ennfremur taldi ríkið að kærandi hefði ekki virt þær skyldur fréttamanna, sem dómstóllinn hefur bent á í fordæmum sínum, og að í ljósi málavaxta hefði augljóslega verið um að ræða kæruleysi af hennar hálfu. Henni hefði ekki tekist að sannreyna eða færa sönnur á hinar röngu staðhæfingar í ummælunum sem beindust gegn A. Þegar ljóst varð að hún gæti ekki fundið ásökunum B á hendur A neina stoð í staðreyndum hefði hún átt að haga framsetningu ummæla Z samkvæmt því. Ríkið vísaði einnig til 3. gr. siðareglna Bláðamannafélags Íslands (sjá 22. gr. hér að framan).

52. Ef fallist væri á að fréttamaður gæti losnað undan þeirri skyldu sinni að sannreyna ummæli heimildarmanna sinna með því einu að birta þau í formi beinna tilvitnana myndi það grafa undan þeirri mikilvægu meginreglu að blaðamönnum beri að vanda upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu.

53. Ríkið mótmælti því þeirri röksemdafærslu kæranda að það myndi grafa undan sjálfstæði fjölmiðla ef kalla mætti þá til ábyrgðar vegna tilvitnana í ummæli þriðja aðila. Það væri að sönnu hlutverk, og réttur, fjölmiðla and miðla upplýsingum og persónulegum skoðunum. Hins vegar væri slíkt háð því skilyrði að úrvinnsla, framsetning og samhengi við birtingu slíkra upplýsinga samrýmdust kröfum um ábyrga fréttamennsku. Í þessu tilviki hefði kærandi brugðist þeirri kröfu.

54. Að mati ríkisins hefði hin umdeilda takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda í þessu máli byggt á ríki þjóðfélagslegri þörf og verið studd víðeigandi og fullnægjandi rökum. Með því að hún hefði birt rangar staðhæfingar þess efnis að A hefði tekið þátt í alvarlegu refsiverðu athæfi væri í húfi mikilvægur réttur einstaklings til einkalífs, æru og mannorðs. Skylda ríkisins til þess að vernda þennan rétt einstaklingsins með lögum fæli í sér ríka almannahagsmuni, sem dómstólar landsins yrðu að taka tillit til þegar þeir leituðust við að finna sanngjarnan meðalveg milli hagsmuna sem rækjust á innan þess svigrúms sem þeir hefðu til mats.

55. Loks bæri að undirstrika að afskiptin hefðu verið hófleg í ljósi þess lögmæta markmiðs sem stefnt væri að. Þær bætur sem kæranda hefði verið gert að greiða væru í fullu samræmi við réttarframkvæmd í landinu. Þær væru ekki á nokkurn hátt sérlega íþyngjandi fyrir kæranda.

2. Álit dómstólsins

(a) Meginreglur

56. Í máli *Pedersen og Baadsgaard gegn Danmörk* [GC], nr. 49017/99, ECHR 2004-XI, rakti dómurinn meginreglur réttarframkvæmdar sinnar sem hér segir:

„68. Þegar reynir á „nauðsyn í lýðræðislegu samfélagi“ ber réttinum að ákvarða hvort hið kærða inngríp hafi leitt af „brýnni samfélagslegri þörf“. Aðildarríki hafa ákveðið svigrúm til mats við ákvörðun á því hvort slík nauðsyn sé fyrir hendi, en svigrúmið er háð evrópsku eftirliti sem nær bæði til löggjafar og ákvarðana sem

teknar eru á grundvelli hennar, jafnvel ákvarðana sjálfstæðra dómstóla. Það er því á valdi Mannréttindadómstólsins að kveða upp endanlegan úrskurð um hvort „takmörkun“ samrýmist tjáningarfrelsi sem verndað er skv. 10. gr. (sjá m.a. *Perna gegn Ítalíu* [GC], nr. 48898/99, 39. mgr., ECHR 2003-V, og *Association Ekin gegn Frakklandi*, nr. 39288/98, 56. mgr., ECHR 2001-VIII).

69. Verkefni dómstólsins í eftirlitshlutverki sínu er ekki að koma í stað dómstóla, sem lögsögu hafa í viðkomandi löndum, heldur að fara yfir ákvarðanir þeirra, sem teknar eru innan þess svigrúms sem þeir hafa til mats skv. 10. gr. Mannréttindasáttmálans (sjá *Fressoz og Roire gegn Frakklandi* [GC], nr. 29183/95, 45. mgr., ECHR 1999-I). Það þýðir ekki að eftirlitið einskorðist við það eitt að ganga úr skugga um hvort ríki, sem kært er, hafi nýtt svigrúmið sem því ber af sanngirni, varfærni eða í góðri trú; það sem dómstólnum ber að gera er að líta á hin kærðu afskipti í ljósi málsins í heild, þ.m.t. efni ummælanna, sem kærendur sæta ámæli fyrir svo og sambengi ummælanna (sjá *News Verlags GmbH & Co. KG gegn Austurríki*, nr. 31457/96, 52. mgr., ECHR 2000-I).

70. Einkum og sér í lagi ber dómstólnum að ákvarða hvort inngripið hafi verið stutt viðeigandi og fullnægjandi (e. „relevant and sufficient“) rökum af hálfu ríkisins og hvort ráðstöfunin sem gripið var til hafi verið „hófleg í ljósi þess lögmæta markmiðs sem stefnt var að“ (e. ‘proportionate to the legitimate aims pursued’). (sjá *Chauvy o.fl. gegn Frakklandi*, nr. 64915/01, 70. mgr., ECHR 2004-VI). Í þessu skyni þarf dómstóllinn að fullvissa sig um að innlend yfirvöld, með hliðsjón af viðunandi mati á málavöxtum, hafi uppfyllt kröfur sem samrýmdust þeim meginreglum sem felast í 10. gr. Mannréttindasáttmálans (sbr. m.a. *Zana gegn Tyrklandi*, dómur frá 25. nóvember 1997, *Reports* 1997-VII, bls. 2547-48, 51. mgr.).“

57. Ennfremur, eins og einnig er staðfest í fyrrnefndu máli *Pedersen og Baadsgaard* (sama rit, 71. mgr.), gildir tjáningarfrelsi ekki aðeins um „upplýsingar“ eða „hugmyndir“ sem falla í góðan jarðveg eða sem teljast meinlausar eða skipta engu máli, heldur einnig þær sem misbjóða, hneyksla eða koma illa við fólk. Eins og fram kemur í 10. gr. eru undantekningar frá þessu frelsi, sem þó ber að túlka þröngt, og þörfina á takmörkunum verður að styðja sannfærandi rökum (sbr. m.a. *Jersild gegn Danmörk*, dómur frá 23. september 1994, A-deild nr. 298, bls. 23-24, 31. mgr.; *Janowski gegn Póllandi* [GC], nr. 25716/94, 30. mgr., ECHR 1999-I; og *Nilsen og Johnsen gegn Noregi* [GC], nr. 23118/93, 43. mgr., ECHR 1999-VIII; *Lindon, Otchakovsky-Laurens og July gegn Frakklandi* [GC], nr. 21279/02 og 36448/02, 45. mgr., ECHR 2007-IV).

58. Í nýlegum dómi yfirældar dómstólsins í máli *Axel Springer AG gegn Þýskalandi* ([GC], nr. 39954/08, 83. mgr., 7. febrúar 2012), ítrekaði dómstóllinn að rétturinn til verndar mannorði sé verndaður skv. 8. gr. Mannréttindasáttmálans og hluti af réttinum til einkalífs (sbr. *Chauvy o.fl. gegn Frakklandi*, nr. 64915/01, 70. mgr., ECHR 2004-VI; *Cumpănă og Mazăre gegn Rúmeníu* [GC], nr. 33348/96, 91. mgr., ECHR 2004-XI; *Pfeifer gegn Austurríki* nr. 12556/03, 35. mgr., 15. nóvember 2007; *Polanco Torres og Movilla Polanco gegn Spáni*, nr. 34147/06, 40. mgr., 21. september 2010). Eins og dómstóllinn benti hins vegar á í sama dómi þarf atлага að mannorði að ná tilteknu alvarleikastigi til þess að falla undir 8. gr. og hún þarf að vera með þeim hætti að

hún skerði rétt viðkomandi til þess að njóta friðhelgi einkalífs (sbr. einnig *A. gegn Noregi*, nr. 28070/06, 64. mgr., 9. apríl 2009; og *Sidabras og Džiautas gegn Litháen*, nr. 55480/00 og 59330/00, 49. mgr., ECHR 2004-VIII).

59. Að kjarna ákvörðunar dómsins í fyrirbyggjandi máli liggur hið mikilvæga hlutverk sem fjölmiðlar gegna í lýðræðislegu samfélagi. Þótt fjölmiðlar megi ekki fara út fyrir tiltekin mörk, einkum að því er varðar mannorð og réttindi annarra og nauðsyn þess að koma í veg fyrir birtingu trúnaðarupplýsinga, er það eigi að síður hlutverk þeirra að miðla upplýsingum og hugmyndum um öll málefni sem varða hagsmunum almennings með þeim hætti að það samrýmist skyldum þeirra og ábyrgð. Það ekki einungis skylda fjölmiðla að veita slíkar upplýsingar, heldur einnig réttur almennings að fá þær. Að auki hefur dómurinn hugfast að frelsi blaðamanna nær hugsanlega einnig til þess að ýkja að vissu marki eða jafnvel ögra. Í málum á borð við það sem hér er til umfjöllunar takmarkast svigrúm þjóða til mats af hagsmunum lýðræðislegs samfélags af því að gera fjölmiðlum kleift að sinna nauðsynlegu hlutverki sínu sem „varðhundur almennings“ við miðlun upplýsinga um alvarleg mál sem eiga erindi við almenning (sbr. *Bladet Tromsø og Stensaas gegn Noregi* [GC], nr. 21980/93, 59. og 62. mgr., ECHR 1999-III; *Tønsbergs Blad A.S. og Haukom gegn Noregi*, nr. 510/04, 82. mgr., 1. mars 2007, með frekari tilvísunum).

(b) Gildi þessara meginreglna fyrir þetta mál

60. Dómurinn veitir því athygli frá upphafi að ærumeiðingin sem kærandi taldist bera ábyrgð á byggðist á frásögn B og fyrirsögninni skv. 1. og 2. kröfulið:

1. kröfuliður

„Hann [kærandi] er búinn að bera orðróm út um allan bæ um að það komi enginn með stæla inn á Strawberries því hann sé þar með litháísku mafiuna og að ég hafi bara verið tekinn og laminn þarna inni. Ég átta mig ekki alveg á þessu. Hann verður eiginlega að gera upp hug sinn um hvort hann telur mig hafa verið laminn eða sig.“

2. kröfuliður

„Orðrómur um mafiuna“

61. Í dómi sínum frá 21. desember 2009 taldi héraðsdómur að framangreindar staðhæfingar kynnu að vekja þau hughrif hjá lesendum greinarinnar, að stefnandi væri „með skipulögð alþjóðleg glæpasamtök á sínum snærum.“ Þar sem kærandi hefði ekki sýnt fram á eða reynt að sannreyna sannleikann í staðhæfingunni - sem teldist þar með aðdróttun - taldist hún ábyrg skv. 235. gr. almennra hegningarlaga og staðhæfingin var dæmd dauð og ómerk (241. gr.) ásamt millifyrirsögninni sem vísaði til hennar. Hinn 25. mars 2010 hafnaði Hæstiréttur beiðni kæranda um að áfrýja dómi héraðsdóms.

62. Dómurinn veitir því athygli að framangreinda merkingu hinna ærumeiðandi ummæla leiddi héraðsdómur ekki af orðanna hljóðan heldur,

að því er virðist, af almennum tón ummælanna. Hins vegar er ekki ljóst að mati dómsins að broddur ummælanna (sbr. *Bergens Tidende o.fl. gegn Noregi*, nr. 26132/95, 56. mgr., ECHR 2000-IV) hefði falist í því að gefið hefði verið í skyn að A væri „með ... alþjóðleg glæpasamtök á sínum snærum.“ Orðin um að „hann sé með litháisku mafíuna þarna inni“ má vel skilja sem svo að þeir sem þannig er lýst hafi verið í húsnæði staðarins. Héraðsdómur skýrði ekki í dómi sínum hvernig orðin í greininni, sér í lagi „litháíska mafían“, gæti gefið lesendum þá hugmynd að átt væri við „alþjóðleg glæpasamtök“. Í dóminum var heldur ekki skýrt frá því hvernig almennur lesandi gæti skilið ummælin sem staðhæfingu um að A væri með „alþjóðleg glæpasamtök á sínum snærum“, hvað þá að hann væri í tygjum við eitthvað sem lýst var sem „litháískri mafíu“. Meðan ekki liggja fyrir neinar slíkar skýringar virðist greining héraðsdóms á innihaldi aðdróttunarinnar ósannfærandi og gefur tilefni til að efast um hvort forsendurnar sem dómurinn byggði á gildi um það lögmæta markmið að vernda rétt og mannorð A.

63. Í öllu falli, jafnvel þótt forsendur hafi legið fyrir sem ættu við framan- greint markmið er dómurinn ekki sannfærður, með vísan til rökstuðnings í 69.-71. mgr. dómsins í málinu *Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi* (nr. 46443/09, kveðinn upp á sama tíma og þessi dómur), að þær hafi einnig verið fullnægjandi.

64. Dómurinn fellst ekki á þá röksemd ríkisins að „umfjöllunarefni“ greinar kæranda og hinar umdeildu staðhæfingar hafi ekki tengst mikilvægu samfélagslegu málefni og ekki verið nauðsynlegt innlegg í umræðu um samfélagslegt málefni. Hvort birting varðar málefni sem á erindi við almenning ætti að velta á viðtækara mati á umfjöllunarefninu og samhengi birtingarinnar (*Tønsbergs Blad A.S. og Haukom gegn Noregi*, nr. 510/04, 87. mgr., 1. mars 2007). Að mati dómsins miðaði greinin að því að varpa ljósi á ofbeldisfull átök milli eigenda nektardansstaða sem áttu í samkeppni og hana þyrfti að skoða í víðara samhengi þeirrar almennu umræðu sem átt hafði sér stað í íslenskum prent- og ljósvakamiðlum um hvort herða þyrfti reglur um nektardansstaði eða banna þá alfarið, en sú umræða hafði verið uppi í umtalsverðan tíma þegar grein kæranda birtist (sjá *Björk Eiðsdóttir*, sbr. hér að framan, 6.-10. og 64. mgr.). Enginn vafi getur leikið á því að grein kæranda, ef litið er á hana í heild sinni, tengdist viðtækara málefni sem átti lögmætt erindi við almenning. Hins vegar er ekki að sjá af röksemdafærslu héraðsdóms að þetta sjónarmið hafi haft nokkurt vægi eða verið talið skipta máli varðandi mat réttarins.

65. Að mati dómsins verður að telja að með því að ráðast í þá tegund starfsemi sem hér um ræðir, og einnig þegar tekið er mið af þeim lögmætu hagsmunum almennings sem fjallað er um í 67. gr. hér að framan, hafi A óhjákvæmilega og vitandi vits stigið fram á sjónarsvið almennings og gengist undir að náíð yrði fylgst með framferði hans. Mörk ásættanlegrar gagnrýni hljóta því að vera rýmri en ef um væri að ræða einstakling í einkalífi eða almennu starfi (sjá, að breyttu breytanda, *Steel og Morris gegn Bretlandi*, nr. 68416/01, 94. mgr., ECHR 2005II; *Timpul InfoMagazin og Anghel gegn*

Moldóvu, nr. 42864/05, 34. mgr., 27. nóvember 2007).

66. Héraðsdómur lýsti heldur engri skoðun á því hvort hin umdeilda aðdróttun teldist staðhæfing um staðreyndir eða gildisdómur að öðru leyti en því að kærandi, sem blaðamaður, hefði „ekki sýnt fram á eða gert sennilegt, að sú staðhæfing, sem felst í orðum B, [hefði verið] sönn.“ Þótt aðdróttunin ætti að mati dómsins að teljast staðhæfing um staðreynd, fólu hin ýmsu ummæli, sem héraðsdómur las hina umdeildu aðdróttun út úr, að hluta í sér skoðanir B eða gildisdóma („bera orðróm út um allan bæ um að það komi enginn með stæla inn á Strawberries því ...“; „Hann verður eiginlega að gera upp hug sinn um hvort hann telur mig hafa verið laminn eða sig“) og að hluta staðhæfingar um staðreyndir „hann [er] þar með litháísku mafiuna, og ég [var] bara ... tekinn og laminn þarna inni“, „Orðrómur um mafiuna“). Síðastnefndu ummælin voru nokkuð óljós (sbr. t.d. athugasemdir í 59. mgr. hér að framan) og mættu að ákveðnu marki teljast fela í sér persónulega skoðun að hluta. Við hinar tilteknu aðstæður þessa máls telur dómurinn að jafnvel þótt staðhæfingarnar séu túlkaðar þröngt eftir orðanna hljóðan séu þær til þess fallnar að skaða æru og mannorð B.

67. Hins vegar er því ekki haldið fram að hinar umdeildu staðhæfingar hafi átt uppruna sinn hjá kæranda sjálfum, heldur hjá öðrum nafngreindum einstaklingi, B, (sbr. *Ruokanen*, sjá hér að framan, 47. gr.), sem kærandi hefði tekið viðtal við eftir að hafa heyrt lýsingu A á ofbeldisatvikinu. Svo virðist af niðurstöðum héraðsdóms að fyrir utan smávægilega ritstýringu hafi tilvitnanirnar í 1. kröfulið verið orðrétt ritsetning ummæla B í viðtalinu. Ekki er að sjá að héraðsdómur hafi litið 2. lið öðrum augum en fyrrnefndar tilvitnanir (sjá 16. mgr. hér að framan). Dómurinn sér ekki ástæðu til þess að gera það heldur, enda ljóst að í undirfyrirsögninni fólst ekki annað en endursögn á frásögn og skoðunum B (sbr. *Thoma gegn Lúxemborg*, nr. 38432/97, 64. mgr., ECHR 2001-III; sbr. einnig *Verdens Gang og Aase gegn Noregi* (ákv.), nr. 45710/99, ECHR 2001-X).

68. Að því marki sem lögmætir hagsmunir stóðu til þess að vernda A gegn hinum umdeildu ærumeiðandi staðhæfingum sem B viðhafði í viðtali sínu voru þeir hagsmunir, að mati dómsins, að mestu varðir með þeim úrræðum sem A stóðu til boða skv. íslenskum lögum. Þ.e. að höfða meiðyrðamál gegn henni (sbr., að breyttu breytanda, *Jersild*, sjá hér að framan, 35. mgr.). Að mati dómsins er athyglisvert að A kaus að höfða meiðyrðamál einungis gegn blaðamanninum, þ.e. kæranda. Líta verður til þess að þetta takmarkaði verulega möguleika kæranda til þess að færa sönnur á staðhæfingarnar.

69. Í þessu sambandi tekur dómurinn einnig mið af hlutverki þolanda misgerðarinnar í málinu (sbr. *Nilsen og Johnsen*, sjá tilvísun hér að framan, 52. gr., *Oberschlick gegn Austurríki* (nr. 2). 1. júlí 1997. 31.-35. mgr. í Reports of Judgments and Decisions 1997 IV). Dómurinn hlýtur að veita því athygli að það sem varð til þess að kærandi skrifaði greinina var að A, meintur þolandi ásakananna, hafði sett sig í samband við kæranda að fyrra bragði og farið fram

á að DV birti eigin frásögn hans af ofbeldisatvikinu sem átt hafði sér stað á Strawberries. Í frásögninni, sem kærandi samþykkti að koma á framfæri í grein sinni, var að finna alvarlegar ásakanir á hendur Y, eiganda samkeppnisaðilans Goldfinger, og á hendur B, manni sem A sagði að væri þekktur fyrir ofbeldi og hefði verið sendur af Y til að ráðast á sig á veitingastað sínum. Að mati héraðsdóms mátti A vita, að ummæli hans yrðu borin undir B og að honum yrði gefinn kostur á að skýra frá sinni hlið málsins. Þótt héraðsdómur virðist ekki hafa dregið neinar ályktanir af þessum aðstæðum telur dómurinn fyrir sitt leyti að þær skipti máli. Með þeim hætti sem A kaus að tjá sig opinberlega mátti hann vita að hann kynni að sæta gagnrýni og hefði hann því átt að sýna meira umburðarlyndi í því ljósi (*Nilsen og Johnsen*, sjá fyrri tilvísun, 52. mgr.).

70. Ennfremur hlýtur að telja að kærandi hafi leitast við að gæta jafnræðis í frétttaflutningi sínum með því að birta ekki aðeins útgáfur B og Y á málsatvikum, heldur einnig útgáfu A. Hafa ber í huga að talsverður munur kann að vera á aðferðum sem beitt er við hlutlæga og hlutlausa fréttamennsku, m.a. eftir því hvers konar miðil er um að ræða; það er ekki hlutverk dómsins fremur en dómstóla einstakra landa að setja eigin sjónarmið í stað sjónarmiða fjölmiðla að því er varðar aðferðir sem blaðamenn ættu að beita við fréttamennsku (sbr. *Jersild*, sjá fyrri tilvísun, bls. 23-25, 31. og 34. mgr., og *Bergens Tidende o.fl.*, sjá fyrri tilvísun, 57. mgr.). Jafnvel þótt ummælin kunni að hafa verið til þess fallin að skaða mannorð A, sér dómurinn ekki tilefni til þess að gagnrýna kæranda fyrir að setja ekki fjarlægð milli sín og innihalds ummæla B (*Thoma gegn Lúxemborg*, nr. 38432/97, 64. mgr., ECHR 2001III; *Standard Verlags GmbH gegn Austurríki*, nr. 13071/03, 53. mgr., 2. nóvember 2006).

71. Í þessu sambandi vill dómurinn ítreka að frétttaflutningur, sem byggist á viðtölum, hvort sem þeim er ritstýrt eða ekki, er ein mikilvægasta aðferð fjölmiðla til þess að gegna nauðsynlegu hlutverki sínu sem „varðhundur almennings“ (sbr. *Observer og Guardian gegn Bretlandi*, 26. nóvember 1991, 59. mgr., A-deild nr. 216; og *Jersild*, sjá hér að framan). Ennfremur mundi refsing blaðamanna fyrir að hafa milligöngu um miðlun staðhæfinga annarra í viðtali torvelda með alvarlegum hætti framlag fjölmiðla til umræðu um efni sem eiga erindi við almenning og ætti ekki að koma til álita nema sérstaklega brýnar ástæður séu til þess (sbr. *Jersild*, sjá fyrri tilvitnun, ibidem). Þótt þetta atriði hafi að því er virðist ekki skipt máli að mati héraðsdóms, er dómurinn ekki sannfærður um að neinum slíkum brýnum ástæðum sé til að dreifa í fyrir-liggjandi máli.

72. Með hliðsjón af öllu framansögðu, einkum gloppunum í greiningu héraðsdóms á hinum umdeildu staðhæfingum, þeirri staðreynd að þær byggðu á frásögn annars manns í viðtali við kæranda og ekki síst þætti þolanda misgerðarinnar í málinu, er það mat dómsins miðað við málavexti að ekki sé unnt að gagnrýna blaðamanninn, þ.e. kærandann, fyrir að láta undir höfuð leggjast að grennslast fyrir um sannleika hinna umdeildu staðhæfinga og að kærandi hafi borið sig að í góðri trú í samræmi við þá kostgæfni sem ætlast má til af ábyrgum

fréttamanni sem flytur fréttir af málefni sem á erindi við almenning (sbr. t.d. *Wizerkaniuk gegn Póllandi*, nr. 18990/05, 87. mgr., 5. júlí 2011).

73. Engu að síður lauk málinu sem A höfðaði á hendur kæranda með því að héraðsdómur dæmdi staðhæfingarnar dauðar og ómerkar og gerði kæranda að greiða til A samtals kr. 700.000 (u.þ.b. 3.920 evrur á þeim tíma sem um ræðir). Var þar um að ræða kr. 200.000 í miskabætur, kr. 150.000 til þess að standa straum af greiðslu kostnaðar vegna birtingar forsendna dómsins og dómsorðs í dagblöðum, svo og kr. 350.000 í málskostnað fyrir héraðsdómi.

74. Af því leiðir að rökstuðningurinn sem ríkið byggir á nægir ekki, þótt hann væri talinn viðeigandi, til þess að sýna fram á að hin kærðu afskipti hafi verið „nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi“. Að mati dómsins var ekki gætt eðlilegs meðalhófs milli þeirra ráðstafana sem héraðsdómur greip til varðandi rétt kæranda til tjáningarfrelsis og þess lögmæta markmiðs sem stefnt var að.

Af því leiðir að brotið hefur verið gegn 10. gr. Mannréttindasáttmálans.

II. BEITING 41. GR. MANNRÉTTINDASÁTTMÁLANS

75. 41. gr. Mannréttindasáttmálans er svohljóðandi:

„Dómstóllinn skal ef nauðsyn krefur veita sanngjarnar bætur til þess aðila sem orðið hefur fyrir tjóni ef hann kemst að þeirri niðurstöðu að um brot á samningnum eða samningsviðaukum við hann hafi verið að ræða og ef löggjöf viðkomandi samningsaðila heimilar aðeins að veittar séu bætur að hluta.“

A. Fjárhagslegt tjón

76. Kærandi krafðist bóta vegna fjárhagslegs tjóns að samanlagðri fjárhæð kr. 700.000, sem henni hefði verið gert, með dómi héraðsdóms frá 21. desember 2009, að greiða Y í miskabætur (kr. 200.000), til birtingar á forsendum og dómsorði héraðsdóms og í málskostnað (kr. 150.000) og í málskostnað (kr. 350.000).

77. Ríkið mótmælti endurgreiðslu allra framangreindra fjárhæða, sem kærandi virtist ekki hafa greitt enn.

78. Tekið skal fram að dómurinn sem hér er upp kveðinn leiðir ekki sjálfkrafa til ógildingar á þeim fyrirmælum héraðsdóms að kærandi skyldi greiða Y framangreindar fjárhæðir. Ennfremur má ráða af gögnum sem lögð hafa verið fyrir dóminn að A hafi engin áform um að gefa eftir kröfu sína á hendur henni. Að mati dómsins voru orsakatengsl milli brotsins, sem telst hafa átt sér stað, og meints fjártjóns og því eru kæranda dæmdar 4.000 evrur skv. þessum lið.

B. Miskabætur

79. Kærandi krafðist ennfremur kr. 5.500.000, (sem svarar til 33.700 evra m.v. 13. apríl 2011) í miskabætur fyrir tjón sem hún varð fyrir vegna brotsins gegn Mannréttindasáttmálanum sem leiddi af dómi héraðsdóms frá 9. desember 2009. Málið sem höfðað hefði verið gegn henni hefði lagt á hana þunga byrði sem blaðamann á hóflegum launum. Eftir að umræddur dómur hefði fallið hefði tíðkast að kalla hana „sakfellda blaðamanninn“. Æra hennar

og orðspor, bæði á persónulegum og faglegum grunni, hefði beðið hnekki. Málið hefði valdið kæranda og fjölskyldu hennar tilfinningalegri og andlegri þjáningu og sárindum. Dómur héraðsdóms, þar sem hún væri nafngreind, hefði verið gerður aðgengilegur almenningi með birtingu á internetinu.

80. Ríkið mótmælti framangreindri kröfu og taldi að niðurstaða dómsins þess efnis að brot hefði verið framið fæli í sér sanngjarnar bætur. Í öllu falli, ef dómurinn teldi rétt að tildæma fébætur væri kröfufjárhæðin augljóslega of há. 2.000 evrur væru eðlilegri fjárhæð í ljósi dómframkvæmdar hjá dómstólnum í sambærilegum málum.

81. Dómurinn fellst á að kærandi hafi orðið fyrir þjáningum og vonbrigðum vegna brotsins gegn Mannréttindasáttmálanum, sem ekki teldist nægilega bætt fyrir með dómsniðurstöðu í þessa veru. Eftir mat á sanngirnisgrunni telur dómurinn hæfilegt að dæma kæranda 5.000 evrur undir þessum lið.

C. Kostnaður og útgjöld

82. Kærandi krafðist ennfremur endurgreiðslu málskostnaðar og útgjalda, samtals að samanlagðri fjárhæð kr. 3.057.490 (sem svarar til u.þ.b. 18.000 evra), vegna eftirfarandi liða:

(a) kr. 1.057.490 (u.þ.b. 5.750 evrur) vegna eigin málskostnaðar fyrir landsrétti (kr. 952.425 fyrir héraðsdómi og kr. 105.065 vegna áfrýjunarbeiðni til Hæstaréttar),

(b) kr. 2.000.000 (u.þ.b. 12.250 evrur) vegna vinnu lögmanna að málarekstri fyrir Mannréttindadómstólnum,

Í framangreindum fjárhæðum er virðisaukaskattur (vsk) meðtalinn.

83. Ríkið taldi kröfuna skv. a-lið óhæfilega og fór þess á leit við dómstólinn að hann ákvarðaði raunhæfa fjárhæð vegna málskostnaðar og benti á að engin gögn hefðu verið lögð fram til sönnunar um að kærandi hefði greitt umræddan kostnað. Að mati ríkisins var krafan skv. b-lið óhæfileg og var þess farið á leit við dómstólinn að hann ákvarðaði hæfilega fjárhæð.

84. Samkvæmt dómaframkvæmd dómsins á kærandi aðeins rétt á endurgreiðslu kostnaðar og útgjalda að því marki sem sýnt þykir að til þeirra hafi í raun og óhjákvæmilega verið stofnað og að fjárhæð þeirra sé hæfileg. Í fyrirbyggjandi máli, með hliðsjón af framangreindum forsendum, fyrirbyggjandi gögnum og þeirri staðreynd að aðeins hluti krafanna var studdur reikningum, telur dómurinn hæfilegt að dæma kæranda 5.000 evrur vegna a-liðar, og 7.500 evrur vegna b-liðar (að meðtöldum vsk).

D. Dráttarvextir

85. Dómurinn veitir athygli beiðni kæranda um að leggja dráttarvexti við bætur skv. 41. gr. „sem jafngilda mánaðarlegum dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands ... til greiðsludags“, þ.e. frá 21. desember 2009, sem er uppkvaðningardagur dóms héraðsdóms.

86. Dómurinn telur hins vegar að hagsmunir kæranda af því að viðhalda

10. gr. Tjáningarfrelsi

verðgildi bótanna séu nægjanlega tryggðir með matinu hér að framan og með lið 3(b) í dómsorðinu hér að neðan. Skv. viðtekinni venju telur dómurinn hæfilegt að dráttarvextir miðist við almenna útlánsvexti (e. marginal lending rate) Seðlabanka Evrópu, með 3% álagi.

AF ÞESSUM SÖKUM HEFUR DÓMURINN KOMIST AÐ ÞEIRRI EINRÓMA NIÐURSTÖÐU

1. að kæran hafi verið tæk til efnismeðferðar,
2. að brotið hafi verið gegn 10. gr. Mannréttindasáttmálans,
3. *Því er dæmt:*
 - (a) að ríkið skuli greiða kæranda, innan þriggja daga frá því að dómurinn verður endanlegur skv. 2. mgr. 44. gr. Mannréttindasáttmálans, eftirfarandi fjárhæðir, sem umreiknist í íslenskar krónur á því gengi sem gildir á greiðsludegi,
 - (ii) EUR 4.000 (fjögur þúsund evrur) í fébætur, ásamt hvers kyns sköttum sem kunna að leggjast á,
 - (ii) EUR 5.000 (fimm þúsund evrur) í miskabætur, ásamt hvers kyns sköttum sem kunna að leggjast á,
 - (iii) EUR 12.500 (tólf þúsund og fimm hundruð evrur) vegna kostnaðar og útgjalda,
 - (b) að frá þeim tíma sem áðurnefndir þrír mánuðir eru liðnir og fram að uppgjöri skuli einfaldir vextir leggjast á fyrrgreindar fjárhæðir sem svara til almennra útlánsvaxta Seðlabankans í Evrópu meðan vanskil vara með 3% álagi.
4. *Vísað er frá* öðrum kröfum kæranda um sanngjarnar bætur.

Mouvement raëlien suisse gegn Sviss

Dómur frá 13. júlí 2012 - Yfirdeild

Mál nr. 16354/06

10. gr. Tjáningarfrelsi

Félagasamtök. Tilgangur félags. Auglýsingar. Svigrúm til mats.

1. Málsvik

Kærandi, Mouvement raëlien suisse, sem stofnað var árið 1977, eru samtök sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og hafa þann tilgang að komast í samband við geimverur. Árið 2001 sótti kærandi um leyfi lögreglu til þess að hengja upp á almannafæri veggspjöld með auglýsingu þar sem birtist mynd af geimveru og fljúgandi disk, ásamt símanúmeri og heimasíðu samtakanna. Yfirvöld höfðu umsókninni á þeim grundvelli að starfsemi samtakanna væri siðlaus og færi gegn allsherjarreglu. Samtökin eru fylgjandi stjórnskipulagi sem byggja á svokölluð snillingaræði (*geniocracy*) þar sem m.a. verði lögð áhersla á klónun manna. Þá hafði innlendur dómstóll áður úrskurðað að fræðilega séð styddu samtökin misnotkun barna og sífjaspell. Einnig hafi verið kvartað yfir

samtökunum til lögreglu yfirvalda sökum kynferðislegra athafna með börnum.

Kærandi hélt því fram að bann við því að félagið hengdi upp veggspjöld fæli á sér ritskoðun og ekkert væri athugavert við það eitt og sér að styðja ofurmennaræði, klónun og nautnahugleiðslu. Bannið var staðfest með dómi árið 2005. Var þar áréttað að þótt samtökin nýtu skoðanarfrelsis og trúfrelsis, þá væru skoðanir þess og gagnrýni á lýðræðisskipulagið líkleg til að grafa undan allsherjarreglu og öryggi, ásamt almennu siðferði.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að synjun yfirvalda á umsókn hans um leyfi til þess að hengja upp veggspjöld um starfsemi samtakana bryti gegn tjáningarfrelsi hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Óumdeilt var að synjun á erindi kæranda byggðist á lagaheimild og stefndi að því að fyrirbyggja glæpi og vernda heilsu, siðferði og réttindi annarra. Það var ólíkt þessu máli og öðrum er dómstóllinn hafði fjallað um að kærandi þurfti ekki að þola almennt bann við tjáningu tiltekinna skoðana heldur bann við að nýta almannarými til að hengja upp veggspjöld. Dómstóllinn áréttaði að einstaklingar ættu ekki óskoraðan rétt til að nýta almannarými til að setja upp veggspjöld sem lið í auglýsingaherferðum.

Dómstóllinn áréttaði að svigrúm ríkja til að takmarka tjáningarfrelsi væri þröngt á sviði stjórn málaumræðu en væri rýmra þegar kæmi að umræðu sem verið gæti móðgandi með tilliti til siðferðis og trúarbragða og í auglýsingum tengdum viðskiptum. Auglýsing kæranda væri næst því að vera viðskiptaauglýsing, þar sem henni var ætlað að hvetja fólk til að ganga í samtökin. Þótt markmið hennar hafi ekki verið ætlað að auglýsa tiltekna vöru þá bæri hún einkenni auglýsingar í viðskiptaskyni og fæli í sér áróður.

Eftirlit með því hvaða auglýsingar megi birta á almannafæri vegna herferða, sem ekki eru tengdar stjórn málaumræðu, væri í eðli sínu mismunandi milli ríkja, og jafnvel mismunandi innan sama ríkis ef það væri í höndum staðbundinna stjórnvalda. Dómstóllinn benti á að fjallað hefði verið um bannið af fimm mismunandi stjórnvöldum og hefði það verið ítarlega rökstutt. Réði þar mestu um synjunina að kærandi styddi opinberlega klónun á mönnum auk þess sem hugmyndastefna hvetti til kynferðisofbeldis gegn börnum. Þótt flestar þessara ástæðna myndu ekki einar og sér leiða til synjunar verði að fara fram heildstætt mat á öllum aðstæðum sem styddi að synjunin væri nauðsynleg til að vernda heilsu, siðferði og réttindi annarra ásamt því að fyrirbyggja glæpi.

Dómstóllinn benti hins vegar á að bannið næði einungis til birtingar á almannafæri. Því væri um minniháttar skerðingu réttinda að ræða og gætu samtökin eftir sem áður kynnt og tjáð hugmyndir sínar á vefsíðu sinni og í dreifiritum. Komst dómstóllinn því að þeirri niðurstöðu að svissneska ríkið

hefði ekki farið út fyrir það svigrúm sem það hefði til mats á skerðingu tjáningarfrelsis. Var því ekki fallist á að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda samkvæmt 10. gr.

Peta Deutschland gegn Þýskalandi

Dómur frá 8. nóvember 2012

Mál nr. 42481/09

10. gr. Tjáningarfrelsi

Auglýsingar. Lögbann. Réttindi annarra. Helförin. Jákvæðar skyldur.

1. Málsatvik

Kærandi, Peta Deutschland, er þýsk félagasamtök og aðilar að alþjóðlegu dýraverndunarsamtökunum Peta. Í mars árið 2004 undirbjuggu samtökin auglýsingaherferð þar sem aðstæðum dýra sem alin eru til manneldis var líkt við útrýmingarbúðir nasista í síðari heimsstyrjöld.

Forsvarsmenn samtaka gyðinga í Þýskalandi, þar á meðal einstaklingar sem höfðu sjálfir komist lífs af úr helförinni, kröfðust þess fyrir þýskum dómstólum að lögbann yrði lagt á auglýsingaherferðina. Krafa þeirra var studd þeim rökum að auglýsingaherferð kæranda væri móðgandi og bryti gegn rétti þeirra til mannlegrar reisnar og einkalífi fjölskyldna þeirra sem var útrýmt í helförinni.

Þýskir dómstólar féllust á umrædd sjónarmið og lögðu lögbann við fyrirhuguðum aðgerðum kæranda. Vísað var til þess að með auglýsingaherferðinni yrði gert lítið úr fórnarlömbum helfararinnar, enda gerðu þýsk stjórnskipunarlæg skýran greinarmun á lífi manneskju og þeirri virðingu sem því bæri að sýna annars vegar og dýravernd hins vegar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að lögbannið, sem lagt var við fyrirhugaðri auglýsingaherferð samtakanna, hefði brotið gegn tjáningarfrelsi samtakanna samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Óumdeilt var að tjáningarfrelsi kæranda hefði verið skert, að takmörkunin ætti sér stoð í þýskum lögum og að hún stefndi að lögmætu markmiði, þ.e. vernd réttinda og mannorðs þeirra sem fóru fram á umdeilt lögbann.

Varðandi þá spurningu hvort nauðsynlegt væri í lýðræðisþjóðfélagi að leggja lögbann við aðgerðum kæranda benti dómstóllinn á að auglýsingaherferð kæranda hefði varðað umhverfis- og dýravernd og þar með almannahagsmuni. Af þessum sökum þyrftu veigamiklar ástæður til að réttlæta takmarkanir á frelsi kæranda til að koma á framfæri slíkri tjáningu. Bent var á að þýskir dómstólar hefðu metið þá hagsmuni sem vógust á í málinu og komist að þeirri

niðurstöðu að notkun kæranda á þjáningu fórnarlamba helfararinnar bryti gegn persónuréttindum lögbannsbeiðenda. Þá bæri að hafa hliðsjón af því sögulega samhengi sem helförin væri hluti af í Þýskalandi. Fallist var á það sjónarmið þýskra stjórnvalda að á þeim hvíldi sérstök verndarskylda gagnvart gymgum sem byggju í Þýskalandi.

Með vísan til þessa taldi dómstóllinn að þýskir dómstólar hefðu rökstutt niðurstöðu sína nægilega vel, enda þótt vel mætti vera að dómstólar í öðrum aðildarríkjum gætu með réttu komist að annarri niðurstöðu. Loks tók dómstóllinn fram að það úrræði sem beitt var gegn kæranda hefði ekki verið sérlega íþyngjandi og að samtökin hefðu ekki getað sýnt fram á að þau hefðu ekki aðrar leiðir til að beina athygli almennings að dýravernd.

Af þessum sökum var ekki fallist á að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans. Tveir dómarar komust að sömu niðurstöðu með öðrum rökstuðningi.

Telegraaf Media Nederland Landelijke Media B.v. o.fl. gegn Hollandi

Dómur frá 22. nóvember 2012

Mál nr. 39315/06

8. gr. Friðhelgi einkalífs

10. gr. Tjáningarfrelsi

Fjölmiðlar. Blaðamenn. Heimildarmenn. Rannsóknaraðgerðir. Skylda til að afhenda gögn. Öryggi ríkisins.

1. Málsatvik

Kærandur voru þrír, útgáfufyrirtækið Telegraaf Media Nederland Landelijke Media B.V. sem gefur út dagblaðið De Telegraaf og eigendur fyrirtækisins Joost de Haas og Bart Mos. Þeir búa í Hollandi og starfa sem blaðamenn hjá útgáfufyrirtækinu.

Í janúar 2006 skrifuðu kærendurnir Haas og Mos greinar í De Telegraaf um rannsókn hollensku öryggislögreglunnar á því hvort leynileg gögn hennar hefðu borist til tiltekins manns sem rak umfangsmikla skipulagða glæpastarfsemi í Hollandi. Löggæslufyrirvöld í Hollandi kröfðust þess að þeim gögnum, sem kærandur hefðu undir höndum um málið, og væru komin frá öryggislögreglunni, yrði skilað. Kærandur leituðu til hollenskra dómstóla til að hnekkja þessum fyrirmælum. Visuðu þeir til skyldu kæranda sem blaðamanna og fjölmiðils til að vernda heimildarmenn sína, enda kynnu löggæslufyrirvöld að geta greint fingraför heimildarmanns þeirra á gögnunum. Hollenskir dómstólar féllust ekki á sjónarmið kæranda og staðfestu skyldu þeirra til að afhenda gögnin. Vísað var til þess að kærendum hefði ekki beinlínis verið gert að upplýsa hver heimildarmaður þeirra væri. Þá væri réttlætanlegt að vernd heimildarmanna blaðamanna væri takmörkuð til verndar ríkisleýndarmálum.

Í júní 2006 höfðuðu kærendurnir Haas og Mos mál gegn hollenskum yfirvöldum vegna gruns um að símar þeirra hefðu verið hleraðir og þeir væru undir eftirliti hollensku öryggislögreglunnar. Hollensk yfirvöld játuðu hvorki

né neituðu ásökunum kæranda. Hollenskir dómstólar töldu að enda þótt hinar meintu aðgerðir hefðu beinst að því að finna út hver heimildarmaður kæranda væri þá væri vernd heimildamanns ekki takmarkalaus. Ekki væri útilokað að öryggislögreglan mætti beita sérstökum rannsóknarheimildum sínum með þessum hætti.

Í nóvember 2006 komu kærendurnir Haas og Mos fyrir hollenskan dómstól sem vitni í sakamáli á hendur þremur sakborningum sem voru ákærðir fyrir að hafa lekið gögnum frá hollensku öryggislögreglunni. Kærandur neituðu að svara spurningum um það hver hefði látið þeim í té þau gögn sem þeir byggðu umfjöllun sína á. Í kjölfarið voru kærendur sviptir frelsi fyrir að neita að hlíta fyrir mælum dómstóls en látnir lausir nokkrum dögum síðar með vísan til þess að þeir nytu réttar til að láta ekki í té upplýsingar um heimildarmenn sína. Einn sakborninga í fyrrgreindu sakamáli var sakfelldur fyrir að hafa lekið gögnum öryggislögreglunnar. Fram kom að þau gögn sem kærendum var gert af láta af hendi voru rannsökuð en engin fingraför hefðu fundist á þeim.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur byggðu á því að brotið hefði verið gegn 8. gr. og 10. gr. sáttmálans með því að þeim var gert að láta af hendi tilteknar upplýsingar til lögreglu og einnig vegna þeirra rannsóknaraðgerða sem ríkisvaldið beitti gegn þeim. Allar framangreindar aðgerðir hefðu brotið gegn rétti kæranda til að vernda heimildarmenn sína.

Niðurstaða

Varðandi þær rannsóknaraðgerðir sem beitt hafði verið gegn kærendum taldi dómstóllinn að skoða yrði bæði hvort 8. og 10. gr. sáttmálans hefðu verið brotnar. Aðgerðunum hefði verið beitt til að komast hjá þeim trúnaði sem kærendur höfðu gagnvart heimildarmanni eða heimildarmönnum sínum.

Talið var að aðgerðirnar hefðu átt sér stoð í lögum og að kærendur hefðu getað mátt búast við að gripið yrði til einhverra aðgerða til að upplýsa hver braut lög með því að leka gögnum öryggislögreglunnar. Aftur á móti yrði að líta rannsóknaraðgerðir gegn blaðamönnum í lýðræðisþjóðfélagi alvarlegum augum. Í slíkum tilvikum væri nauðsynlegt að dómari eða sérstakt sjálfstætt stjórnvald hefði eftirlit með aðgerðunum. Enginn slíkur aðili hefði getað hindrað eða stöðvað hollensk yfirvöld í að framkvæma þær aðgerðir sem framkvæmdar hefðu verið gagnvart kærendum og var því talið að brotið hefði verið gegn 8. og 10. gr. sáttmálans. Samkvæmt hollenskum lögum hefði ekki verið nægilegt aðhald með þeim aðgerðum sem kærendur þurftu að þola og beindust að því að svipta hulunni af heimildarmanni eða heimildarmönnum þeirra.

Varðandi skyldu kæranda til að skila þeim gögnum sem lekið var frá hollensku öryggislögreglunni taldi dómstóllinn ljóst að réttindi kæranda hefðu verið skert og að það hefði verið gert með stoð í hollenskum lögum um meðferð

10. gr. Tjáningarfrelsi

sakamála. Markmið aðgerðanna hefðu verið lögmæt, þ.e. vernd öryggis ríkisins og að koma í veg fyrir að glæpir yrðu framdir. Dómstóllinn rakti mikilvægt hlutverk fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélögum og vernd heimildarmanna þeirra. Aðgerðir sem hindruðu fjölmiðla í að gegna þessu hlutverki fjölmiðla væru til þess fallnar að hafa hamlandi áhrif á tjáningarfrelsi í samfélaginu. Því þyrftu ríkir almannahagsmunir að koma til svo frelsi fjölmiðla að þessu leyti yrði takmarkað. Dómstóllinn taldi að leit yfirvalda að þeim aðila sem hefði lekið gögnum til kæranda hefði ekki réttlætt að kærendum yrði gert að skila gögnunum. Nægjanlegt hefði verið fyrir yfirvöld að greina efni þeirra gagna sem um var að ræða, enda hefði mátt bera þær upplýsingar saman við vitneskju þeirra um það hvaða einstaklingar hefðu haft aðgang að sömu upplýsingum. Þótt rétt hefði verið að yfirvöld gætu fullvissað sig um að öll þau gögn, sem lekið hefði verið, væru komin úr dreifingu hefðu þau ekki átt rétt á að fá að vita hver eða hverjir það hefðu verið sem hefðu lekið þeim til kæranda. Í öllu falli virtist ljóst að umrædd gögn hefðu fyrir löngu verið komin í hendur aðila sem grunaðir væru um glæpi. Loks var talið að yfirvöld hefðu haft rétt á að fá að sjá gögnin og að séð yrði til þess að þeim væri eytt. Ekki hefði verið ástæða til að gögnin sjálf væru afhent yfirvöldum. Var því talið að brotið hefði verið gegn 8. og 10. gr. sáttmálans.

Kærendum voru dæmdar 60 þúsund evrur í málskostnað. Tveir dómáramur skiluðu sameiginlega sératkvæði þar sem komist var að annarri niðurstöðu.

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Dordevic gegn Króatíu

Dómur frá 24. júlí 2012

Mál nr. 41526/10

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Areiti. Skortur á réttarúrræðum. Jákvæðar skyldur

Nada gegn Sviss

Dómur frá 12. september 2012 – Yfirdeild

Mál nr. 10593/08

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Grunur um hryðjuverkastarfsemi. Ályktun öryggisráðs SP. Skerðing á ferða-frelsi.

1. Málsatvik

Kærandi, Youssef Moustafa Nada, er ítalskur og egypskur ríkisborgari, fæddur 1931 og hefur verið búsettur síðan 1970 á landsvæðinu Campione

d'Italia sem er umlukt af Ticino-kantónu í Sviss og Lugano-vatni og aðskilið frá öðrum hlutum Ítalíu.

Þann 15. október 1999 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun 1267 (1999), um aðgerðir gegn liðsmönnum stjórnar talibana í Afganistan og setti á fót framkvæmdanefnd til að fylgja þeim eftir. Þann 2. október 2000 innleiddu svissnesk yfirvöld þvingunarráðstafanir samkvæmt ályktuninni með sérstakri reglugerð. Með ályktun 1333 (2000) víkkaði öryggisráðið þvingunaraðgerðirnar út og fól framkvæmdanefndinni að gera lista yfir einstaklinga og samtök tengd Osama bin Laden og al-Kaída. Var svissnesku reglugerðinni breytt til samræmis við þessar ályktanir ráðsins.

Þann 24. október 2001 hóf ríkissaksóknari Sviss rannsókn á kæranda vegna gruns um tengsl hans við hryðjuverkasamtök. Í nóvember 2001 var kæranda, ásamt nokkrum samtökum honum tengdum, bætt á lista framkvæmdanefndarinnar og í kjölfarið á skrá samkvæmt svissnesku reglugerðinni. Í janúar 2002 samþykkti öryggisráðið ályktun 1390 (2002) um ferðabann allra einstaklinga á skrá nefndarinnar. Var svissnesku reglugerðinni breytt til samræmis þannig að öllum sem voru skráðir á viðauka með henni, þar á meðal kæranda, var bannað að koma til Sviss eða hafa þar viðkomu.

Í nóvember 2002, þegar kærandi var staddur í London, var hann handtekinn og vísað aftur til Ítalíu. Í október 2003 afturkallaði Ticino-kantóna leyfi hans til að fara um landamæri og í nóvember tilkynnti svissneska útlendingastofnunin honum að honum væri ekki lengur heimilt að fara yfir landamærin til Sviss. Í mars 2004 bað kærandi stofnunina um komu- eða fararleyfi til að fara um landamærin vegna lækni meðferðar í Sviss og málareksturs í Sviss og á Ítalíu, en beiðninni var vísað frá sem illa grundaðri. Í maí 2005 komst ríkissaksóknari Sviss að þeirri niðurstöðu að grunsemdir um kæranda væru ekki á rökum reistar og lauk rannsókn á máli hans. Kærandi sendi beiðni til svissneskra stjórnvalda um að nafn hans og samtaka sem hann væri tengdur væri tekið af lista í viðauka við reglugerðina en fékk synjun, enda gæti Sviss ekki afmáð nöfn meðan þau væru enn á lista framkvæmdanefndar öryggisráðsins. Nada skaut þeirri ákvörðun til dómstóla í Sviss sem vísuðu málinu frá á þeim forsendum að aðildarríki Sameinuðu þjóðanna væru skuldbundin til að fallast á og framkvæma ákvarðanir öryggisráðsins.

Á fundi með lögmanni kæranda þann 22. febrúar 2008 gaf fulltrúi svissneska utanríkisráðuneytisins til kynna að kærandi gæti beið þ framkvæmdanefndina um undanþágu vegna einstaklingsbundinna aðstæðna sinna. Sviss gæti ekki sjálft farið fram á að kærandi yrði tekinn af skránni, en yrði reiðubúið til að styðja hann með vottorði um að fallið hefði verið frá sakamálinu gegn honum. Loks lagði fulltrúinn til að lögmaðurinn hefði samband við fastanefnd Ítalíu hjá SP.

Þann 5. júlí 2008 bað ítalska ríkið nefndina að taka kæranda af skránni, enda hefði málinu gegn honum í Sviss verið vísað frá. Beiðninni var hafnað. Í ágúst 2009 nýtti kærandi heimild í ályktun öryggisráðsins nr. 1730 (2006) til að

leggja fram beiðni um að nafn hans yrði tekið af skrá framkvæmdanefndarinnar. Var nafn hans loks afmáð úr skránni 23. september 2009 og úr svissnesku reglugerðinni 29. september 2009.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að ferðabannið hefði brotið gegn réttindum hans samkvæmt 8. gr. enda hefði það skert rétt hans einkalífs, atvinnu og fjölskyldu. Birting nafns hans á lista sem fylgdi reglugerðinni hefði skaðað æru hans og mannorð. Þá hefði verið brotið gegn réttindum hans samkvæmt 13. gr. þar sem svissnesk yfirvöld hefðu ekki getað veitt honum neitt raunhæft réttarúrræði til að leita lausnar á vandræðum hans. Einnig hefði verið brotið gegn 1. mgr. 5. gr. þar sem hann hefði verið sviptur frelsi. Loks hélt hann því fram að brotið hefði verið gegn 4. mgr. 5. gr. með því að honum var ekki tryggður réttur til að fá endurskoðað lögmati ákvörðunar um að skerða ferðafrelsi hans.

Niðurstaða

Um 8. gr.: Dómstóllinn minnti á að sáttmálinn tryggði útlandingum ekki komurétt til tiltekins lands. Hins vegar hefði svissneski dómstóllinn talið hina umdeildu ráðstöfun skerða frelsi kæranda verulega. Tók dómstóllinn undir það. Að meina kæranda að komast þaðan í minnst sex ár hefði torvelað honum að hafa samneyti við fólk utan svæðisins. Með því hefði verið gengið á rétt kæranda til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.

Hömlurnar hefðu miðað að því að koma í veg fyrir glæpi og tengst baráttunni gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Þær hefðu verið til þess fallnar að stuðla að þjóðaröryggi og almannaheillum. Við mat á nauðsyn þeirra liti dómstóllinn til þess að hryðjuverkaógnin hefði verið sérlega alvarleg þegar aðgerðirnar voru samþykktar. Engu að síður hefði þurft að réttlæta framhald með sannfærandi rökum. Niðurstaða rannsókna svissneskra og ítalskra yfirvalda var að grunurinn gagnvart kæranda hefði verið staðlaus. Undraðist dómstóllinn að svissnesk yfirvöld hefðu ekki fyrr en í september 2009 upplýst framkvæmdanefndina um niðurstöður rannsóknar sem lauk í maí 2005. Dómstóllinn benti einnig á að kærandi væri aldraður og stríddi við heilsubrest. Ekki væri að sjá að svissnesk yfirvöld boðið fram nokkra aðstoð við að biðja framkvæmdanefndina um víðtækari undanþágu í ljósi aðstæðna kæranda.

Fyrir lá að nafni kæranda hafði verið bætt á skrá SP að frumkvæði Bandaríkjanna, en ekki Sviss. Ekki hefði verið í verkahring Sviss að setja sig í samband við nefndina, enda ætti kærandi hvorki svissneskt ríkisfang né væri þar búsettur. Svissnesk yfirvöld hefðu hins vegar hvorki hvatt Ítalíu til þessa né boðið fram aðstoð sína, heldur hefðu þau látið við það sitja að hvetja kæranda til að hafa samband við fastanefnd Ítalíu hjá SP.

Loks taldi dómstóllinn svissnesk yfirvöld ekki hafa tekið nægilegt tillit til

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

staðreynda málsins, sér í lagi staðsetningar kæranda og tímalengdar ráðstafana auk ríkisfangs, aldurs og heilsu kæranda. Sviss hefði haft svigrúm til að ákveða hvernig ályktanir öryggisráðsins væru teknar upp í réttarskipan landsins og hefði getað farið vægar í sakirnar gagnvart kæranda. Gæti ríkið ekki einfaldlega borið fyrir sig bindandi eðli ályktana öryggisráðs, heldur hefði átt að gera allt það sem svigrúm þess bauð til að aðlaga þvinganirnar tilviki kæranda. Sviss hefði ekki samstillt þær þjóðréttarskuldbindingar sem virtust rekast á og hefði því brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Um 13. gr.: Dómstóllinn tók fram að kærandi hefði getað beðið svissnesk yfirvöld að taka sig af skránni með talíbanareglugerðinni, en dómstólar hefðu ekki talið sig bera til að aflétta þvingunum. Kærandi hefði þannig ekki átt raunhæfa leið til að fá nafn sitt afmáð og því ekkert úrræði gegn réttinda-skerðingunni. Taldi því dómstóllinn brotið gegn 13. gr. ásamt 8. gr. sáttmálans.

Um 5. gr.: Dómstóllinn féllst á að kærandi hefði sætt hömlum um langt skeið, en taldi þær ekki hafa hindrað hann í að búa og fara frjáls um svæðið þar sem hann átti varanlega búsetu, en það hefði hann kosið sér af fúsum og frjálsum vilja. Kærandi hefði hvorki verið í haldi né í formlegu stofufangelsi, en einungis sætt komu- og umferðarbanni um tiltekið svæði. Svissnesk yfirvöld hefðu hvorki fylgst með honum né gert honum að hafa reglulega samband við lögreglu. Ekki virtist hann heldur hafa sætt hömlum á frelsi sínu til að taka á móti gestum. Loks hefði hann getað sótt um undanþágur frá komu- og umferðarbanninu. Tvær slíkar undanþágur hefðu verið veittar en hann ekki nýtt sér þær. Staðfesti því dómstóllinn þá niðurstöðu svissneskra dómstóla að kærandi hefði ekki verið „sviptur frelsi“ í skilningi 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Kæranda voru á grundvelli 41. gr. sáttmálans dæmdar 30.000 evrur í málskostnað og annan útlagðan kostnað.

Sjö dómarar af sautján skiluðu sératkvæðum þar sem fallist var á niður-stöðu meirihlutans.

El-Masri gegn fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu - Yfirdeild

Dómur frá 13. desember 2012

Mál nr. 39630/09

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Grunur um hryðjuverkastarfsemi. Ólöglegur fangaflutningur. Pyndingar. Réttur til að vera leiddur fyrir dómara. Aðgerðir erlends ríkis á yfirráðasvæði aðildarríkis.

14. gr. Bann við mismunun

Ásatrúarfélagið gegn Íslandi

Ákvörðun um meðferðarhæfi frá 18. september 2012

Mál nr. 22897/08

Sjá reifun dómsins undir 9. gr.

Réttindi og skyldur trúfélaga. Lögboðin fjárframlög til þjóðkirkju. Skattlagning.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Ásatrúarfélagið gegn Íslandi

Ákvörðun um meðferðarhæfi frá 18. september 2012

Mál nr. 22897/08

Sjá reifun dómsins undir 9. gr.

Réttindi og skyldur trúfélaga. Lögboðin fjárframlög til þjóðkirkju. Skattlagning.

2. gr. 4. viðauka. Ferðafrelsi

Stamose gegn Búlgaríu

Dómur frá 27. nóvember 2012

Mál nr. 29713/05

2. gr. 4. viðauka. Ferðafrelsi

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Ferðabann. Viðurlög við broti á löggjöf annars ríkis. Meðalhöf.

1. Málsatvik

Kærandi, Teodor Vasilious Stamose, er búlgarskur ríkisborgari. Hann fæddist árið 1974 og býr í borginni Sheffield í Bretlandi en þangað fluttist hann árið 2010. Árið 1998 skráði kærandi sig í háskólanám í Bandaríkjunum og ferðaðist þangað með vegabréfsáritun sem nemandi. Hann hætti síðan námi og hóf að starfa á almennum vinnumarkaði. Í janúar árið 2000 hófu bandarísk yfirvöld rannsókn á því hvort kærandi hefði brotið gegn skilmálum vegabréfsáritunar sinnar. Honum var vísað úr landi í október árið 2003. Í millitíðinni hafði móðir kæranda gíft bandarískum ríkisborgara og flust til Bandaríkjanna þar sem hún fékk síðar bandarískan ríkisborgararétt. Bróðir kæranda fluttist einnig til Bandaríkjanna.

Í kjölfar þess að kæranda var vísað frá Bandaríkjunum ákváðu búlgörska landamærayfirvöld að setja kæranda í tveggja ára ferðabann og var vegabréf hans gert upptækt. Ákvörðunin var tekin vegna brota kæranda á bandarískri

útlendingalöggjöf. Kærandi reyndi að fá ákvörðuninni hnekkð fyrir búlgörskum dómstólum en án árangurs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn 2. gr. 4. viðauka sáttmálans þar sem óréttlæt看legt hefði verið að setja hann í tveggja ára ferðabann en jafnframt hefði meðalhófs ekki verið gætt. Þá væri brotið gegn 8. gr. þar sem bannið hefði komið í veg fyrir að hann gæti hitt fjölskyldu sína í Bandaríkjunum. Loks hefði meðferð búlgarskra dómstóla ekki verið raunhæft réttarúrræði og því brotið gegn 13. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að ferðafrelsi kæranda hefði verið skert með ákvörðun búlgarskra landamærayfirvalda en ákvörðunin hefði átt stoð í búlgörskum lögum. Ráða mætti að markmið laganna væri að fæla búlgarska ríkisborgara frá því að brjóta gegn útlendingalögum annarra ríkja, og þar með reyna að draga úr líkum á að þau ríki settu upp almennar takmarkanir gegn ferðum búlgarskra ríkisborgara. Dómstóllinn taldi ekki ástæðu til að fjalla um það álitaefni hvort lögin miðuðu að vernd allsherjarreglu og þar með að lögmætu markmiði, þar sem ljóst væri að takmörkunin hefði ekki verið nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi.

Dómstóllinn benti á að ferðabannið, sem málið varðaði, var ekki sérstaklega langt, en mestu skipti að kæranda var sjálfkrafa gert að sæta slíku banni í kjölfar þess að honum var vísað frá Bandaríkjunum. Dómstóllinn taldi að slík skilyrðislaus regla gæti ekki samræmst meðalhófi. Eðlilegt væri að ríki vísuðu útlendingum, sem dveldu ólöglega innan lögsögu sinnar, úr landi, en harðneskjulegt væri að refsa manni einnig af hálfu heimaríkis, þótt það ríki yrði ekki fyrir beinum áhrifum af brotinu. Auk þessa hefðu yfirvöld ekki rökstutt ákvörðun sína og virtust ekki telja ástæðu til að skoða aðstæður í hverju og einu tilviki. Virtist þetta eiga bæði við um málsmeðferð á stjórnsýslustigi og hjá dómstólum. Ekki virtist hafa verið litið til þátta eins og þess hvort brot kæranda, sem leiddi til brottvísunar hans frá Bandaríkjunum, hefði verið alvarlegt, hvort hætta væri á að hann bryti aftur af sér, fjölskylduaðstæðna hans, fjárhags eða persónulegra aðstæðna. Dómstóllinn benti á að hann hefði áður talið að almennar og sjálfvirkar takmarkanir eins og þessar brytu gegn 2. gr. 4. viðauka sáttmálans.

Í mjög aðkallandi aðstæðum kynni aðildarríki að vera heimilt að neita borgara sínum um að ferðast úr landi. Sjálfvirk beiting slíks úrræðis, án nokkurs tillits til aðstæðna í hverju og einu tilviki, gæti aftur á móti ekki talist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Var því talið að brotið hefði verið gegn 2. gr. 4. viðauka sáttmálans. Dómstóllinn taldi í ljósi þessarar niðurstöðu ekki nauðsynlegt að fjalla einnig um það hvort brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans. Aftur á

móti taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 13. gr. sáttmálans þar sem búlgarskir dómstólar hefðu í raun ekki tekið hina umdeildu ákvörðun stjórnvalda til endurskoðunar.